**allt**

LINDA JÓNSDÓTTIR

*Allir í líkamsrækt í janúar*

áramót heilsa heimili

Í MIÐJU BLAÐSINS



PLÖTUR ÁRSINS

*Sigur Rós og Sufjan Stevens standa upp úr*

Tónlistarárið gert upp

TÓNLIST 48









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. desember 2005 — 350. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Kung fu-hátíð



Quentin Tarantino býður uppá þriggja mynda kung fu-hátíð í Háskólabíói. Röð myndanna skiptir öllu máli en verður ekki tilkynnt fyrr en hann kemur til landsins.

FÓLK 62

### Leggjum Norðurlandaráð niður

Það stendur ekki upp á Svía að halda lífi í Norðurlandaráði bara vegna þess að Ísland og Noregur hræðast ESB, segja tveir þingmenn sænska Þjóðarflokksins.

UMRÆÐAN 34

### Tekur við starfi fjárfestingastjóra KEA

Húmor, sprell og léttleiki er aldrei langt undan þegar Bjarni Hafþór Helgason er annars vegar.

TÍMAMÓT 58

### Sökina á Göppingen



Landsliðsmaðurinn Jaliesky Garcia segir að forráðamenn Göppingen hafi átt að láta kollega sína hjá HSÍ vita af aðgerðinni sem hann fór í á fimmtudaginn. Garcia ætlar sér að vera með á EM.

ÍÞRÓTTIR 54

### VEÐRIÐ Í DAG




**VONSKUVEÐUR VÍÐA UM** land með mikilli rigningu sunnan og vestan til. Víða mjög vindasamt. Lægir á vestanverðu landinu síðdegis. Hiti 5-10 stig, hjýjast norðaustan til.

VEÐUR 4






# Hörð átök um forystusæti

**Óskar Bergsson hefur tilkynnt framboð í efsta sæti lista Framsóknarflokksins í Reykjavík. Hann kennir óvinsældum flokksforystunnar í ríkisstjórn um lítið fylgi flokksins í höfuðborginni og telur framboð aðstoðarmanns forsætisráðherra í efsta sætið geta spillt fyrir Framsóknarflokknum í borginni.**

**STJÓRNMÁL** „Ég hef orðið þess áskynja að almennum flokksmönnum hafi ekki líkað alls kostar vel skilaboð flokksforystunnar með framboði Björns Inga Hrafnssonar í efsta sæti listans," segir Óskar Bergsson, sem ákveðið hefur að bjóða sig fram í fyrsta sæti framboðslista Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.

Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi býður sig einnig fram í fyrsta sæti listans og takast því þrír á um efsta sæti listans. Frestur til að tilkynna framboð í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík rennur út 29. desember, en prófkjör á vegum flokksins verður í lok janúar. Kosið er um sex efstu sætin.



**ÓSKAR BERGSSON** Segir það þrautina þyngri að ná upp fylgi flokksins í höfuðborginni og þurfa um leið að svara fyrir umdeild mál forsætisráðherrans.

Auk Óskars, Björns Inga og Önnu hafa Marsibil Sæmundsdóttir og Gestur Guðjónsson boðið sig fram í annað og þriðja sæti listans.

Óskar telur hætt við því að andstaða flokksmanna við formanninn verði Birni Inga fjötur um fót í prófkjöri í höfuðborginni. „Það getur reynst þrautin þyngri að ná upp fylgi flokksins í höfuðborginni og þurfa um leið að svara fyrir umdeild mál forsætisráðherrans eða ríkisstjórnar hans. Það er ekki eftir neinu að bíða með að bjóða grasrót flokksins í höfuðborginni upp á annan valkost í prófkjörinu en forysta flokksins leggur til. Grasrótin í flokknum vill fá að ákveða þetta sjálf, en með framboði Björns Inga er verið að reyna að segja henni hvað hún eigi að velja. Ég hef verið hvattur af flokksmönnum í borginni til að fara fram. Þeir telja mig hafa reynslu og þekkingu á málaflokknum."

Óskar segir málefnastöðu Framsóknarflokksins í höfuðborginni góða. „Ég ætla að beita mér fyrir nægu framboði á lóðum og að umhverfissjónarmið verði látin ráða nokkru um uppbygginguna. Ég vil draga allt nám skólabarna inn í einsetna skóla og miða að því að vinnudegi þeirra ljúki á sama tíma og foreldranna. Það er líka tímabært að einsetja öldrunarheimili borgarinnar." Óskar leggur einnig áherslu á almenningssamgöngur og úrbætur í umferðarmálum til og frá borginni.

johannh@frettabladid.is



**ENN Í TJALDI** Hálf milljón manna í Aceh-héraði á eynni Súmötru í Indónesíu býr enn í tjöldum þegar ár er liðið síðan flóðbylgjan lagði höfuðborg héraðsins í rúst. Fólkið fékk nýlega ný tjöld því þau gömlu voru morkin. Hvergi létust fleiri í flóðbylgjunni en á Súmötru. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ár liðið frá því að flóðbylgjan mikla reið yfir strandir Indlandshafs:

# Himnarnir gráta með okkur

**FLÓÐBYLGJA** Í gær var þess minnst víða um heim að ár var liðið frá því að á þriðja hundrað þúsund manns fórst í jarðskjálfta og flóðbylgju við Indlandshaf. Umfangsmestu neyðaraðstoð sögunnar var hrundið af stað í kjölfarið en enn búa flestir þeirra sem misstu heimili sín í tjöldum.

Um átta hundruð Norðurlandabúar, flestir þeirra Svíar, voru á meðal þeirra sem dóu og var þeirra minnst í heimalöndum sínum og í Taílandi í gær.

Á Khao Lak-ströndinni í Taílandi báðu hundruð Svía saman og létu svo blóm fljóta út á hafið. Skömmu áður en guðsþjónustan hófst gerði steypiregn og sagði sænski biskupinn við það tækifæri: „Jafnvel himnarnir gráta með okkur í dag."



**MINNINGARSTUND** Svíar, Norðmenn, Finnar og Danir minntust þeirra sem fórust í flóðbylgjunni í Indlandshafi á Khao Lak-ströndinni í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lítið barn var skírt á ströndinni til minningar um tveggja ára bróður sinn sem fórst í flóðinu. Móðir hans var þá gengin þrjá mánuði á leið.

Sænsku konungshjónin og Viktoría krónprinsessa sóttu guðsþjónustuna á Skansinum í Stokkhólmi og kveiktu á kertum til að minnast þeirra sem fórust. Athygli vakti að Laila Freivalds utanríkisráðherra sótti ekki minningarstundina en hún hefur sætt gagnrýni fyrir að hafa ekki brugðist nógu hratt við þegar hörmungarnar dundu yfir.

Um hundrað Norðmenn söfnuðust saman á ströndinni í Khao Lak skömmu eftir hádegi í gærmorgun til að minnast þeirra sem létust og fóru svo til minningarhádegisverðar saman þar skammt frá.

- ghs/ sjá síður 4 og 28

Slysadeild Landspítalans:

## Jólin í rólegri kantinum

**JÓL** „Jólin hafa verið fremur róleg hér hjá okkur," sagði Ófeigur Þorgeirsson, læknir á slysadeild Landspítalans í Fossvogi, í gærkvöld.

Ófeigur segir enga eina tegund slysa hafa verið meira áberandi en aðra um hátíðarnar. Heimilisofbeldi eða annað slíkt hafi heldur ekki verið meira áberandi um þessi jól en önnur.

„Þetta voru eðlileg og róleg jól. Það er reyndar allur gangur á þessu en þau hafa verið í rólegri kantinum hjá okkur í ár," segir Ófeigur að lokum.

- sha



**LEIKVANGURINN** Engin merki voru í gær um að leikvangurinn í Graz hefði verið nefndur eftir Schwarzenegger. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Arnold Schwarzenegger:

## Nafn kappans fjarlægt af velli

**VÍN, AP** Nafn Arnolds Schwarzeneggers var á aðfaranótt mánudags fjarlægt af knattspyrnuleikvangi heimabæjar hans, Graz í Austurríki, en völlurinn hafði verið nefndur eftir honum í heiðursskyni.

Yfirvöld í Graz gagnrýndu nýverið ákvörðun Schwarzeneggers að náða ekki fyrrum klíkuforingjann Stanley „Tookie" Williams sem tekinn var af lífi í Kaliforníu hinn 13. þessa mánaðar.

Schwarzenegger brást ókvæða við gagnrýninni og fór fram á að nafn hans yrði fjarlægt af leikvanginum. ■



## SPURNING DAGSINS

*Baltasar, ertu kominn heim frá himnaríki?*

„Nei, litla ferðin er rétt að hefjast.“

Baltasar Kormákur, leikstjóri og kvikmyndagerðarmaður, frumsýndi í gær nýjustu kvikmynd sína, A Little Trip to Heaven.

Tveir íslenskir ferðalangar héldu jólin hátíðleg í Kína:

# Léku íslenska jólasveina og gáfu gjafir

**FERÐALÖG** Jón Bjarki Magnússon og Sigurður Eyþórsson eru tveir ungir ferðalangar sem eyddu jólunum í Kína. Á aðfangadag fengu þeir ellefu aðra ferðalanga með sér til þess að leika íslensku jólasveinana þrettán og gefa gjafir í kínversku þorpi. „Við vildu gera eitthvað spennandi um jólin, reyna að upplifa hinn sanna jólaanda þrátt fyrir að vera svo langt frá okkar heimahögum,“ útskýrir Jón Bjarki.

„Við gengum um borgina sem við vorum í, Zhengzhou, vorum dregnir upp á svið í miðborginni. Við stigum léttan dans og fólkið fílaði vel jólasveinana þrettán sem komu alla leið frá Íslandi til að gleðja kínversk börn.“



**JÓN BJARKI OG SIGURÐUR** Skemmtu heimamönnum í Zhengzhou og gáfu kínverskum börnum gjafir ásamt ellefu öðrum erlendum ferðamönnum.

Hópurinn fór því næst í Shaolin-bæinn Deng Feng og gaf þar börnum ýmsar gjafir. Strákarnir leiddu síðan söngvadansa með börnunum rétt eins og hinir einu sönnu íslensku jólasveinar gera með íslenskum börnunum. „Börnin skemmtu sér konunglega og við skemmtum okkur konunglega. Sumir af sveinkunum gáfu svo búningana sína til barnanna og þau voru gríðaránægð með að fá að vera jólasveinar á aðfangadag jóla,“ segja strákarnir gleðbeittir að lokum, ánægðir með öðruvísi aðfangadag. **- sha**

Leikskólakennarar boða fund:

## Fleiri íhuga að segja upp

**LEIKSKÓLAKENNARAR** Fyrirhugaður er fundur formanns og varaformanns Félags leikskólakennara með borgarstjóra milli jóla og nýárs en þau hafa verið í viðræðum frá því fyrir jól. Miklar vonir eru bundnar við þennan fund.



**ANNA KRISTÍN SIGURBJÖRNSDÓTTIR** „Við sættum okkur ekki við þetta lengur,“ segir Anna Kristín Sigurbjörnsdóttir, leikskólakennari á Klettaborg.

Minnst sex leikskólakennarar ætla að segja upp störfum hjá Reykjavíkurborg milli jóla og nýárs og heyrst hefur að uppsagnirnar verði líklega mun fleiri. Anna Kristín Sigurbjörnsdóttir, leikskólakennari á Klettaborg, segir að þetta séu sérstaklega leikskólakennarar í Grafarvogi og Grafarholti. „Við sættum okkur ekki við þetta lengur,“ segir hún.

Trúnaðarmenn leikskólakennara í sveitarfélögunum í kringum Reykjavík ætla að hittast á fimmtudag. **- ghs**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Skattsvik talin nema hálfum milljarði

**Erlendir starfsmenn tapa minnst einum milljarði á ólöglegri starfsemi fyrirtækja, samkvæmt óformlegri samantekt sem ASÍ hefur látið gera. Samkeppnisfyrirtæki tapa verkefnum, launafólk tapar framfærslu, sveitarfélög tapa útsvari og ríkið tapar tekjusköttum.**

**VINNUMARKAÐUR** Erlendir starfsmenn, sem tengjast þjónustusamningum eða starfsmannaleigum í byggingariðnaði, tapa samtals að minnsta kosti um einum milljarði króna í laun og launatengd gjöld á einu ári ef gert er ráð fyrir að 500 starfsmenn tengist þessari starfsemi á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt áætlun ASÍ. Ríki og sveitarfélög verða af tæplega hálfum milljarði í skatttekjur og útsvar.

Alþýðusamband Íslands hefur gert óformlega könnun á félagslegum undirboðum fyrirtækja og komist að þeirri niðurstöðu að þeim hafi fjölgað hratt frá 2003. Atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara sé mikil hér á landi og atvinnuleysið lítið. Þeir leggi því drjúgan skerf til samfélagsins en þó minna en þeir gætu vegna þess að sum fyrirtæki standi ólöglega að málum.

Koma erlendra starfsmanna inn í íslenskt atvinnulíf hefur valdið nokkurri spennu því að atvinnurekendur líta gjarnan svo á að þeir geti sparað launakostnað ef þeir hafi óhindraðan aðgang að vinnuafli hvar sem það sé að finna. Verkalýðsfélögin hafi hins vegar viljað skýrar reglur til að koma í veg fyrir að atvinnurekendur ráði erlent launafólk til sín á kjörum sem standist ekki kjarasamninga.



**STARFSMENN VIÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN** ASÍ skoðaði kjör starfsmanna frá austurhluta Þýskalands sem unnu við virkjunina á þjónustusamningi. Myndin er af framkvæmdum við virkjunina.



**Á BYGGINGASVÆÐI** Sex Pólverjar höfðu aðeins fengið hluta af launum sínum fyrir október, nóvember og desember. Þeir leituðu til verkalýðshreyfingarinnar fyrir jól og fengu peninga til að senda heim og geta haldið jól hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fréttablaðið hefur sagt frá því að gert sé ráð fyrir að hundruð og jafnvel hátt í eitt þúsund erlendir ríkisborgarar séu flæktir í ólöglega starfsemi byggingaverktaka á höfuðborgarsvæðinu, þeir hafi verið ráðnir án tilskilinna leyfa eða á svig við gildandi reglur. Tímakaup þessara manna er 400 til 800 krónur á tímann en ætti að vera minnst 900 krónur samkvæmt lágmarksákvæðum kjarasamninga og 1.400 til 1.600 krónur á tímann samkvæmt markaðslaunum. Þá hafa þeir gjarnan verið hýrudregnir um ýmis launatengd gjöld og ekki greiddir skattar.

Í samantekt ASÍ kemur fram að fyrirtækin geti augljóslega sparað sér verulegar fjárhæðir. Kostnaðurinn fyrir alla aðra sé hins vegar verulegur. Samkeppnisfyrirtæki tapi verkefnum, launafólk tapi framfærslu, sveitarfélög tapi útsvari og ríkið tapi tekjusköttum.

Gestur Steinþórsson, skattstjóri í Reykjavík, segir að þessar tölur komi sér á óvart. Hann hefði haldið að íslensk fyrirtæki stæðu sig betur í stykkinu. Tölurnar komu líka Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra á óvart. Hún sagði að enginn hefði áttað sig á umfangi skattsvika vegna erlendra starfsmanna. Yfirvöld hefðu verið sofandi gagnvart skattsvikum.

**ghs@frettabladid.is**



**FRÁ PÉTURSTORGINU** Mikil úrkoma var víða við Miðjarðarhaf á jóladag en þrátt fyrir það komu þúsundir pílagríma að hlusta á páfa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jólaávarp Benedikts páfa XVI:

## Hvatti til einingar mannkyns

**JÓL** Fórnarlömb náttúruhamfara og hryðjuverkaárása voru ofarlega í huga þeirra sem fögnuðu jólum víða um heim í fyrradag.

Þrátt fyrir ausandi rigningu komu tugþúsundir saman á torginu fyrir framan Fæðingarkirkjuna í Betlehem á jóladag en þar er Jesús Kristur talinn hafa fæðst fyrir um tveimur þúsöldum. Fólkið var glatt í sinni enda friðvænlegra á þessum slóðum nú en mörg undanfarin ár eftir að vopnahléi var komið á á milli Palestínumanna og Ísraela. Engu að síður minnti aðskilnaðarmúr Ísraela viðstadda á að friðurinn væri dýru verði keyptur.

Úr Páfagarði flutti Benedikt páfi XVI sitt fyrsta jólaávarp af svölum Péturskirkjunnar. Rétt eins og fyrirrennari sinn, Jóhannes Páll II, ræddi páfi um stríð og frið í heiminum. „Sameinað mannkyn getur tekist á við ógnir vorra tíma, allt frá hryðjuverkavá til þeirrar niðurlægjandi fátæktar sem milljónir búa við.“ **- shg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þjófarnir flúðu af vettvangi** Reynt var að brjótast inn í Tölvuþjónustuna á Akranesi klukkan hálf átta á aðfangadagskvöld. Þjófavarnakerfið fór í gang þegar rúða var brotin og þjófurinn yfirgaf svæðið án þess að taka neitt.

**Bíll út af við Blönduós** Bíll keyrði út af við bæinn Fremstagil í Langadal um tíuleytið í gærmorgun. Lögreglan á Blönduósi aðstoðaði við að draga bílinn upp en mikill éljagangur var á svæðinu. Hvorki urðu meiðsli né tjón af völdum óhappsins.




Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, um forsætisráðherra og kjaradóm:

# Veit ekki til þess að þing verði kallað saman

**KJARADÓMUR** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur kallað forsvarsmenn aðila vinnumarkaðarins á fund í dag klukkan 14 til að ræða úrskurð kjaradóms frá því fyrir jólin þar sem stjórnmálamenn og helstu embættismenn fengu mun meiri launahækkun en gerist á almennum vinnumarkaði.

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi sendu forsætisráðherra bréf fyrir jól þar sem þeir óskuðu formlega eftir því að þing yrði kallað saman á milli jóla og nýárs.

Þingi var frestað í byrjun desember og á þing ekki að koma saman aftur fyrr en 17. janúar nema forsætisráðherra gefi út forsetabréf og kalli þingið saman.

„Málið er í höndum forsætisráðherra, hann yrði að beita sér fyrir því að gefa út nýtt forsetabréf til að þing yrði kallað saman. Ég hef ekki heyrt að neitt slíkt standi til,“ sagði Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis.

Ekki náðist í Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í gær. **- ghs**



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR** „Málið er í höndum forsætisráðherra,“ sagði Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


ÁRAMÓTA-
BOMBA!
40% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 5.990,-
3.490,-
„SARA" GLERSKÁPUR
Glæsilegur glerskápur fyrir spari-stellið. St. 37x156x35 sm.
MINNA EN 1/2 VIRÐI
SÆNGUR ÁÐUR 1.990,-
690,-
SÆNGUR Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI
Mikið úrval af góðum sængum á frábæru verði. Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu góð kaup!
20% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 4.990,-
3.990,-
„MAMMUT" KULDAGALLI
Glæsilegir, loðfóðraðir kuldagallar. Fást í nokkrum stærðum. Litur dökk-blátt. Með mörgum vösum ásamt fráhneppanlegri hettu.
56% AFSLÁTTUR
HILLA ÁÐUR 2.990,-
1.290,-
„EVEREST" HILLUR
Flottar hillur sem fást í kirsuberjalit eða brúnu. Veldu háa eða lága, sama verð!
FERÐATÖSKU-SETT
Þrjár góðar og vand-aðar ferðatöskur saman í einu setti.
3 TÖSKUR
3.990,-
50% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 1.990,-
990,-
„ORGINAL THERMO" TREFJAKODDI
Góður koddi, fylltur með sílikonhúðuðum polyesterhol-trefjum. Stærð 50x70 sm.
„VALENS" SKRIF-BORÐSSTÓLL
Léttur og þægilegur stóll með gaspumpu. Bönd í setu og baki.
50% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 3.990,-
1.990,-
30% AFSLÁTTUR
ÁÐUR 990,-
690,-
„BRITANY" SÆNGURVERASETT
Fallegt, röndótt sængurverasett á frábæru verði. Stærð 140x200 sm og koddi 50x70 sm.
50% AFSLÁTTUR
3 STK. ÁÐUR 590,-
299,-
HERRANÆRBUXUR
Þrjár góðar herranærbuxur úr 100% bómull saman í pakka. Frábært verð!
„KATARINA" GARDÍNUR
Mjög fallegir, tilbúnir gardínuvængir úr 100% polyester efni. Stærð er 110x240 sm. 2 vængir saman í pk.
33% AFSLÁTTUR
2 STK. ÁÐUR 1.490,-
990,-
50% AFSLÁTTUR
TAUKARFA
Flott karfa undir óhreina tauið. Frábært verð!
ÁÐUR 199,-
99,-
70% AFSLÁTTUR
BAÐSKÁPUR
Fínn glerskápur með sandblásnu gleri. St. 30x30x14,5 sm.
ÁÐUR 2.490,-
690,-
KERTI
Falleg kerti sem fást í hvítu. 4 saman í pakka, Keyptu einn pakka og fáðu fjóra! Holl-ensk gæði!
75% AFSLÁTTUR
4 PAKKAR AÐEINS:
99,-
ÚTIKERTI
Vönduð og góð úti-kerti í áldósum. Fást einnig stór, verð 189,-
2 STK.
95,-
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
KERTI Á LEIÐI
4 mismunandi stærðir fáanlegar.
VERÐ FRÁ:
69,-

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 23.12.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,49 | 63,79 |
| Sterlingspund | 110,26 | 110,8 |
| Evra | 75,36 | 75,78 |
| Dönsk króna | 10,101 | 10,161 |
| Norsk króna | 9,356 | 9,412 |
| Sænsk króna | 7,974 | 8,02 |
| Japanskt jen | 0,5444 | 0,5476 |
| SDR | 90,98 | 91,52 |

*Gengisvísitala krónunnar*
106,0225

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðræður um handtökur stríðsglæpamanna:

# Mladic íhugar að gefa sig fram

**SERBÍA-SVARTFJALLALAND, AP** Ratko Mladic, fyrrverandi hershöfðingi Bosníu-Serba, er sagður hugleiða að gefa sig fram við serbnesk yfirvöld svo hægt verði að rétta yfir honum vegna stríðsglæpa sem hann er sagður bera ábyrgð á.

Marko Nicovic, fyrrverandi lögreglustjóri í Belgrad, sagði á jóladag í samtali við svartfellsku fréttastofuna Mina að Mladic stæði í samningaviðræðum við stjórnvöld í Serbíu um að gefa sig fram gegn því að fjölskylda hans og stuðningsmenn sem aðstoðað hafa hann á flóttanum síðustu ár nytu friðhelgi og hlytu jafnvel fjárhagsaðstoð.

Nicovic sagðist halda að Mladic íhugaði uppgjöf svo að komist yrði hjá blóðugum átökum sem óhjákvæmilega yrðu við handtöku hans.

Mjög hefur verið þrýst á ríkisstjórn Serbíu að finna og framselja Mladic og félaga hans Radovan Karadzic, sem var leiðtogi Bosníu-Serba á sínum tíma. Stríðsglæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna í Haag hefur ákært og lýst eftir tvímenningunum fyrir glæpi gegn mannkyni meðan Bosníustríðið geisaði á árunum 1992-95 og því hefur þeirra verið leitað undanfarin ár. Serbnesk yfirvöld hafa ævinlega haldið því fram að þau viti ekkert um Mladic og séu ekki í neinu sambandi við hann.

**- shg**



**RATKO MLADIC** Hershöfðinginn stýrði her Bosníu-Serba sem talinn er hafa unnið mörg grimmdarverk í Bosníustríðinu á árunum 1992-95. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Matarkarfan í Noregi:

# Kostar tveggja stunda vinnu

**NOREGUR** Norskir launþegar þurfa ekki að vinna lengi til að vinna sér inn fyrir matarkörfu með átján vörutegundum þótt matvöruverð sé næstum jafnhátt í Noregi og á Íslandi. Þeir eru í fimmta sæti yfir þær Evrópuþjóðir sem eru hvað fljótastar að vinna fyrir matarkörfu með mjólk, kaffi, osti og sykri svo fátt eitt sé nefnt.

Vefútgáfa Aftenposten segir Norðmenn þurfa að vinna í tvær klukkustundir og tvær mínútur fyrir matarkörfunni meðan Þjóðverjar vinni einn og hálfan tíma og Danir tæpa tvo tíma. Svíar vinni hins vegar í tvær stundir og átta mínútur og Finnar sextán mínútum betur. ■

Verslun í Pétursborg:

# Tugir veiktust af völdum gass

**PÉTURSBORG, AP** Yfir sjötíu manns veiktust í Pétursborg í gær, þó enginn lífshættulega, eftir að hafa andað að sér hættulegu gasi.

Gasið slapp úr glerílátum sem komið hafði verið fyrir í kassa í verslun þar í borg. Sams konar kassar fundust í þremur öðrum verslunum sömu verslanakeðju en ollu ekki skaða.

Glerílátin voru tengd við víra og klukku og yfirmönnum keðjunnar höfðu nýlega borist hótunarbréf. Lögreglu grunar að málið tengist harðvítugum samkeppnisdeilum eða fjárkúgunum. ■



**Á BRÁÐAMÓTTÖKUNNI** Talið er að óprúttnir menn hafi komið eiturgasinu fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## ÁRAMÓTAVEÐUR

**Gæti rignt á gamlárskvöld** Enn er óvíst um veður á gamlárskvöld að sögn Ásdísar Auðunsdóttur, veðurfræðings á Veðurstofunni. Ráð er gert fyrir hægri suðvestlægri átt með skilum vestur af landinu. Skilin kunna að þokast inn á landið fyrir áramót og valda úrkomu. „Þetta lítur ágætlega út eins og er en gæti brugðið til beggja vona," segir Ásdís. „Það er of snemmt að spá fyrir um það."

## BRETLAND

**Stálu tveimur milljörðum** Starfsmaður á bresku pósthúsi hefur verið dæmdur í sex og hálfs árs fangelsi fyrir fjárdrátt og svik. Maðurinn stal ávísanaheftum og greiðslukortum í svo stórum stíl að hann hafði rúma tvo milljarða króna upp úr krafsinu. Mágur hans fékk jafnframt dóm fyrir aðstoð við að koma peningunum í umferð.



**MINNINGIN ER SÁR** Þessi stúlka frá Nagapattinam í Tamil Nadu-héraði á suðausturströnd Indlands gat ekki haldið aftur af tárunum við minningarathöfn í gær. Hún missti alla fjölskyldu sína í hamförunum og býr því á munaðarleysingjahæli í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ár liðið síðan móðir jörð reiddi til höggs

**Heimsbyggðin minntist í gær fórnarlamba flóðbylgjunnar sem reið yfir strandir Indlandshafs fyrir ári. Umfangsmesta neyðaraðstoð sögunnar hófst í kjölfarið en þó er vel á aðra milljón fólks ennþá án heimilis.**

**FLÓÐBYLGJA** Í gær var ár liðin síðan öflugur jarðskjálfti í Bengalflóa leiddi af sér einhverja mannskæðustu flóðbylgju sögunnar en talið er að á þriðja hundrað þúsund manns hafi farist í þeim hildarleik. Hamfaranna var víða minnst í heiminum í gær.

Flóðbylgjan skelfilega myndaðist þegar jarðskjálfti af stærðinni níu reif hafsbotninn vestur af Súmötru í sundur á annan dag jóla í fyrra. Tíu metra háar bylgjurnar brotnuðu á ströndum landa allt frá Sómalíu í vestri til Malasíu í austri. Enginn veit nákvæmlega hversu margir biðu bana þennan örlagaríka dag en að mati AP-fréttastofunnar fórust 216.000 manns. Sameinuðu þjóðirnar áætla að fjöldi látinna sé að minnsta kosti 223.000.

Fjölmennar minningarathafnir voru haldnar í gær í löndunum tólf sem ógnarbylgjan reið yfir. Sumar þeirra voru stórar í sniðum en aðrar látlausar og fámennar. „Fyrir réttu árin, undir sama bláhimni, sýndi móðir jörð eyðileggingarmátt sinn," sagði Susilo Bambang Yudhoyono, forseti Indónesíu, við athöfn í Aceh-héraði á Súmötru en þar er talið að 130.000 hafi týnt lífi. Hann lauk svo lofsorði á eftirlifendur sem síðastliðið ár hafa reynt að koma lífi sínu í samt lag á ný. „Þið hafið minnt okkur á að lífið er þess virði að berjast fyrir."

Á Srí Lanka hittust Mahinda Rajapakse, nýkjörinn forseti, og hópur eftirlifenda nærri stað þar sem flóðið sópaði járnbrautarlest út af sporinu en við það létu tvö þúsund farþegar hennar lífið. Í Taílandi voru fjölmargar kyrrðarstundir haldnar en yfir 2.400 ferðamenn frá Norðurlöndunum, Þýskalandi og Ástralíu voru í hópi þeirra sem dóu þar.

Í kjölfar hamfaranna fóru Sameinuðu þjóðirnar fram á 828 milljarða króna neyðaraðstoð og hafa um þrír fjórðu hlutar hennar borist. Engu að síður á uppbyggingarstarf eftir að taka mörg ár til viðbótar. Þorri þeirrar 1,8 milljónar manna sem missti heimili sín býr enn í tjöldum eða kofaræksnum og fer þolinmæði þessa fólks óðum þverrandi. Sjá síðu 28

**sveinng@frettabladid.is**

Fæðingar yfir jólatímann:

# Sex börn fædd á aðfangadag

**FÓLKSFJÖLGUN** Sex börn fæddust á aðfangadag, þar af fæddist eitt klukkan 20.44 um kvöldið. Enn fremur fæddust sjö börn á Þorláksmessu og sex á jóladag.

Kristín Sigurðardóttir ljósmóðir segir fæðingarganginn oft tóman á aðfangadag en svo hafi ekki verið þetta árið. Hún hefur ekki tölur yfir fjölda væntanlegra fæðinga á nýársdag en segir konur mun fremur vilja eiga börn sín rétt eftir áramót en fyrir.

Vel ríflega fjögur þúsund börn fæðast árlega á landinu, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þau voru 4.781 árið 1990, 4.288 fimm árum síðar, 4.330 árið 2000 en 4.249 í fyrra.

**- mþþ**



**RÚSTIR EINAR** Brunaeftirlitsmenn skoðuðu verksummerki á barnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæður eldsvoði í Kína:

# Tuttugu og sex létust á jóladag

**PEKING, AP** Eldsvoði varð að minnsta kosti 26 manns að bana í kínversku borginni Zhongshan í gær. Upptök eldsins eru ókunn en hann braust út á bar sem starfrækur var í leyfisleysi á veitingahúsi.

Mikið hefur verið um eldsvoða í samkomuhúsum síðustu ár í Kína en á jóladag fyrir fimm árum létust 309 í bruna á skemmtistað í borginni Luoyang. ■






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENN EITT SKOTIÐ** Já, enn eitt skotið gengur nú yfir sunnan- og vestanvert landið. Nú í morgunsárið er stormur víðast með vestanverðu landinu og um hádegi veður víða hvassviðri. Þessu fylgir mikið vatnsveður. Það eru mjög skörp skil að ganga yfir landið og strax í kjölfar þeirra lægir mjög og kólnar. Það gerist strax upp úr hádegi vestan til á landinu.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Sunnan hvassviðri og talsverð rigning. Gola síðdegis og skúrir. Milt.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C léttskýjað | París | 6°C alskýjað | Alicante | 17°C léttskýjað |
| Osló | -8°C léttskýjað | Berlín | 0°C hálfskýjað | Mílano | 4°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -1°C alskýjað | Frankfurt | 1°C léttskýjað | New York | 6°C léttskýjað |
| Helsinki | -8°C alskýjað | Madríd | 10°C alskýjað | San Francisco | 15°C skúrir |
| London | 6°C hálfskýjað | Barcelona | 11°C alskýjað | Orlando/Flórída | 19°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# Sendum okkar bestu þakkir

Samskip óska landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs og þakka samstarfið á árinu sem er að líða.

Sérstakar þakkir til þeirra sem samglöddust okkur yfir nýjum höfuðstöðvum í Kjalarvoginum í upphafi ársins.

ARGUS / 05-0797

**SAMSKIP**

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is



## KJÖRKASSINN

*Ertu með meira en kvartmilljón í yfirdrátt?*

| | |
|---|---|
| Já | 41% |
| Nei | 59% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Borðaðir þú rjúpur um jólin?

Segðu skoðun þína á visir.is

Aleksander Kwasniewski lætur af embætti sínu sem forseti Póllands:

# Kaczynski sver embættiseið

**VARSJÁ, AP** Lech Kaczynski sór embættiseið sinn sem forseti Póllands á Þorláksmessu. Hann hét því að berjast gegn spillingu og viðhalda nánum tengslum við Bandaríkin.

Í innsetningarræðu sinni fjallaði Kaczynski einkum um landsmálin og virtist honum sérstaklega umhugað að uppræta spillingu og draga úr áhrifum gömlu kommúnistanna. „Ríkið rækir ekki skyldur sínar við borgarana,“ sagði hinn 56 ára gamli fyrrverandi borgarstjóri Varsjár. „Því verður verður að hreinsa það og endurreisa.“

Einnig vék Kaczynski að hinum viðkvæmu tengslum við Rússland, sem hann sagði „afar mikilvæg“, svo og áframhaldandi samvinnu við Bandaríkin.



**MÓÐURINNI ÞAKKAÐ** Þegar Kaczynski hafði flutt ræðu sína kyssti hann á hönd Jadwigu móður sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kaczynski sigraði hinn frjálslynda Donald Tusk í kosningum 23. október en mánuði fyrr hafði flokkurinn Lög og réttlæti, sem Jaroslaw bróðir hans leiðir, unnið stórsigur í þingkosningunum. Gott gengi þeirra bræðra er til marks um að íhaldssamari vindar blási nú um Pólland. Aleksander Kwasniewski, fráfarandi forseti, er fyrrum kommúnisti og Marek Belka, sem gegndi forsætisráðherraembættinu þar til í haust, þegar Kazimierz Marcinkiewicz tók við stjórnartaumunum. **- shg**

Rithöfundar dæmdir:

# Móðguðu sjálft föðurlandið

**ANKARA, AP** Dómstóll í Istanbúl dæmdi í vikunni rithöfund og blaðamann fyrir að móðga Tyrkland.

Zulkuf Kisanak, höfundur bókarinnar Týndu þorpin, þar sem sagt er frá ofsóknum gegn Kúrdum á tíunda áratugnum, var dæmdur í fimm mánaða fangelsi eða til greiðslu sektar. Aziz Ozer, ritstjóri tímaritsins Yeni Dunya Icin Cagri, fékk tíu mánaða fangelsisdóm fyrir greinar þar sem stjórnvöld voru harðlega gagnrýnd. Refsingunni var breytt í 300.000 króna sekt.

Samkvæmt landslögum er refsivert að móðga tyrkneska lýðveldið en lagaákvæðin hafa mjög verið gagnrýnt af öðrum Evrópuþjóðum. ■



**BRÚNAÞUNGUR** Armando Spataro vill láta handtaka mennina vegna aðildar þeirra að mannráni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ítalskur dómari:

# CIA-menn má taka höndum

**RÓM, AP** Armando Spataro, dómari á Ítalíu, hefur gefið út handtökuskipun, sem gildir í öllum ríkjum Evrópusambandsins, á 22 útsendara bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

CIA-mennirnir eru sagðir hafa rænt íslömskum klerki, Abu Omar að nafni, á götu í Mílanó í febrúar 2003 og flutt hann til Egyptalands þar sem hann var pyntaður.

Áður hafði Spataro gefið út handtökuskipun á mennina sem gilti einungis á Ítalíu en einnig hafði hann farið fram á framsal þeirra. Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, sagðist í upphafi síðustu viku ekki ætla að fylgja beiðninni eftir þar sem ekki væri fótur fyrir ásökunum dómarans. ■

# Íbúar vilja olíubirgðastöð burt vegna sóðaskaps

**Á Ísafirði er deilt um framtíðarstað birgðastöðvar olíufélaganna. Bærinn hefur rætt við olíufélögin um flutning en þau hafnað nýjum stað. Bæjarstjórinn segir að olíuafgreiðsla þurfi að vera við höfnina.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Óvissa um framtíðarstaðsetningu olíubirgðastöðvar olíufélaganna á Ísafirði stendur viðhaldi fyrir þrifum, að mati bæjarstjórans. Hann vill að stöðin verði áfram á sama stað, meðan aðrir vilja flytja hana.

Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar á Ísafirði, segist ósátt við að vera með olíubirgðastöð í hjarta bæjarins. „Lítill hluti lóðaleigusamningsins er enn í gildi og stærsti hlutinn af runninn út. Búið er að bjóða þeim aðra lóð sem þeir afþökkuðu og þar með vill bæjarstjórinn meina að við getum ekkert gert því svo mikið kosti að flytja þá,“ segir hún og bendir á að nýtt skipulag geri ráð fyrir bryggjuhverfi og litlum íbúðum nálægt stöðinni. „Og það er alveg út úr kú að vera með starfsemina á þessum stað,“ segir hún og kveður nægt pláss til að flytja tankana, aðeins þurfi að koma til aukin uppfylling. „Mér heyrist hins vegar vera uppgjafartónn í bæjarstjóranum gagnvart olíufélögunum.“

Halldór Halldórsson bæjarstjóri kveðst oft hafa lýst þeirri skoðun sinni að illskásti staðurinn fyrir birgðastöð olíufélaganna sé þar sem hún er nú. „Hér þarf að vera hægt að skipa upp og afgreiða skip með olíu. Við fengum arkitekt til að velta fyrir sér öðrum staðsetningum, en þær eru allar haldnar sömu annmörkum,“ segir hann og bendir á að enn sé í gildi sé lóðaleigusamningur sem gerður hafi verið árið 1950 til 99 ára.



**OLÍUTANKAR Á ÍSAFIRÐI** Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi á Ísafirði, efast um að allir bæjarbúar geri sér grein fyrir að verið geti að meirihluti bæjarstjórnar festi niður staðsetningu olíutanka olíufélaganna þar sem þeir eru nú. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Halldór bendir á að tankarnir séu á tveimur lóðum og segir að starfsemin fari af lóðinni við Mjósund þar sem samningur sé runninn út. „En þar hefur þetta mest farið í taugarnar á fólki út af draslaraskap.“ Hann segir bæði Olíudreifingu og Shell undanfarin ár ítrekað hafa knúið á um svör frá bænum um hvar staðsetja ætti birgðastöðina til framtíðar, en vegna óvissunnar sem um það ríkti hafi þau ekki farið í nauðsynlegar kostnaðarsamar viðhaldsaðgerðir. Halldór segir að félögin hafi fyrir árslok átt að byggja nýja þró og gera birgðastöðina upp, en nú sé ljóst að þau þurfi undanþágu fyrir reksturinn. Hann boðar ákvörðun um málið snemma á nýju ári.

Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarhafnar, segir mál olíubirgðastöðvarinnar lítið hafa komið inn á borð til sín. Hann segist þó trúa að vaknað hafi vangaveltur um öryggi tankanna eftir nýlegan stórbruna í olíubirgðastöð í Bretlandi. „Þetta hlýtur að vekja fólk til umhugsunar. Þessi birgðastöð er náttúrlega að verða inni í miðbæ Ísafjarðar og hlýtur að skoðast í samhengi, ef þetta spryngi nú í loft upp þá færu ansi margir með.“ **olikr@frettabladid.is**

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

**Sjóðfélagafundur**

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna boðar hér með til sjóðfélagafundar, sem haldinn verður **miðvikudaginn 28. desember nk. kl. 17** á Grand Hóteli, Sigtúni 38, Reykjavík.

**Dagskrá fundarins:**

Gerð grein fyrir tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á fundinum. Tillögur stjórnar liggja frammi á skrifstofu sjóðsins.

*Reykjavík 27. nóvember 2005*

*Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*

**Sími: 580 4000 • Netfang: skrifstofa@live.is**

Aftakaveður í Bolungarvík á jóladagsmorgun:

# Spýtnabrak fauk inn í sjúkrastofu

**VEÐUR** Veðráttan getur verið grimm jafnvel á helgustu stundum. Á Bolungarvík skall á aftakaveður á um klukkan átta á jóladagsmorgun. Þak fór af Gamla stúkuhúsinu þar í bæ og fauk yfir þrjú nærliggjandi hús. Starfsstúlka á sjúkrahúsinu segir guðsmildi að ekki skuli hafa farið verr þegar klumpur sem fauk af Gamla Stúkuhúsinu fór inn um glugga sjúkrastofu og eftir endilögum ganginu og inn í aðra sjúkrastofu hinumeginn við ganginn. Enginn var í hvorugri stofunni en einn sjúklingurinn var við það að fara fram á gang þegar ósköpin dundu yfir.

Brak fauk yfir tvö önnur hús, braut rúður og skemmdi klæðningar að sögn lögreglunar í Bolungarvík.

Þá fauk þak af fjárhúsi í Minni-Hlíð við Bolungarvík. Sigurgeir Jóhannsson sem þar hafði 160 kindur varð því að hafa snör handtök og kom hann ánum fyrir í fjárhúsi í Miðdal. Ekki varð því meint af volkinu.

Á Vesturlandi fengu menn og skepnur einnig að finna til tevatnsins sökum fárviðris. Rafmagn fór af í allri Kjósinni um klukkan hálf sex á jóladagsmorgun. „Menn eru almennt ekki svo árrisulir á þessum tíma en á þessum slóðum þurfa þeir samt sem áður að mjólka en beljurnar urðu að bíða þar til rétt rúmlega níu að rafmagnið kom á aftur,“ segir Ingi B. Ingason sem stóð bilunarvaktina hjá Rarik á Vesturlandi. Hann segir að margir hafi verið farnir að finna fyrir kulda í híbýlum sínum þennan jóladagsmorgun. Um sautján bæir urðu rafmagnslausir en einnig er mikið af sumarhúsum á svæðinu. Bilunin var á línu skammt hjá Grjóteyri við Meðalfellsvatn. „Það gekk bara ágætlega að gera við. Ég átti von á því að þetta stæði lengur yfir en við erum með svo býsna góða menn í þessu og það varð okkur til bjargar,“ segir Ingi. **- jse**



**ÞAKIÐ FAUK AF FJÁRHÚSINU** Þakið fauk af fjárhúsinu í Minni-Hlíð við Bolungarvík. Bóndinn kom ánum fyrir í annað fjárhús og ætlar ekki að endurbyggja þetta.

Prófkjör Samfylkingarinnar:

# Þórir fer fram

**STJÓRNMÁL** Þórir Karl Jónasson býður sig fram í fjórða til fimmta sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík, en prófkjör flokksins fer fram aðra helgi í febrúar næstkomandi. Þórir kveðst styðja Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra í efsta sæti listans, en segist munu standa að baki þeim sem nær fyrsta sætinu.



**ÞÓRIR KARL JÓNASSON** Þórir Karl vill í fjórða eða fimmta sætið hjá Samfylkingunni í Reykjavík.

„Ég legg áherslu á hækkun lægstu launa og tel brýnt að eyða launamun kynjanna. Ég vil að borgin greiði götu þeirra sem vilja byggja leiguíbúðir fyrir fólk og borgin fjölgi leiguíbúðum Félagsbústaða,“ segir Þórir Karl og kveðst fylgjandi því að núverandi R-lista flokkar starfi áfram saman nái þeir meirihluta. **- jh**

## DANMÖRK

**Vara við hatursáróðri** Danskir prestar notuðu tækifærið í guðsþjónustum um jólin til að mótmæla neikvæðri umræðu um innflytjendur í Danmörku. Yfir 200 prestar hafa tekið sig saman um að vara við hatursfullum tón í umræðunni.

Opin íbúðalán





# Láttu bankana ekki hefta frelsi þitt

Opin íbúðalán SPRON eru **án þvingandi skilyrða um önnur bankaviðskipti** í allt að 40 ár eins og tíðkast hjá öðrum bankastofnunum.

Kynntu þér málin á **spron.is**

spron

Íbúðalán SPRON eru háð útlánsreglum SPRON.
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða www.spron.is



## VEISTU SVARIÐ

1 Hver fer fyrir Kjaradómi?

2 Hver gegnir embætti formanns Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík?

3 Hvaða Hollywood-stjarna fékk hjónaband sitt ógilt á dögunum?

Akureyrarbær semur við Hjallastefnuna um rekstur nýs leikskóla:

# Fyrsti kynjaskipti leikskólinn

**AKUREYRI** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, og Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, hafa undirritað samning um rekstur leikskólans Hólmasólar á Akureyri. Samningurinn er til fjögurra ára en Hólmasól verður fyrsti leikskólinn á Akureyri sem rekinn verður að undangengnu útboði. Börnunum á Hólmasól verður skipt í deildir eftir kyni en skólinn mun starfa eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Hjallastefnan var eina fyrirtækið sem bauð í reksturinn en Kristján Þór segist þó ánægður með samninginn. „Kostnaður bæjarins verður svipaður við þennan leikskóla og aðra leikskóla bæjarins og leikskólagjöld verða þau sömu,“ segir Kristján Þór.

Leikskólinn er enn í byggingu en gert er ráð fyrir að hann verði tekinn í gagnið í apríl á næsta ári. Hólmasól mun rúma 157 börn á sex deildum en stöðugildin við skólann verða um þrjátíu talsins.

Kristján Þór segir að enginn biðlisti sé nú fyrir börn frá tveggja ára aldri á leikskólunum á Akureyri og frá og með næsta hausti verði átján mánaða börnum boðið upp á leikskólapláss.

- kk



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Kristján Þór Júlíusson og Margrét Pála Ólafsdóttir undirrituðu samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Matarkarfan á Álandseyjum:

# Dýrari en í Finnlandi

**ÁLANDSEYJAR** Íbúar á Álandseyjum greiða átta prósentum hærra matarverð en íbúar Nådendal í Finnlandi. Hæsta verðið í matvöruverslunum í Nådendal er jafn hátt og lægsta verðið í matvöruverslunum í Mariehamn á Álandseyjum, að sögn Hufvudstadsbladet.

Þetta kemur fram í verðkönnun sem gerð var í fimm matvöruverslunum á Álandseyjum og í Finnlandi fyrir skömmu. Alls voru 107 vörutegundir í körfunni sem könnunin tók til.

Álandseyjar tilheyra Finnlandi en þar hefur matvöruverð lækkað mikið síðustu ár.

- ghs

„Maíkvöld í Moskvuborg ´06”

Bjarmalandsför
til Moskvu og Pétursborgar
30. apríl – 10. maí 2006

Tvær merkustu borgir Rússaveldis verða heimsóttar undir öruggri leiðsögn Hauks Haukssonar (hins eina sanna!). Menning og listir svíkja engan og heimamenn halda tvær vorhátíðir á tímabilinu, 1. maí og 9. maí - Sigurdaginn í heimstyrjöldinni síðari.

Bjarmaland ferðaskrifstofa og samstarfsaðilar óska landsmönnum öllum og ferðalöngum sínum fyrr og síðar góðra ferða á komandi ári. Lifið heil!

С Новым годом 2006!

Félagið MÍR - Menningartengsl Íslands og Rússlands er flutt af Vatnsstígnum á Hverfisgötu 105, 1. hæð.
Í nýja MÍR salnum verður ferðakynning sunnudaginn 8. janúar 2006 kl 16:00, allir velkomnir.

Nánari uppl.: www.austur.com
bjarmaland@strik.is
moskva@torg.is

Hafið samband við aðalfararstjóra Hauk Hauksson í síma 848 44 29
Takmarkaður sætafjöldi!

# Strákar slasa sig oftast

**Almenn sala og notkun á flugeldum verður heimil frá og með morgundeginum. Lögregla hvetur fólk til að sýna hvert öðru tillitssemi við notkun þeirra.**

**ÁRAMÓT** Sala á flugeldum hefst á á morgun og þar með er almenn notkun flugelda heimil til 6. janúar en um notkun þeirra gilda reglur sem lögreglan biður fólk að fara eftir.

Friðrik Gunnar Gunnarsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að einungis sé heimilt að skjóta upp á milli níu á morgnana og miðnættis. Á gamlárskvöld er hins vegar heimilt að skjóta upp alla nóttina. Engin refsiákvæði eru til við brotum á reglunum enda segist Friðrik óttast að helmingur borgarbúa myndi gista fangageymslur ef svo væri.

Lögreglan gefur út leyfi til rúmlega þrjátíu söluaðila fyrir þessi áramót og verða sölustaðir á höfuðborgarsvæðinu um fimmtíu talsins.

Jón Ingi Sigvaldason, sölu- og markaðsstjóri flugeldasölu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, hvetur fólk til að nota ávallt hanska og þar til gerð hlífðargleraugu. Hann telur afar óskynsamlegt að fólk geymi ónotaða flugelda til næstu áramóta, því varðveisla þeirra sé varhugaverð og gæta þurfi þess að ekki berist raki í þá því þá geta þeir verið stórhættulegir. Gömlum flugeldum er hægt að koma til björgunarsveitanna til förgunnar og segir Jón Ingi: „Ég mæli með því að fólk skjóti upp þeim flugeldum, sem eftir eru frá áramótunum, á þrettándanum svo að fólk sé ekki að geyma flugelda inni á heimilunum á milli ára,“ segir Jón.

Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson, yfirlæknir á slysadeild Landspítalans í Fossvogi, segir að slysatilfellum fjölgi ávallt um þetta leyti. Af þeim tilfellum eru ungir drengir áberandi í meirihluta, enda segir hann þá vera markhóp flugeldasala. Á áramótunum bætast í hóp sjúklinga menn sem hafa slasað sig á flugeldum eftir að hafa oft á tíðum haft áfengi um hönd, en Ófeigur vill brýna fyrir fólki að áfengi og flugeldar fari aldrei saman.

Á gamlárskvöld eru mun fleiri hjúkrunarfræðingar og læknar á vakt á slysadeild Landspítalans.

- æþe



**SKOTIÐ Á LOFT** Almenn flugeldasala hefst næstkomandi miðvikudag.




Hátíðartilboð

Toyota Corolla
frá 3.571 kr. á dag

Toyota Rav4
frá 4.471 kr. á dag

Toyota Land Cruiser
frá 5.071 kr. á dag

Innifalið: 100 km á dag og CDW (kaskótrygging).
Verð miðast við 7 daga leigu.
Tilboð gildir til 15.01.2006

Sjá nánar á hertz.is

Ekkert jafnast á við að aka um frjáls í bíl frá Hertz. Ef þú átt ekki bílinn sem hentar hverju sinni þá getum við hjá Hertz bætt úr því fyrir lægra verð en þig grunar. Það er óþarfi að eiga jeppa til að komast allt sem þú vilt fara. Engar áhyggjur, bara gleðilega hátíð.

Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

Vildarklúbbur Icelandair

upplifðu ÍSLAND · SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Sölustaðir: Keflavíkurflugvöllur, Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Höfn, Egilsstaðir

Sænsk innflytjendayfirvöld:

# Fögnuðu brottvísun innflytjenda í nauð

**SVÍÞJÓÐ** Þrjú hneykslismál hafa komið upp hjá sænskum innflytjendayfirvöldum að undanförnu og hefur framkvæmdastjóri Útlendingastofnunarinnar beðist afsökunar opinberlega.

Starfsmenn á innflytjendaskrifstofunni í Kristianstad á Skáni vísuðu í fyrra einstæðri móður með þrjú ung börn úr landi og héldu svo upp á það með tertuveislu á vinnustaðnum.

Sænskir vefmiðlar greindu svo frá því í vikunni að Útlendingastofnunin í Svíþjóð hefði haldið upp á brottvísun rússneskrar fjölskyldu með veikt barn með því að skála í kampavíni.

Íraskur maður, sem blindaðist í stríðinu í Kúvæt, var síðan niðurlægður með dónalegum svörum þegar hann óskaði eftir húsnæðisaðstoð eða vist á heimili fyrir blinda. Honum var sagt að horfa í augun á starfsmanninum þegar hann talaði við hann og að hann ætti að bjarga sér sjálfur. Túlkurinn tók samtalið upp.

„Við erum ekki mamma þín eða pabbi,“ sagði millistjórnandi hjá Útlendingastofnuninni. Þegar Írakinn sagðist allt eins geta stytt sér aldur ef hann fengi ekki aðstoð var svarið: „Gerðu það sem þú vilt.“

Þetta hefur vakið hörð viðbrögð þar í landi og hefur nokkrum stjórnendum verið sagt upp störfum, þó ekki framkvæmdastjóra Útlendingastofnunarinnar. Málin eru enn til rannsóknar.

- ghs



**TERTUSNEIÐAR** Þrjú hneyksli hafa komið upp hjá innflytjendayfirvöldum í Svíþjóð en þar hafa starfsmenn á nokkrum stöðum haldið upp á brottvísun útlendinga með tertu eða skálað í kampavíni. Málin eru til rannsóknar.



# Ýmsar verslanir opnar í dag

**Eftirtaldir aðilar hafa opið í dag:**

Augað
Bianco Footwear
Blómaval
BooztBar
Bónus
BT
Byggt og búið
Café Bleu
Café Copenhagen
Domino's
Eymundsson
Hagkaup
Happahúsið
Hans Petersen
Ísbúðin
Kaffitár
Lyf og heilsa
Maraþon
McDonald's
NK Café
Og Vodafone
Penninn
Rikki Chan
Sambíóin
Serrano
Skífan
Skór.is
Subway
Te & kaffi
Valmiki
Vínbúðin

Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

**Gleðilega hátíð!**

**Veitingastaðir og Kringlubíó** hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Fíton/SÍA FI015385



**KONUNGLEG JÓL** Hákon krónprins Noregs heldur á dótturinni Ingiríði Alexöndru prinsessu og krónprinsessan Mette-Marit á syninum Sverri Magnúsi í jólaskreyttri stofunni í konungshöllinni í Ósló. MYND/AP

Félagsdómur dæmir Soffanías Cecilsson hf. á Snæfellsnesi:

# Braut ákvæði um helgarfrí

**FÉLAGSDÓMUR** Félagsdómur hefur dæmt útgerðarfélagið Soffanías Cecilsson hf. til að greiða alls eina milljón króna í félagssjóð Félags skipstjórnarmanna og félagssjóð Vélstjórafélags Íslands og samtals 400 þúsund krónur í málskostnað fyrir brot á kjarasamningi LÍÚ og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands.

Útgerðin er dæmd fyrir að tryggja ekki tveimur skipstjórnarmönnum og fimm félagsmönnum Vélstjórafélagsins á línu- og netabátnum Grundfirðingi frí frá skipstjórnarstörfum og vélstjórnarstörfum sínum nokkra laugardaga á árunum 2003 og 2004.



**FRÁ GRUNDARFIRÐI** Útgerðin Soffanías Cecilsson hefur verið dæmd fyrir að brjóta ákvæði kjarasamninga um helgarfrí.

Félögin höfðu áður samið við fjórar útgerðir á Snæfellsnesi um að ljúka málum af sama toga með sektargreiðslu að fjárhæð 500 þúsund krónur hver í hvorn félagssjóð og láta endanlega af hafnarfrísbrotum.

Soffaníasi Cecilssyni hf. hafði ekki verið boðin hliðstæð sátt vegna ítrekaðra brota og útgerðin var því krafin um fullar févítisgreiðslur. Á það vildu fyrirsvarsmenn útgerðarinnar ekki fallast og þótti því nauðsynlegt að höfða mál fyrir félagsdómi. - ghs

Bandarískur alríkisdómstóll:

## Kona dæmd til dauðarefsingar

**BANDARÍKIN** Alríkisdómstóll hefur dæmt konu til dauða í fyrsta sinn í hálfa öld.

Angela Johnson var dæmd fyrir að taka þátt í morðum á fimm manns með kærasta sínum Dustin Honken árið 1993. Honken, sem einnig hefur verið dæmdur til dauða, var höfuðpaur í eiturlyfjahring og drap árið 1993 tvo af undirmönnum sínum, sem ætluðu að vitna gegn honum, og einnig kærustu eins þeirra og tvær dætur hennar.

Johnson, sem sjálf á tvö börn, segist saklaus og segir að Honken hafi þvingað hana til óhæfuverkanna. ■




NISSAN
X-TRAIL
EKKI FESTAST
Í FRAMTÍÐINNI!
X-Trail Sport
Verð 2.690.000,-
X-Trail Elegance
Verð 2.890.000,-
Sjálfskiptur, álfelgur, spoiler, nagladekk og 3 drifstillingar.
NISSAN
SKIPT_um væntingar
Fiton/SÍA
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00




**Á HAMFARASVÆÐUNUM Í PAKISTAN** Almenningur í Pakistan er yfirvöldum reiður vegna seinagangs í hjálparstarfinu, segir Shabana Zaman, Pakistani sem býr hér á landi.

# Pakistanar reiðir yfirvöldum

**Þrír Íslendingar starfa um jólin á hamfarasvæðunum í Pakistan. Pakistani sem býr hér á landi segir þessar hörmungar geta kennt fólki hér og þar mikilvæga lexíu.**

**HJÁLPARSTARF** Þrír Íslendingar voru að störfum á hamfarasvæðunum í Pakistan um þessi jól. Það eru Hildur Magnúsdóttir, sem er yfirmaður á sjúkrahúsi þar um slóðir, Valgerður Grímsdóttir hjúkrunarfræðingur og svo Þórarinn Ingi Ingason þyrluflugmaður.

Þær Hildur og Valgerður eru sendifulltrúar frá Rauða krossinum en Þórarinn Ingi starfar þar á vegum norska fyrirtækisins Air Lift, sem hefur verið í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands sem Þórarinn Ingi starfar hjá.

Shabana Zaman er frá Lahore í Pakistan en hefur búið hér á landi í tólf ár. Hún fylgist vel með gangi mála í sínu heimalandi. „Almenningur í Pakistan er frekar reiður út í yfirvöld og finnst þau hafa verið svifasein og staðið sig slæglega í öllu hjálparstarfinu,“ segir hún. „Hins vegar er ég mjög stolt af því hvað Íslendingar hafa verið að gera en það hafa margir sendifulltrúar verið þar að störfum og svo hefur almenningur hér verið duglegur að safna fé til hjálpar bágstöddum í Pakistan.“

Shabana segir að þessar hörmungar eigi sér þó jákvæða hlið. „Það vill oft verða þannig að fólk er alið á þeirri trú að fólk sem hefur önnur trúarbrögð sé jafnvel verra fólk. Skólarnir ala jafnvel á þessu. Fólk á þessum svæðum kemst svo varla nokkurn tímann í kynni við útlendinga svo það hefur ekki tækifæri á að komast að hinu sanna. En svo lendir fólk í þessum hörmungum og sér að fólk af öðrum trúarbrögðum er að koma alla þessa leið til að hjálpa því og þá sér það svo ekki verði um vilst að við erum öll mennsk og trúarbrögð og þjóðerni skipta ekki öllu máli þegar til kastanna kemur,“ segir Shabana.

Hún segir enn fremur að þetta mætti vera Vesturlandabúum til umhugsunar en miklu meira fé safnaðist vegna flóðanna í Suðaustur-Asíu en vegna hamfaranna í Pakistan en fjölmargir ferðamenn frá Vesturlöndum týndu lífi í flóðunum. Einnig þótti henni hræðilegt að sjá í fréttum hvernig fátækir blökkumenn urðu illa úti í flóðunum sem fylgdu í kjölfar fellibylsins Katrínar sem fór yfir Louisiana. „Við erum öll manneskjur og það er það sem á að vekja samkennd okkar en ekki trúarbrögð eða kynþáttur,“ segir Shabana. jse@frettabladid.is




Viðskiptakort
Sæktu um á esso.is
· Engin PIN númer
· Hægt að nota um allt land
· Leðurveski fylgir
· Engin færslugjöld
Viðskiptakort ESSO eru greiðslukort sem gilda hjá ESSO. Kortunum fylgir mikill tímasparnaður og yfirlitið er mesta þarfaþing við bókhaldið og skattframtalið. Greiðsluseðlar birtast í heimabönkum. Kort einstaklinga eru tengd Safnkortinu, 1 kr. í afslátt í formi punkta.
Esso


Hollendingur ákærður:

## Seldi Saddam ókjör eiturefna

**HAAG, AP** Hollenskur stríðsglæpadómstóll kvað upp þann úrskurð í gær að morð á þúsundum Kúrda í Írak á níunda áratug síðustu aldar flokkuðust undir þjóðarmorð.

Dómstóllinn fjallar um mál hollensks manns sem er ákærður fyrir að hafa selt stjórnvöldum í Írak 1.100 tonn af eiturefnum sem notuð voru til efnavopnagerðar. Skera varð úr um hvort þjóðarmorð hafi átt sér stað til að hægt væri að dæma manninn fyrir hlutdeild í þeim.

Saksóknarar krefjast fimmtán ára fangelsis yfir manninum en verjendur hans segja hann ekki hafa vitað í hvað átti að nota efnin. ■




**Afsláttur af allri jólavöru**

# Útsala

**Gildir til áramóta**

**50% afsláttur**

blómaval

*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



**MÓTMÆLI** Hópur fólks frá Úkraínu mótmælir þeirri ákvörðun Rússa að allt að því þrefalda verð á því gasi til húshitunar sem selt er til Úkraínu. Krafa Rússa hefur vakið hörð viðbrögð og spennan milli þjóðanna tveggja er mikil. AFP.NORDICPHOTOS/AFP

Ísraelsmenn bjóða mótmælendum landsvæði við Galíleuvatn:

# Mótmælendur vilja reisa trúarmiðstöð

**JERÚSALEM, AP** Ísraelsmenn hafa boðið mótmælendum bút af landinu helga og vilja forystumenn mótmælendakirkna byggja þar trúarmiðstöð og skemmtigarð.

Forystumenn mótmælendanna hafa samþykkt að leggja andvirði rúmlega þriggja milljarða íslenskra króna til verkefnisins og vonast þeir til þess að miðstöðin dragi tugi þúsunda pílagríma að ár hvert.

Fjórtán hektarar af klettóttum ströndum við norðurenda Galíleuvatns standa mótmælendunum til boða, en svæðið hefur mikilvæga skírskotun til lífs og starfa Jesú Krists. Þar hyggjast kristnir byggja kapellu og sal fyrir messur og samkomur þar sem ræður Jesú verða settar á svið.

Ísraelsmenn undirbúa einnig uppbyggingu svæðanna umhverfis þorpið, þar sem þeir vilja byggja göngustíga og styttur sem minna á helgisagnirnar.

Tugþúsundir araba búa á svæðinu og voru viðbrögð þeirra við fregnunum blendin. Þeir óttast að framkvæmdirnar geti raskað viðkvæmu jafnvægi sem ríkir á milli trúarhópa á svæðinu.

Hópar kristinna mótmælenda gefa árlega milljónir Bandaríkjadala til Ísraelsríkis. - ht



**BEÐIÐ Í BETLEHEM** Fjöldi fólks safnast saman í Fæðingarkirkjunni í Betlehem um jólin en kristnir menn trúa því að Jesús Kristur hafi fæðst þar. Ísraelsmenn ætla að auðvelda fólki að komast til Betlehem yfir jólahátíðirnar.



**SÁTTUR VIÐ HAGVÖXTINN** Castro segir horfurnar sjaldan hafa verið bjartari. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástandið á Kúbu:

## Efnahagurinn með ágætum

**KÚBA** Mikill uppgangur ríkir um þessar mundir á Kúbu enda er hagvöxtur þar sagður með eindæmum.

Fidel Castro, forseti kommúnistaríkisins, segir að umtalsverður efnahagsbati hafi orðið á síðustu misserum og að Kúba hafi náð sér eftir efnahagskreppu. Á þessu ári sé hagvöxturinn nærri því tólf prósent.

Heldur hefur verið þröngt í búi hjá Kúbverjum eftir hrun Sovétríkjanna en þaðan hlaut stjórn Castros stuðning og áttu Kúbverjar mikil viðskipti við ríki austan járntjaldsins. ■

### HEILBRIGÐISMÁL

**Ný sjúkdómaflokkun** Landlæknir hefur gert aðgengilegar á vef sínum nýjar uppfærslur tveggja flokkunarkerfa sem notuð eru við skráningu í heilbrigðiskerfinu. Um er að ræða ICD-10, Alþjóðlega tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála, og NCSP, Norræna flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum. Uppfærslurnar taka gildi um áramótin.

### SELTJARNARNES

**Kennari í framboð** Sólveig Pálsdóttir, framhaldsskólakennari og leikkona, gefur kost á sér í annað sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi fyrir bæjarstjórnar næsta vor. Hún hefur verið formaður menningarnefndar Seltjarnarness og varabæjarfulltrúi í tvö ár.

# Gjald fyrir að aka á nagladekkjum

**Starfshópur sérfræðinga á vegum umhverfisráðs mælir hugsanlega með því að sérstakt gjald verði lagt á þá sem vilja aka á nagladekkjum til að sporna við svifryksmengun. Framkvæmdastjóri FÍB segir öryggi fólks skattlagt.**

**ÖRYGGISMÁL** Starfshópur á vegum umhverfisráðs Reykjavíkurborgar hefur undanfarið unnið að tillögum til að draga úr notkun nagladekkja til að sporna við svifryksmengun. Niðurstaðna frá starfshópnum er að vænta fljótlega í janúar og er búist við að starfshópurinn leggi til við borgarstjórn að upp verði tekið sérstakt gjald fyrir þá sem kjósa að aka á nagladekkjunum.

Árni Þór Sigurðsson, formaður umhverfisráðs, segir Norðmenn hafa tekið upp svipað kerfi til að bregðast við mengunarvandanum þar. Hann segir sem dæmi að í Ósló geti ökumenn keypt sér dagskort sem veitir þeim leyfi til að aka um höfuðborgina á nagladekkjum og svipað kerfi gæti hugsanlega verið tekið upp hér á landi. Gjaldið myndi hafa fælingaráhrif á fólk og þá myndu frekar einstaklingar sem virkilega teldu nagladekk nauðsynleg kaupa sér leyfi.

Árni Þór segir að umferðarlagabreyting þurfi að koma til svo að takmarka megi notkun nagladekkja og því sé mikil vinna óunnin. Reikna megi með því að þetta ferli muni taka nokkurn tíma ef ákveðið verði að fara þessa leið.

Runólfi Ólafssyni, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda, líst afar illa á þessa hugmynd og segir að með þessu, ef af verði, sé verið að selja fólki öryggi. Hann segir að hugmyndin blasi við sér sem aukin leið til skattheimtu með öfugum formerkjum, hér sé verið að skattleggja öryggi fólks.

Hann telur að til séu margar betri leiðir til að draga úr notkun nagladekkja í borginni sem skila myndu mun betri árangri. Ein þeirra sé að uppfræða ökumenn og fá þá til að velta fyrir sér hvort nagladekk séu í raun nauðsynleg fyrir daglegar akstursleiðir þeirra. Hann segir að fjöldi ökumanna þurfi ekki nagladekk og með fræðslu myndu þeir kjósa að leggja ekki út í aukakostnaðinn sem því fylgir að kaupa nagladekk ef þeir teldu að þau væru ekki nauðsynleg. Runólfur telur að fælingaráhrifin sem þessari gjaldtöku fylgir geti haft alvarleg áhrif þegar fólk sem virkilega þurfi á nagladekkjum að halda veigri sér við að fjárfesta í þeim því það horfi í viðbótaútgjöldin sem kaupunum fylgi.

aegir@frettabladid.is



**ÚR JÓLAUMFERÐINNI** Gjald gæti orðið til þess að þeir sem þurfa nagladekk veigri sér við að fá sér þau, segir formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON, FORMAÐUR FÍB** Segir gjald fyrir nagladekkjanotkun vera skattlagningu á öryggi.



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON** Segir að bregðast verði við aukinni svifryksmengun vegna nagladekkja.



**VERÐLAUNAAFHENDING** Verðlaunahafar í nýsköpunarsamkeppni á meðal grunnskóla í fjórum Evrópulöndum.

Alþjóðleg nýsköpunarkeppni:

## Íslendingar hlutu verðlaun

**NÝSKÖPUN** Íslenskir grunnskólanemendur hlutu í gær verðlaun í nýsköpunarsamkeppni sem haldin var á meðal grunnskóla í Finnlandi, Noregi, Bretlandi og Íslandi.

Hvert land hélt landskeppni og svo voru bestu hugmyndirnar dæmdar af fjölþjóðlegri dómnefnd. Fjórar íslenskar hugmyndir hlutu verðlaun í keppninni og afhenti Gylfi Magnússon, deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, verðlaunin. - sk

Afganskir misindismenn:

## Dauðadómur fyrir mannrán

**AFGANISTAN** Dómstóll í Kabúl hefur dæmt tvo menn til dauða fyrir að ræna ítölska hjálparstarfsmanninum Clementinu Cantoni, halda henni í gíslingu í þrjár vikur og myrða son kaupsýslumanns frá Afganistan.

Ítalskir fjölmiðlar herma að þegar móðir eins mannræningjanna var leyst úr varðhaldi vegna rannsóknar á mannráninu hafi Cantoni fengið frelsi. Cantoni, sem er 32 ára, sagði mannræningjana ekki hafa farið illa með sig. Hún var í landinu á vegum alþjóðlegu hjálparsamtakanna CARE og aðstoði hún einkum ekkjur og fjölskyldur þeirra. ■





HEIMASTYRJÖLD

Í ÞESSUM GLÆNÝJU OG SPRENGHLÆGILEGU ÞÁTTUM BERJAST HJÓNIN DAVE OG VICKY VIÐ AÐ HALDA HEIMILINU, BÖRNUNUM OG GEÐHEILSUNNI Í SKIKKANLEGU ÁSTANDI.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

# Rýmingarsala

allt að

**80%**

afsláttur

## af allri jólavöru

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# ÚTSA




## 27 desember - 22 janúar

Opið 10:00 - **20:00** virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunn

© Inter IKEA Systems B.V. 2005

# ALAN
# er hafin!




udaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is



**BETLARAR** Konur frá fátækasta hluta Bólivíu hafa allt þetta ár flust til höfuðborgarinnar La Paz þar sem þær reyna að draga fram lífið á betli. Gefur það þeim mörgum meira í aðra hönd en að dvelja áfram í fjöllunum þar sem lífsbaráttan verður sífellt harðari.

## SVÍÞJÓÐ

**Kavíar gerður upptækur** Lögreglumenn í Gautaborg gerðu nokkurt magn rússnesks kavíars upptækt í rassíu í vikunni. Leyfi þarf til innflutnings og sölu á rússneskum kavíar í Svíþjóð en það sögðust verslunareigendurnir ekki vita. Rússneskur kavíar þykir algjör lúxusvara og slagar verðið hátt í 400 þúsund krónur kílóið.

# Vinna stóra fiskinn og ala þann smærri

**Rekstur fiskvinnslufyrirtækisins Bílddælings hefst að nýju í næsta mánuði en með gjörbreyttu sniði. Fjölmargir erlendir fjárfestar hafa sýnt áhuga.**

**ATVINNUMÁL** Fiskvinnslufyrirtækið Bílddælingur, sem hætti starfsemi í júlí á þessu ári, mun hefja vinnslu aftur um miðjan næsta mánuð. Vinnsla og veiði verður þó með öðru sniði en áður var.

„Fiskurinn verður flokkaður um leið og hann er veiddur þannig að allur fiskur sem er yfir fjórum kílóum verður sendur til vinnslu en annar fiskur fer í eldiskvíar þar sem hann verður alinn upp í þá þyngd en þá verður honum slátrað,“ segir Jens Valdimarsson stjórnarformaður.

Hann áætlar að 700 tonn af hráefni verði unnið á næsta ári og að tólf til fimmtán manns muni starfa við fyrirtækið til að byrja með.

„Byggðasjóður hefur lánað Bílddælingi einhverjar fjárhæðir og stutt fyrirtækið á ýmsan hátt þannig að nú er ekkert því til fyrirstöðu að hefja rekstur á ný. Við eigum einnig í viðræðum við fjárfesta frá Belgíu og Frakklandi sem hafa sýnt þessu mikinn áhuga,“ segir hann.



**FISKELDI Á BÍLDUDAL** Fiskeldi, fiskvinnsla og fiskveiðar fara á fullt á Bíldudal í næsta mánuði. Erlendir fjárfestar eru spenntir fyrir verkefninu.

Togari sem er í eigu Bílddælings og Gísla Hallgrímssonar verður hins vegar seldur en minni og sérhannaðir bátar fengnir í staðinn. Bílddælingur hefur einnig fest kaup á frystihúsinu og fiskimjölsverksmiðunni á Bíldudal.

Kræklingaeldið Hlein mun einnig sameinast Bílddælingi en það varð fyrir miklu áfalli þegar rannsóknir leiddu í ljós að meira kadmín var í kræklingnum en staðlar Evrópusambandsins heimila í neysluvöru. Jens segir að farið verði í frekari rannsóknir á þessu en einnig séu markaðir í Bandaríkjunum og Kanada opnir þar sem staðlarnir séu ekki jafn þröngir þar.

Starfsmenn sem sagt var upp í júlí þegar Bílddælingur hætti rekstri hafa ekki enn fengið laun sín greidd að fullu en Jens segir að frá því verði gengið í dag.

Útlit er því fyrir að atvinnuhjólin fari á fulla ferð á Bíldudal á næsta ári því nú er verið að gera grunninn kláran fyrir kalkþörungaverksmiðju þar í bæ. Áætlað er að byggingarframkvæmdir hefjist í mars og taki einungis nokkra mánuði.

jse@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS** Heilbrigðisstofnunin tekur um áramótin við sjúkraflutningum af lögreglu.

Heilbrigðisstofnunin tekur við:

# Sjúkraflutningar færast til

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisstofnun Suðurlands tekur um áramót við sjúkraflutningum í Árnessýslu en þeir hafa hingað til verið í umsjá lögreglu.

Síðustu mánuði hefur verið unnið að undirbúningi skiptanna, en á vef Heilbrigðisstofnunarinnar kemur fram að búið sé að ráða til starfa sjúkraflutningamenn. Umsjónarmaður starfseminnar hefur verið ráðinn Ármann Höskuldsson, en hann starfaði áður sem lögreglu- og sjúkraflutningamaður hjá Sýslumannsembættinu í Árnessýslu.

Fram kemur að sjúkraflutningamenn hafi fyrst um sinn aðstöðu áfram í sjúkrabílageymslunni við lögreglustöðina, á heilbrigðisstofnuninni og hjá björgunarfélaginu í Tryggvabúð, en viðræður hafa staðið um byggingu nýs húsnæðis.

- óká

www.volkswagen.is




* Miðað við 10% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða

# Lífæðin við Ísafjörð rofin

**Póstferðir frá Ísafirði um bæina við Ísafjarðardjúp leggjast af og er fólk þar uggandi um hag sinn. Lífæð sveitunga við Ísafjörð rofnar. Súðavíkurhreppur og Íslandspóstur ræða um að leysa málið með öðrum hætti.**

**BYGGÐAMÁL** „Það er alltaf verið að reyna að flæma okkur burt og ætli það sé ekki einn liðurinn að rjúfa lífæð okkar við Ísafjörð," segir Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli við Ísafjarðardjúp.

Nú hafa yfirmenn Íslandspósts ákveðið að frá og með áramótum eigi pósturinn að koma að næturlagi að Rauðamýri við Ísafjarðardjúp þar sem hann verður geymdur í gám en ekið á bæi næsta dag. Hingað til hefur honum verið ekið frá Ísafirði. Þessi hagræðing Íslandspósts er algjört rothögg fyrir íbúa við Djúpið að þeirra sögn.

„Þannig er að hann Gunnar Pétursson, sem kom með póstinn okkar frá Ísafirði, var okkar samgönguleið við Ísafjörð," útskýrir Ragnhildur. „Þannig fengum við far með honum út á Ísafjörð og hann sinnti okkur með greiðasemi sinni og kom við hér eða þar til að færa okkur bæði nauðsynjavörur og sérvörur. Nú sé ég ekki hvernig við getum orðið okkur úti um þessa hluti eða komist til læknis. Svo er nú ekki alltaf gott símasambandið hérna svo það var öryggi í því líka að hafa hann Gunnar," segir Ragnhildur.



**GUNNAR PÉTURSSON PÓSTUR** Gunnar hefur sinnt sveitungum við Ísafjarðardjúp af svo mikilli greiðvikni að hálfgert neyðarástand blasir við nú þegar hann fer á eftirlaun.

Ragnhildur hefur ásamt Baldri Vilhelmssyni frá Vatnsfirði haft samband við fjölda þingmanna vegna þessa máls og vænta þau viðbragða.

„Þessi breyting bitnar ekkert á póstþjónustunni við bæina við Djúpið og það er þar sem okkar skylda liggur," segir Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri pósthúsasviðs. „Við höfum heyrt af því að hann Gunnar hafi verið með einhverja þjónustu við fólkið en fyrir utan okkar kerfi. Við erum alveg tilbúin að ræða það að þjónusta fólkið við Djúp með einhverjum hætti, til dæmis hafa vikuferðir til Ísafjarðar í samvinnu við Súðavíkurhrepp, en við verðum að fá einhverjar tekjur fyrir þá þjónustu, þannig er nú fyrirtækið rekið," segir Hörður.

„Það er alveg ljóst að Súðavíkurhreppur mun vinna að þessu máli og við væntum þess að eiga gott samstarf við Íslandspóst eða annað ríkisfyrirtæki um það," segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri. Hann segir að um gríðarlegt hagsmunamál sé að ræða.

Gunnar Pétursson mun fara á eftirlaun þegar breytingin tekur gildi. Hann segir að breytingarnar muni bitna illa á póstþjónustu á svæðinu. **jse@frettabladid.is**



**SÆKJA VATN** Aftur er hægt að sækja vatn í ánna Amur í Kabarovsk í Rússlandi. Í sex vikur var vatnið mengað vegna sprengingar í efnaverksmiðju í Kína og lak eiturúrgangur í ána Songhuan sem barst þaðan í Amur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### HLUTAFÉLAGS HRUNADANS

Íbúar við Ísafjarðardjúp eru margir hverjir hagmæltir og geta komið skoðunum sínum á framfæri í bundnu máli. Indriði Aðalsteinsson, bóndi frá Skjaldfönn, hafði þetta að segja um póstmálið eins og það er kallað við Djúpið.

Hlutafélags hrunadans
harðan veitir gjóstinn,
alla leið til andskotans
ætla þeir með póstinn.





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**KÓKARÆKT** Bólivískir bændur sem rækta kókaplöntuna, sem er meðal annars notuð til framleiðslu kókaíns, vonast eftir betri tíð nú þegar nýr forseti hefur tekið við stjórnartaumum í landinu. Evo Morales, nýi forsetinn, trúir því að vandamál vegna kókaínneyslu eigi að leysa með því að hjálpa notendum efnisins í stað þess að loka plantekrum sem rækta kókaplöntuna.


Dagatal Eimskips er komið út



Hið sívinsæla og ómissandi dagatal Eimskips 2006 er komið út. Hluthafar geta nálgast dagatalið á næsta afgreiðslustað Eimskips eða skráð sig á **eimskip.is** og óskað eftir að fá það sent. Einnig er hægt að hringja í síma **525 7000** og panta eintak.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is | info@eimskip.is

Himinn og haf / SÍA


# Betri tíð fyrir kókabændur

**Frjálslynd viðhorf Evo Morales, nýs forseta Bólivíu, til ræktunar kókaplöntunnar hafa vakið athygli. Hann hefur barist fyrir ræktun plöntunnar, enda sé hún ekki bara notuð til framleiðslu kókaíns.**

**BÓLIVÍA** Öruggur sigur Evo Morales í forsetakosningunum í Bólivíu um helgina gæti haft breytingar í för með sér fyrir þetta fátækasta ríki Suður-Ameríku. Frjálslynd viðhorf Morales til ræktunar kókaplöntunnar hafa einkum vakið athygli, en lauf plöntunnar nota Bólivíumenn bæði til tegerðar og lækninga. Laufin eru einnig notuð til framleiðslu kókaíns.

Evo Morales nýtur víðtækari stuðnings en nokkur forseti hefur gert frá stofnun lýðveldis í Bólivíu. Morales er jafnframt fyrsti forsetinn af indíánaættum sem kemst til valda í 180 ára sögu landsins, þrátt fyrir að meirihluti íbúa sé indíánar.

Morales ólst upp í fátækt og gætti lamadýra í æsku en fjölskylda hans sneri sér síðar að kókarækt. Morales gerðist á fullorðinsárum verkalýðsleiðtogi og barðist hatrammlega gegn vilja Bandaríkjamanna til að uppræta ræktun plöntunnar. Áðeila hans vatt upp á sig og barðist hann síðar einnig gegn fátækt og hnattvæðingu.

Fátækt er gríðarstórt vandamál í Bólivíu og er það að hluta til vegna mikillar spillingar sem þrifist hefur í landinu. Landsframleiðsla var á síðasta ári sambærileg við Afganistan og Angóla. Mikil verðmæti liggja þó í jörðu, en talið er að einungis Venesúela búi yfir meiri jarðolíubirgðum í jörðu af ríkjum Suður-Ameríku.

Erlend olíufyrirtæki hafa síðastliðið ár haldið að sér höndum vegna óstöðugleika í stjórn landsins. Nú hefur Morales hins vegar boðað þjóðnýtingu olíulindanna og vill ná betri samningum við erlend fyrirtæki sem sjá um framleiðslu olíunnar.

Þá neitar Morales því alfarið að kókalaufið sé fíkniefni. Indíánar í fjallahéruðum Bólivíu hafi árhundruðum saman notað laufin, en þegar þau eru tuggin fást fram minni áhrif en þegar kaffi er drukkið. Fátækir Bólivíumenn líta þó margir hverjir svo á að laufin séu eina leið þeirra til þess að vinna allan daginn, en vinnutíminn getur orðið fimmtán til átján klukkustundir á sólarhring.

Morales segir notkun kókalaufanna aldrei hafa valdið indíánum vandkvæðum og því sé rétt að taka á þeim vanda sem af misnotkun kókaíns hlýst með því að veita neytendum sjálfum aðstoð, en ekki með því að loka plantekrunum.

Stefna Morales í þessum málum er því í miklu ósamræmi við viðhorf Bandaríkjastjórnar til lagasetningar og samstarfs milli landanna, en þau hafa beitt sér gegn ræktun kókaplöntunnar. Hins vegar hafa embættismenn beggja þjóða lýst yfir vilja til þess að berjast gegn flutningi fíkniefna milli landa.

Bandaríkjaforseti hefur þó lýst yfir stuðningi við Morales og stjórn hans, auk þess að óska honum til hamingju með kjörið. Það hafa leiðtogar nokkurra Evrópuríkja jafnframt gert, auk allra þjóðarleiðtoga í nágrannaríkjum Bólivíu. Það verður því spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir Bólivíu undir stjórn Evo Morales.

# ÚTSALAN
## HEFST Á MORGUN KL. 12

Whistles
LONDON

## 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

KRINGLUNNI • S. 517 5790

LOKAÐ Í DAG

NEXT

Sendum öllum hlýjar
jóla og nýárskveðjur.

Við hlökkum til að stækka og dafna á nýju ári og vonum að árið 2006 verði ykkur öllum gott.

Nýárskveðjur,
Starfsfólk Next

# Fyrst frjáls þegar hann sá Sæmund

Fáir einstaklingar vöktu meiri athygli fyrri hluta ársins hér á landi en skákmeistarinn Bobby Fischer. Skömmu fyrir síðustu jól veitti Alþingi Fischer dvalarleyfi á Íslandi en hann sat þá í varðhaldi í Japan við illan kost. Vakti þessi gjörð íslenskra yfirvalda nokkra athygli víða um heim enda styr búinn að standa um Fischer vegna harðorðra yfirlýsinga hans í garð gyðinga og Bandaríkjamanna.

Íslendingar létu þó athugasemdir annarra sem vind um eyru þjóta og upp úr miðjum mars afgreiddi Alþingi ríkisborgararétt til handa Fischer á litlum þrettán mínútum. Þar með var leiðin greið fyrir Japani að láta Fischer lausan og að kvöldi 24. mars lenti einkaþota Stöðvar 2 með Fischer á Reykjavíkurflugvelli. Með í för voru helstu stuðningsmenn Fischers og fór þar fremstur í flokki Sæmundur Pálsson eða Sæmi rokk, sem verið hefur í persónulegu vinfengi við Fischer frá heimsmeistaraeinvíginu fræga við Spassky hér á landi 1972.



Fischer var að vonum ánægður við komuna hingað til lands og lýsti væntumþykju sinni til Sæmundar Pálssonar sérstaklega og sagðist fyrst hafa fundist hann vera frjáls þegar hann sá Sæmund í Kaupmannahöfn.

Fischer kvaðst jafnframt vera afar sæll með að vera kominn til Íslands. „Hér er hreint og gott loft, nóg rými og góður matur,“ sagði kappinn.

Ýmsir urðu til að hnjóða í Íslendinga fyrir að hafa tekið við Fischer, þannig sagði leiðarahöfundur Washington Post: „Þetta er sorglegur dagur fyrir Ísland, sem leggur nafn sitt með virkum hætti við mann sem fyrir löngu hefur yfirgefið allt velsæmi.“

Lítið hefur hins vegar farið fyrir Fischer eftir að hann kom; hann veitir ekki viðtöl og reynir eftir megni að forðast sviðsljósið. Hann sést iðulega á ferð í miðborg Reykjavíkur og heimsækir þar verslanir og veitingahús eins og hver annar góðborgari.








**DAVÍÐ KVEÐUR Á LANDSFUNDI** Davíð Oddsson kvaddi flokksmenn sína formlega á landsfundi í lok október og lauk þar með rúmlega fimmtán ára setu á formannsstóli Sjálfstæðisflokksins.

# Skarð Davíðs vandfyllt

**Merkustu tímamót ársins í íslenskum stjórnmálum og kannski það sem af er öldinni eru án efa brotthvarf Davíðs Oddssonar af hinu pólitíska sviði. Svo stóran sess hefur Davíð skipað á vettvangi stjórnmálanna að fæstir Íslendingar undir tuttugu og fimm ára aldri muna aðra tíð en með Davíð sem forsætisráðherra og síðast utanríkisráðherra.**

Davíð tilkynnti hinn 7. september að hann myndi láta af þingmennsku og starfi utanríkisráðherra hinn 28. september. Samtímis var tilkynnt að hann tæki við starfi seðlabankastjóra 20. október og yrði ekki í framboði til formennsku í Sjálfstæðisflokknum á landsfundi síðar í þeim mánuði. Þar með var ljóst að einhver glæsilegasti stjórnmálaferill eins manns á Íslandi var á enda runninn.

## Stjórnmálin líf og yndi

Frá því að Davíð Oddsson tók við embætti borgarstjóra í Reykjavík 1982 var valdaferillinn óslitinn; formaður Sjálfstæðisflokksins 1991, þingmaður og forsætisráðherra sama ár allar götur fram á haustdaga 2004 og síðan utanríkisráðherra í tæpt ár. Um ferilinn sagði Davíð: „Ég hef verið afar fyrirferðarmikill í þessu öllu saman, meira að segja stundum svo að ýmsum hefur þótt nóg um.“

En Davíð kvaddi pólitíkina með eftirsjá. „Ég kveð auðvitað stjórnmálin með miklum söknuði því þau hafa verið líf mitt og yndi,“ sagði hann þegar hann kynnti ákvörðun sína.

## Eftirsjá af samstarfi

Geir Haarde tók við starfi Davíðs sem utanríkisráðherra og hann kvaddi formann sinn með söknuði. „Það er auðvitað mikil eftirsjá í Davíð Oddssyni sem nú ákveður að hætta afskiptum af stjórnmálum. Við höfum verið samherjar frá því í menntaskóla og höfum undanfarin fjórtán ár starfað þétt saman. Það er eftirsjá af því samstarfi,“ sagði Geir.

## Traustur og úrræðagóður

Aðrir stjórnmálaforingjar, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, lýstu sömuleiðis yfir eftirsjá af Davíð. Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, sem tók við forsætisráðherrastólnum af Davíð haustið 2004, bar lof á forvera sinn í starfi. „Davíð Oddsson á mjög farsælan feril að baki í stjórnmálum. Hann hefur verið í forystu íslenskra stjórnmála um langt skeið og reynst bæði traustur og úrræðagóður,“ sagði Halldór.



**DAVÍÐ BORGARSTJÓRI** Sjálfstæðisflokkurinn vann glæsilegan sigur í borgarstjórnarkosningum vorið 1982 undir forystu Davíðs Oddssonar, sem þar með varð borgarstjóri aðeins 34 ára að aldri.



**DAVÍÐ FORSÆTISRÁÐHERRA** Davíð Oddsson varð forsætisráðherra á vordögum árið 1991, þegar hann og Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokksins, mynduðu ríkisstjórn sem oft var kennd við Viðey.




**DAVÍÐ Á ÚTLEIÐ** Davíð Oddsson gengur út úr Valhöll að loknum blaðamannafundi þar sem hann tilkynnti um brotthvarf sitt af hinu pólitíska leiksviði.

## Verðugur andstæðingur

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, og Davíð Oddsson hafa tekið marga snerruna um pólitík gegnum árin og ekki alltaf verið mjög vinsamlega í hvors annars garð í orðum. Ingibjörg sagðist þó mundu sakna Davíðs. „Það eru auðvitað heilmikil pólitísk tíðindi þegar maður sem hefur sett jafnmikinn svip á stjórnmálin og Davíð Oddsson hefur gert er að hverfa af sjónarsviðinu. Davíð er mjög öflugur og verðugur andstæðingur og ég mun auðvitað sakna hans af hinum pólitíska leikvangi,“ sagði Ingibjörg Sólrún.

## Skarð hans vandfyllt

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, var stuttorður og gagnorður um brottför Davíðs. „Þetta eru heilmikil tímamót og ég óska Davíð Oddssyni og hans fjölskyldu alls góðs og fyrst og síðast góðrar heilsu og langra lífdaga.“

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins og fyrrum samherji Davíðs í Sjálfstæðisflokknum, hafði þetta að segja um brottför Davíðs: „Það verður náttúrlega mikil breyting í Sjálfstæðisflokknum við brottför Davíðs. Hann hefur lengi setið sem óumdeildur leiðtogi flokksins þannig að hans skarð verður vandfyllt eins og oft vill verða þegar öflugir leiðtogar hverfa af vettvangi.“

## Eitt af stóru nöfnunum

Lítið fór fyrir viðbrögðum erlendra stjórnmálaforingja við brotthvarfi Davíðs en Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, kvaddi Davíð þó með virktum í samtali við Fréttablaðið. „Davíð Oddsson er eitt af stóru nöfnunum í norrænum stjórnmálum síðari ára. Ég hef haft mikla ánægju af því að vinna með Davíð um margra ára skeið og mun sakna hans af sviði norrænna stjórnmála,“ sagði Göran Persson.

ssal@frettabladid.is

www.icelandexpress.is/heitipotturinn




# Heiti pottur Iceland Express er stútfullur af flugsætum á ótrúlegu áramótatilboði!

» Iceland Express vill þakka fyrir frábært ár sem er að líða og býður flugsæti til London, Kaupmannahafnar og Frankfurt Hahn á frábæru tilboði í Heita pottinum. Hvernig væri að prófa eitthvað nýtt um áramótin og skella sér í fjörið í London eða Kaupmannahöfn? Svo eru útsölurnar byrjaðar og hægt að gera frábær kaup þar sem úrvalið er endalaust.

ÚTSÖLURNAR ERU BYRJAÐAR!

» Farðu strax inn á **www.icelandexpress.is/heitipotturinn** – það er ekki eftir neinu að bíða!

Fíton/SÍA

**Verð frá: 3.849 kr.***
**Barnaverð frá: 1.701 kr.***

*Aðra leið með sköttum á tímabilinu 27. des.-5. jan. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600




HELSTU FRÉTTIR ÁRSINS > 2005




# Fangaflug, leynifangelsi og meintar pyntingar

**Í byrjun nóvembermánaðar upphófst mikil umræða beggja vegna Atlantsála um flutninga bandarísku leyniþjónustunnar CIA á föngum með flugi milli leynifangelsa í löndum utan Bandaríkjanna þar sem mönnum sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum kvað vera haldið föngnum með leynd og þeir yfirheyrðir - jafnvel pyntaðir.**

Fangaflugsmálið komst fyrst í fréttir hér á landi í kjölfar fyrirspurnar dansks þingmanns til varnarmálaráðherra Danmerkur um orðróm þess efnis að meintar fangaflutningavélar CIA hefðu flogið um danska lofthelgi. Í svari ráðherrans segir að eftir því sem hann kæmist næst hefðu slíkar vélar ítrekað farið um danska lofthelgi á síðustu árum. Ríkisstjórnin sendi varnarmálaráðuneytinu í Washington þá bréf þar sem afdráttarlaust segir að Danir frábiðji sér flug um sína lofthelgi „sem ekki samræmist alþjóðasáttmálum“. Í framhaldinu kom fram að slíkar meintar CIA-vélar hefðu flogið jafnvel oftar en sjötíu sinnum um íslenska lofthelgi og millilent oftsinnis á flugvöllunum í Keflavík og Reykjavík á síðustu fjórum árum.

### Liður í „stríði gegn hryðjuverkum“

Heimsathygli vakti málið þó fyrst þegar The Washington Post birti í byrjun nóvember greinar þar sem fullyrt var að CIA hefði falið marga mikilvægustu fanga „stríðsins gegn hryðjuverkum“ í leynifangelsum í Austur-Evrópu og víðar og stundað þar yfirheyrslur yfir þeim. Heimildarmenn blaðsins fyrir fréttinni voru fyrrverandi og núverandi leyniþjónustustarfsmenn og stjórnarerindrekar frá Bandaríkjunum og löndum í þremur heimsálfum. Hinar leynilegu fangabúðir voru sagðar hluti af leynilegu fangelsakerfi sem CIA kom á fót í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001. Kerfið hafi á þessu tímabili teygt anga sína til að minnsta kosti átta landa. Þar á meðal kváðu vera Taíland, Afganistan og nokkur fyrrverandi austantjaldslönd.

Að sögn Washington Post hvíldi mikil leynd yfir tilveru þessara „svörtu staða“, eins og þeir voru nefndir, og vissu aðeins fáeinir


**MEINT CIA-VÉL Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Millilenti hér hinn 16. nóvember.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.


**CONDOLEEZZA RICE** Ver aðgerðir Bandaríkjamanna í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**SZCZYTNO-SZYMANY-FLUGVÖLLUR** Líkur eru leiddar að því að eitt leynifangelsa CIA hafi verið af finna í grennd við þennan afskekkta flugvöll í NA-Póllandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

æðstu embættismenn í Bandaríkjunum og viðkomandi löndum um staðsetningu þeirra og starfsemi. Blaðið virðist hafa nöfn viðkomandi landa undir höndum en birti þau ekki að kröfu háttsettra fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í annarri grein fjallaði Washington Post sérstaklega um leynilegt fangaflug CIA. Hún var að miklu leyti byggð á upplýsingum frá Mannréttindavaktinni.

Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur birt margar skýrslur og vitnisburði um aðstæður og aðferðir sem beitt er í fangelsum hersins, einkum og sér í lagi eftir hneykslið vegna fangamisþyrminga í Abu Ghraib-fangelsinu í Bagdad og mikillar og gagnrýninnar fjölmiðlaumfjöllunar um fangabúðirnar í Guantanamo-flóa á Kúbu. Hins vegar hefur CIA hingað til ekki einu sinni gengist við tilvist hinna svonefndu „svörtu staða“ .

### Ímynd Bandaríkjanna bíður hnekki

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hélt í heimsókn til fjögurra Evrópulanda í annarri viku desember. Hún var þá fyrsti háttsetti fulltrúi Bandaríkjastjórnar sem tjáði sig eitthvað meira um fangaflugs- og leynifangelsaásakanirnar en að játa þeim hvorki né neita. Meginboðskapur Rice á fundum hennar með evrópskum ráðamönnum var að bandarísk stjórnvöld stæðu ekki í flutningum á grunuðum hryðjuverkamönnum til landa þar sem þeir væru pyntaðir. Hún sagði hins vegar að svonefnt „sérstakt framsal“ - en það kalla bandarískir ráðamenn flutninga á grunuðum hryðjuverkamönnum með leynd milli landa - væri lögmæt aðferð í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum.

Rice gaf í skyn að evrópskum bandamönnum Bandaríkjanna væri fullkunnugt um þessar aðferðir. Evrópskir gagnrýnendur stríðs Bandaríkjamanna gegn hryðjuverkum báru Rice hins vegar á brýn að fara frjálslega með skilgreininguna á pyntingum og snúa sér undan því að gefa skýr svör við ásökununum um fangaflug og leynifangelsi sem væru brot á ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessum umræðum kom líka upp spurningin um það hversu mikla vitneskju stjórnvöld í umræddum Evrópuríkjum hafi haft um fangaflutningana og leynifangelsin. Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna sem enn nýtur mikillar virðingar í Evrópu, sakaði þá evrópsku ráðamenn um skinheilagleika sem þættust ekkert hafa vitað um fangaflugið.

Í viðræðum sínum í Evrópu ítrekaði Rice þá staðhæfingu að bandarísk stjórnvöld virtu öll gildandi lög og alþjóðasamninga í baráttunni gegn hryðjuverkum. Þeirri staðhæfingu eru hins vegar margir Evrópubúar ekki tilbúnir að trúa. Jafnvel þótt efasemdir vaxi um að evrópskir stjórnmála- og leyniþjónustumenn hafi ekki verið upplýstir um hið umdeilda fangaflug CIA eru áhyggjur vaxandi meðal ráðamanna Evrópuríkjanna um að það kunni að teljast brot á ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Því var hafin rannsókn ásökununum bæði á vegum Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og yfirvalda í nokkrum Evrópuríkjum. Niðurstaðna úr þessum rannsóknum er að vænta á nýju ári.

audunn@frettabladid.is

# ÚTSALAN

## HEFST Á MORGUN KL. 12

KAREN MILLEN

## 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

KRINGLUNNI • S. 512 1735

LOKAÐ Í DAG

## „ORÐRÉTT“

*Nú, er það ekki Jón Ásgeir?*

**„Ég hef aðeins átt einn leiðtoga í lífinu og hann er Jesús Kristur.“**

HREINN LOFTSSON, STJÓRNARFORMAÐUR BAUGS, Í VIÐTALI VIÐ FRÉTTABLAÐIÐ.

*Kennarar gera nú kraftaverk*

**„Ég er hins vegar bara kennari en ekki kraftaverkamaður.“**

JESÚS SIGFÚS H. POTENCIANO KENNARI Í FRÉTTABLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞORSTEINN SIGFÚSSON SVÆÐISSTJÓRI ORKUBÚS VESTFJARÐA

# *Segjum aldrei neitt vont á Hólmavík*



„Héðan er bara allt ótrúlega gott að frétta,“ segir Þorsteinn Sigfússon, svæðisstjóri Orkubús Vestfjarða á Hólmavík, og honum er hlýtt til bæjarins. „Við segjum aldrei neitt vont á Hólmavík. Í þau fáu skipti sem eitthvað bjátar á þá leitum við bara lausna á því og gerum úr því gott.“

Þorsteinn segir ávallt vera líf og fjör hjá Orkubúinu. „Það er nóg um að vera og starfið hefur verið gott. Nú er allt með venjulegasta móti í þessum bransa á Vestfjörðum miðað við árstíma. Við gröfum kannski ekki marga skurði í frostinu en við höfum næg önnur verkefni. Við erum að ganga frá teikningum og að telja vörurnar í tilefni af áramótunum. Við erum að byggja og við erum að endurbæta því allt verður að vera í lagi svo ekkert bili. Það fer allt á annan endann ef orkudreifingin stöðvast.“

Starfið einskorðast þó ekki við Hólmavík. „Við höfum verið að leggja heimtaugar og heimaæðar fyrir hitaveitur úti um allar jarðir. Við vinnum auðvitað í Hólmavík en flækjumst líka í Reykhólasveit og Árneshrepp.“

Aðspurður segir Þorsteinn að merkjanlegur munur sé á orkunotkuninni um jólin og aðra daga ársins. „Já, mikil ósköp. Vestfirðingar skreyta mikið og elda enn meira. Það ætlar allt um koll að keyra hér í raforkunotkun.“

Þorsteinn hefur hvorki teljanlegar áhyggjur né er sérlega spenntur fyrir opnun raforkumarkaðarins. „Við búumst nú ekki við mikilli samkeppni hjá okkur eftir þetta og reiknum ekki með að margir skipti um veitu. Við veitum náttúrlega mjög góða þjónustu. Annars vitum við í rauninni voða lítið og segjum þar af leiðandi enn minna því þetta er stöðugt að breytast.“



## *FJÖLGUN Í SYDNEY*

Snjóhlébarðaynjan Samarru, sem nýr í dýragarðinum í Sydney í Ástralíu, ól nýlega tvo unga sem dafna afar vel. Þeir hafa vitanlega vakið mikla athygli í heimaborg sinni enda fátítt að snjóhlébarðaungir fæðist í dýragörðum. Tæknifrjóvgun var beitt til að koma ungunum undir og er faðirinn Leó búsettur í dýragarði í Þýskalandi. Ungarnir eru enn ónefndir.





FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ingi Björnsson er annar besti kranastjóri í Evrópu

**Ingi Björnsson, starfsmaður Feðga ehf., vann silfurverðlaun á Evrópumótinu í kranastjórnun. Hann stefnir að sigri að ári.**

„Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir Ingi kranastjóri um árangurinn góða á Evrópumótinu sem fram fór í Þýskalandi. Hann sigraði á Íslandsmótinu í kranastjórnun sem fram fór í ágúst og var því fulltrúi lands og þjóðar á Evrópumótinu. Þýski kranaframleiðandinn Liebherr stendur að Evrópumótinu og Merkúr, umboðsaðili Liebherr á Íslandi, annaðist framkvæmd Íslandsmótsins.

Það var heimamaður sem bar sigur úr býtum og segir Ingi að sá hafi haft svolítið forskot. „Hann vinnur á krana með sama stýrikerfi og kraninn sem notaður var í keppninni.“ Ingi vinnur hins vegar á öðruvísi krana og hafði því litla reynslu af tegundinni sem keppt var á. Eins og gefur að skilja getur slíkt skipt máli. Aðstæður voru góðar og veður ágætt, þrátt fyrir fimm stiga frost.

Ingi fór ekki tómhentur heim, hann hlaut miða á leik í Meistaradeild Evrópu að launum og má ráða hvaða leik hann sér. „Ég er nú enginn sérstakur áhugamaður um knattspyrnu en finnst gaman að fara á völlinn,“ segir Ingi, sem hefur hugsað sér að bregða sér utan þegar nær dregur úrslitum, jafnvel að sjá sjálfan úrslitaleikinn.

Evrópumeistaramótið vakti talsverða athygli í þýskum fjölmiðlum enda fylgdist fjöldi blaðamanna með gangi mála.

Ingi er staðráðinn í að koma heim með gullverðlaunin á næsta ári enda lítið fyrir að láta í minni pokann. „Ég sagði við þá að ég myndi koma aftur og ég vona að sigurvegarinn verði líka með þá svo ég geti lagt hann,“ segir annar besti kranastjóri í Evrópu.




**INGI BJÖRNSSON** Annar besti kranastjóri í Evrópu að störfum.

**VERÐLAUNAHAFARNIR** Þjóðverjinn sem sigraði vinnur á eins krana og keppt var á og hafði því svolítið forskot á Inga. Ingi er til hægri á myndinni með knött í hönd.




# Sprellað í íslenskum snjó

Nýverið var nýr snjótroðari Hjálparsveitar skáta í Reykjavík prófaður í Bláfjöllum. Nokkrum konum sem fluttu til landsins frá Kólumbíu í haust var boðið með í ferðalagið.

Spenna og eftirvænting ríkti meðal kvennanna, sem ekki eru vanar snjó í heitu heimalandinu. Spennan var líka til staðar hjá hjálparsveitarmönnunum, sem iðuðu í skinninu að sjá hvernig nýi troðarinn reyndist. Kom í ljós að hann er hinn ágætasti.

Kólumbísku konurnar fluttu til Íslands í haust en þær komu frá flóttamannabúðum í Ekvador. Hafa þær verið skilgreindar „konur í hættu“ af alþjóða Rauða krossinum. Kólumbíumennirnir eru samtals 24, konur og börn þeirra.

Koma þeirra hingað til lands var samvinnuverkefni Rauða krossins, Reykjavíkurborgar og ríkisins.



**JIBBÍ JEI** Konunum frá Kólumbíu fannst gaman í snjónum í Bláfjöllum á dögunum enda klæddu þær af sér kuldann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Veldu Focus C-Max www.ford.is

## Vertu smart á nýju ári

- Kauptu stærri bíl á minna verði
- Kauptu bíl á betri kjörum
- Kauptu fjölhæfari og smartari bíl

Nýtt tákn um gæði




**Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu**

**Focus C-Max. Nú einnig með öflugri 2 lítra, 145 hestafla vél og sjálfskiptingu**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

### Nýársuppbót á nýjum Focus C-Max

# Kauptu C-Max ódýrastur í dag

► Ford Focus C-Max er skemmtilegur bíll - fallegur og fjölbreyttur. Smart hönnun og einstaklega þægilegt aðgengi gerir þér kleift að njóta lífsins til fullnustu á nýju ári. Focus C-Max hentar fjölskyldufólki afar vel enda sérstaklega hannaður fyrir alla – stóra sem smáa. Komdu í Brimborg. Skoðaðu smart hönnun, breytilegt farangursrýmið, sætin. Finndu þægindin. Þú situr hærra, meira útsýni. Finndu hvað hann er lipur í akstri. Nýttu þér nýárstilboð Brimborgar – Focus C-Max er ódýrastur í dag.

Tækni og búnaður Focus C-Max er mjög sérstakur. Spurðu söluráðgjafa Ford á Íslandi hvers vegna þú ættir að fá þér Focus C-Max. Focus C-Max er ríkulega hlaðinn búnaði sem ekki er að finna í öllum bílum. Framrúðan er upphitanleg sem þýðir að þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur. Ath. Öll upphituð! Komdu í Brimborg. Veldu Ford.



**Tugþúsunda tilboðskarfa að verðmæti allt að 283.000 kr.**

- Betri kjör en áður
- Meiri afsláttur en áður
- Lægra verð en áður
- Upphitanleg framrúða (öll upphitanleg)
- Gæða vetrardekk undir bílinn (og sumardekkin í skottið)

**Og meira er að finna í tilboðskörfu Brimborgar**

- Lægri útborgun en áður
- Lægri vextir en áður
- Lægri lánagjöld en áður
- Lægri mánaðargreiðslur en áður
- Meiri gæði en áður
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus C-Max.*

**Vertu smart. Nýr C-Max fyrir nýtt ár**

**Ofurlétt stýri eftir þörfum hvers og eins[1)]**
**Þú getur stillt léttleika stýrisins á mjög einfaldan hátt eftir aðstæðum**

**Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið**

**Kraftmikil vél, 2 lítra, 145 hestöfl**

**Ný frábær sjálfskipting[1)] á frábæru verði**



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
1,6i 5 gíra, Ford Focus C-Max Trend

| | |
|---|---|
| Verð með nýársuppbót | **1.845.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 22.200 kr.<br>369.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 25.000 kr.<br>184.500 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 32.200 kr. |



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Trend

| | |
|---|---|
| Verð með nýársuppbót | **2.070.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 25.000 kr.<br>414.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 28.000 kr.<br>207.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 34.600 kr. |



C-Max Ghia dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Ghia

| | |
|---|---|
| Verð með nýársuppbót | **2.260.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 27.250 kr.<br>452.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 30.600 kr.<br>226.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 37.800 kr. |

**Veldu Ford Focus C-Max**

## Skoðaðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (140% aukning frá 2003) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% eða 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. [1)]Aðeins með 2 lítra vél.

## Svona erum við

> Fjöldi skráðra meðlima í þjóðkirkjunni




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** INNFLUTNINGUR Á HUNDUM

# *Kostar allt að 350 þúsund krónur*

Algengt er orðið að Íslendingar flytji inn hunda og önnur gæludýr en það getur verið flókið ferli. Margt spilar inn í við slíkan innflutning og á komandi ári verða nokkrar breytingar á þessu sviði þar sem einangrunarstöðinni í Hrísey hefur verið lokað og ný stöð opnuð á Reykjanesi.

**Hver er kostnaðurinn?**
Eftir að umsókn um innflutning er samþykkt, en umsóknareyðublöð má finna á vefsíðu embættis yfirdýralæknis, þarf að greiða 19.684 krónur í staðgreiðslugjald. Innifalið í því er heilbrigðis- og upprunavottun yfirdýralæknis og eftirlit dýralæknis á komustað og vistunarstað hundsins meðan hann er í sóttkví. Kostnaður við fjögurra vikna dvöl í einangrunarstöð, auk blóðprufa og rannsókna er svo mismunandi eftir stærð dýrsins, en er á bilinu 140.000 til 170.000 krónur. Við þetta allt bætist svo flugfar og önnur gjöld í útflutningslandinu sem fara eftir því hvert það er. Óhætt er þó að segja að kostnaður sé ekki undir 200.000 krónum þar til hundurinn er kominn til eiganda og er sennilega allavega 350.000 ef um hreinræktað dýr er að ræða.

**Hve langan tíma tekur ferlið?**
Panta þarf dvöl á einangrunarstöð með fyrirvara, en bið eftir plássi er oft þrír til fjórir mánuðir. Stöðvarnar taka við dýrum aðeins tvisvar í mánuði og því er einungis hægt að flytja dýr inn til landsins á þeim dögum. Hundarnir þurfa svo að vera minnst fjórar vikur í einangrun, en það getur lengst komi eitthvað upp á varðandi heilsufar þeirra.

**Hvaða tegundir eru leyfilegar?**
Lista yfir bannaðar tegundir má finna á vef landbúnaðarráðuneytisins, og á honum eru meðal annars Bull Terrier, eða Pit Bull hundar og Argentínuhundar auk úlfblendinga. Þó að tegund sé ekki á lista má yfirdýralæknir meina innflutning á einstökum hundum og hefur hann lokaorð varðandi allan innflutning. Auk þess þarf hundurinn að vera minnst 5 mánaða gamall og fleiri skilyrði þarf að uppfylla sem sjá má á fyrrnefndri heimasíðu.

**Hvað ef hundurinn stenst ekki skoðun?** Ef hundurinn stenst ekki skoðun við komu á Keflavíkurflugvöll þar sem dýralæknir fer yfir pappíra og grunnskoðun er honum annaðhvort vísað til baka, og þarf þá innflytjandi að borga farið til baka, eða honum er lógað. Ef hundurinn hins vegar verður veikur á einangrunarstöð er reynt að meðhöndla það í samráði við eiganda.

## SPURT OG SVARAÐ

FLUGELDAR



**JÓN INGI SIGVALDASON**
Sölu- og markaðsstjóri flugeldasölu

### *Aldrei barnaleikföng*

Almenn sala flugelda hefst á morgun og hefur starfsfólk Landsbjargar haft í nógu að snúast undanfarið við undirbúninginn. Talið er að upphæð flugeldasölu slysavarnafélagsins þetta árið komi til með að vera einhvers staðar í kringum fimm til sex hundruð milljónir. Leiðinlegur fylgifiskur áramóta er slysin á hverju ári. Til að stuðla að slysalausum áramótum er nauðsynlegt að fara að öllu með gát. Jón Ingi Sigvaldason er sölu- og markaðsstjóri flugeldasölu Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

**Hvernig á að meðhöndla flugelda?**
Fólk þarf að meðhöndla flugelda með mikilli varúð og fara eftir þeim reglum sem standa utan á flugeldunum. Það er afar mikilvægt að nota hlífðargleraugu og vettlinga í öllum tilfellum. Flugeldar eru umfram allt ekki barnaleikföng.

**Hvað ber að varast?**
Áfengi og flugeldar fara aldrei saman. Varast skal að sprengja flugelda í nágrenni við húsnæði, elliheimili, húsdýr eða bensínstöðvar og alls ekki beina þeim að neinum. Einnig er mikilvægt að huga vel að því að undirstaðan sé trygg.

**Hver er vinsælasta bomban?**
Það selst mest af bardagakökunum sem eru stærstu kökurnar. Þær eru nefndar eftir frægum bardögum í Íslandssögunni og er Grundarfjarðarbardagakakan vinsælust enda stórfengleg. Kappakökurnar, sem eru að sama skapi nefndar eftir frægum köppum, eru líka mjög vinsælar, en þar er Grettir karlinn fremstur meðal jafningja.

# Uppbygging í skugga hamfaranna

**Ár er nú liðið síðan gríðarstór flóðbylgja reið yfir strandhéruð við Indlandshaf á annan dag jóla. Flóðbylgjan hreif með sér allt sem á vegi varð og 216.000 manns létust eða er saknað eftir hamfarirnar.**



**ÁRI EFTIR HAMFARIRNAR** Fiskimaður lagar net sín við bráðabirgðaskýli fyrir fórnarlömb flóðbylgjunnar á Indlandi. Réttu ári eftir hamfarirnar hefur tekist að bæta nær alla fiskibáta sem sjórinn hreif með sér.

Margt hefur áunnist á árinu og bera litlir bæir við sjávarsíðuna sem hægt og hægt hafa verið að rísa á ný gjafmildi jarðarbúa vitni. Engu að síður búa tugir þúsunda enn við ófullnægjandi aðstæður í rústum híbýla sinna eða skýlum sem reist hafa verið til bráðabirgða.

Þó virðist sem svo að lífið sé smátt og smátt að komast í fyrra horf á flóðasvæðunum. Tveir af hverjum þremur þeirra sem misstu vinnuna í kjölfar flóðbylgjunnar eru aftur komnir til starfa og er talið að mikill meirihluti þeirra verði aftur farinn að vinna í lok næsta árs. Tvær milljónir manna eru taldar hafa orðið fátækt að bráð vegna náttúruhamfaranna. Smábændur og fiskifjölskyldur eru meðal þeirra sem verst urðu úti og eru enn mjög viðkvæm fyrir hvers kyns áföllum. Góður árangur hefur þó náðst á mörgum sviðum, tekist hefur að bæta nær alla þá fiskibáta sem flóðbylgjan hrifsaði með sér og þúsundir hektara af akurlendi hafa verið hreinsaðir og þar verið sáð á ný.

Hægt hefði verið að bjarga fjölda mannslífa, í Taílandi og Srí Lanka til að mynda, ef gefin hefði verið út viðvörun um að flóðbylgjan væri á leiðinni. Nú er unnið að því að búa til gott viðvörunarkerfi ef sagan endurtekur sig.

Margir einblína á hátæknibúnað í því skyni, en bent hefur verið á að slíkt sé gagnslaust ef ekki takist að ná til fólksins í strandhéruðunum fljótt og örugglega. Taíland og Indland hafa komið upp upplýsingamiðstöðvum í því skyni og verið er að hanna undankomuleiðir í Indónesíu. Kerfin eiga þó enn langt í land.

Tveggja mánaða gömul stúlka, sú fyrsta sem fæddist í flóttamannabúðunum í Jantho í Indónesíu, hefur jafnframt veitt konum sem misstu börn sín í hamförunum mikla huggun. Fjölda barna er vænst á flóðasvæðum á næstu mánuðum þegar fórnarlömb hamfaranna byggja upp fjölskyldur á ný. Talið er að þriðjungur þeirra sem fórust hafi verið börn.

Undir niðri lifir því flóðbylgjan enn, í minningum fólksins sem upplifði hörmungarnar. Áhrif náttúruhamfaranna má til að mynda greinilega sjá á börnum á flóðasvæðunum, þrátt fyrir að uppbygging á svæðunum gangi að öðru leyti vel.

Börn í Indónesíu, sem verst varð úti, reyndust mun svartsýnni um framtíð sína en börn frá Indlandi, Taílandi og Srí Lanka. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna telur að það endurspegli þá erfiðu lífsreynslu sem börnin urðu fyrir, en meirihluti indónesísku barnanna missti að minnsta kosti einn fjölskyldumeðlim í hamförunum.



**HEIMILIÐ ENN RÚSTIR EINAR** Kona hengir upp þvott á rústum húss síns á flóðasvæðum nærri Madras á Indlandi. Ári eftir flóðbylgjuna býr fimmtungur þeirra sem misstu heimili sín ennþá í bráðabirgðahúsnæði við lélegar aðstæður.

Á árinu sem liðið er frá atburðunum hefur miklu verið komið í verk og hafa mjög margir lagt hönd á plóginn, bæði heimamenn og mikill fjöldi sjálfboðaliða frá öðrum löndum.

Margt vantar þó enn upp á en sem betur fer býður enn umtalsvert fjármagn þess að hægt verði að byggja hús, brýr, vegi og skóla í stað þeirra sem skoluðust á haf út. Ómögulegt er þó að bæta það gríðarlega manntjón sem varð og útilokað annað en að fórnarlömb hamfaranna muni bera merki þeirra til lífstíðar.



**LÍFIÐ HELDUR ÁFRAM** Nýir bátar og iðandi mannlíf við höfnina í indversku hafnarborginni Kasimedo, sem varð mjög illa úti í náttúruhamförunum fyrir réttu ári síðan.



FRÉTTASKÝRING
HELGA TRYGGVADÓTTIR
helgat@frettabladid.is




Nemi í Taílandi segir uppbyggingu flóðasvæða ganga vel:

# Fólk ákveðið að halda lífinu áfram

„Stærsta vandamálið einmitt núna er að byggja aftur upp sterk samfélög,“ segir Bergur Finnbogason, nemi í arkítektúr, sem staddur er á flóðasvæðum í Taílandi.

Bergur er skiptinemi í höfuðborginni Bangkok. Þar hefur hann unnið að verkefni um uppbyggingu í litlu þorpi, skammt norður af eyjunni Phuket, sem jafnaðist við jörðu í hamförunum.

Fyrsti áfangi verkefnis bekkjar Bergs snerist um að aðstoða íbúa við að byggja hús og nú eru þau að hanna, teikna og munu einnig vinna að byggingu samskiptamiðstöðvar fyrir þorpið.

Bergur segir gríðarlegan áhuga á svæðinu og og mikið fjármagn hafi streymt að í kjölfar hamfaranna á síðasta ári.



Mikill fjöldi sjálfboðaliða sé á svæðinu og uppbygging þar gangi vel.

„Eyðileggingin af völdum flóðbylgjunnar var auðvitað gríðarleg. Það fóru ekki bara hús og bílar í sjóinn heldur höfðu atburðirnir líka áhrif á annað, til dæmis sjálfstraust fólksins,“ segir Bergur.

Bergur segir stemninguna á flóðasvæðunum nokkuð góða og ekki jafn mikil sorg yfir fólki og hann hefði talið. „Ég held að fólk hafi tekið ákvörðun um að halda lífinu áfram og taka hamförunum eins og hverri annarri áskorun sem takast þarf á við.“

**BERGUR FINNBOGASON** Vinnur að endurbyggingu þorps á flóðasvæðunum í Taílandi með samstúdentum sínum í Bangkok, þar sem hann er við skiptinám í arkítektúr.

# Jónas R. og Shady Owens

## syngja með hljómsveit allra tíma á nýárskvöld

## Sögulegur atburður í Súlnasal Hótel Sögu

Tónlist frá sjöunda áratugnum mun hljóma í Súlnasalnum, leikin og sungin af þeim sem sköpuðu hana á sínum tíma.

**Matseðill**

Saltfiskterrine og innbakaður kóngakrabbi með reyktri papriku og humgargljáa.

Villisveppahjúpuð dádýralund með sætkartöflumosaik og djúpsteiktum blámygluosti.

Heit súkkulaðikaka og hvítur súkkulaðiteningur fylltur með hindberjakaramellu.

**Nokkur sæti enn laus í matinn. Dansleikurinn hefst kl. 12 á miðnætti.**

**Aðeins í þetta eina skipti munu þessir frábæru tónlistarmenn og söngvarar hittast á ný.**

*Arnar Sigurbjörnsson* - *gítar (Flowers, Brimkló)*
*Ásgeir Óskarsson* - *trommur (Stuðmenn)*
*Björgvin Gíslason* - *gítar (Náttúra, Pops)*
*Eyþór Gunnarsson* - *hljómborð/píanó (Mezzoforte, Stuðmenn)*
*Guðmundur Benediktsson* - *gítar/hljómborð (Mánar, Brimkló)*
*Haraldur Þorsteinsson* - *bassi (Brimkló)*

*Valgeir Guðjónsson og Diddú skemmta matargestum í anda Spilverks þjóðanna.*

Miðaverð á dansleik er **3.800** kr. Sala aðgöngumiða fer fram við innganginn eða í síma **525 9802**.

hausverk / SIA / 5162




## Apple lyklaborð

USB tengt / íslenskir stafir
mjög þægilegt

~~5.490~~ **4.590**

aðeins 50 stk.



## Canon Pixma ip2200

4800 x 1200 dpi / 22 bls. á mín
ljósmyndagæði / 195 bls blek ending

~~11.900~~ **6.990**

aðeins 30 stk.



## LaCie Mac mini

Hannaður til að passa fyrir Mac mini
FireWire / einfaldur í notkun

~~frá 14.900~~ **frá 12.900**

aðeins 30 stk.



## iPod aukahlutir

Áttu iPod? Hvernig væri þá að gefa honum nýársgjöf og finna hinn fullkomna aukahlut handa honum? Töskur, tengi, heyrnartól, útvarpssendar og margt fleira.

**15% afsláttur**



## Leikir

Það er ekki hollt að vinna bara og vinna, enda er tölvan til margs annars nýtileg. Fáðu þér skemmtilegan leik og róaðu þig niður eftir jólaösina.

**20% afsláttur**





12", 15", 17" PowerBook | iBook | iMac | Mac mini | G5 | 30", 23" og 20" Apple flatskjáir

# Áramótagleði
# 27. – 31. desember

## PowerBook G4 12”
1,5 GHz / 512 MB / 80 GB / Tiger
SuperDrive / íslenskt lyklaborð
~~149.900~~ **129.900**
aðeins 5 stk.



## iBook G4 12”
1,33 GHz / 512 MB / 40 GB / Tiger
Combo / íslenskt lyklaborð
~~99.900~~ **84.900**
aðeins 10 stk.




## PowerBook G4 15”
1,67 GHz / 512 MB / 80 GB / Tiger
SuperDrive / íslenskt lyklaborð
~~189.900~~ **164.900**
aðeins 5 stk.



## Töskur
Flottar tölvur eiga skilið flottar töskur og við erum með rétta úrvalið. Töskur í öllum stærðum, litum og mynstrum. Taktu litunum með opnum örmum í skammdeginu.

**15% afsláttur**








## Hugbúnaður
Vissulega kemur ótrúlega mikið af góðum hugbúnaði með öllum Apple tölvum. En stundum þarftu eitthvað aðeins meira. Gott úrval af öllum helstu forritunum sem þú þarft.

**20% afsláttur**













Airport


Tiger

## Opnunartímar
| | |
|---|---|
| Þriðjudag – föstudag | 10:00 – 18:00 |
| Laugardag | 10:00 – 14:00 |

## Apple IMC
Brautarholti 10–14
105 Reykjavík
Sími 534 3400
www.apple.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Jólahaldið sameinar íslensku þjóðina:

## Hátíð gleðinnar

Mörgum finnst að í aðdraganda jólanna gleymist oft tilefni þeirra. Neyslukapphlaupið yfirskyggi allt annað. Jólasveinar séu meira áberandi en Frelsarinn og boðskapur hans. En þó má ekki gleyma því að kirkjur landsins eru vel sóttar helgidagana. Þessi jól voru þar engin undantekning. Á aðventunni er kirkjustarf einnig öflugt eins og fram kom í viðtali við séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprest hér í blaðinu á Þorláksmessu. „Íslendingar eru mjög einhuga í því að halda gleðileg jól, eiginlega alveg óháð því hvaða áherslur þeir hafa að öðru leyti í lífi sínu. Fátt sameinar þjóðina eins vel og jólahaldið," sagði hann. „Ég skynja meiri gleði í kringum jólin og mér finnst vera minna um vandamál. Fólk leyfir sér kannski að gleyma þeim um stundarsakir eða yfirstígur þau jafnvel," sagði séra Hjálmar.

*Jólin eiga auðvitað að vera hátíð gleðinnar öðru fremur. Ekki þó neysluglеði heldur hinnar sönnu innri gleði sem leiðir af því að láta gott af sér leiða og rækta uppbyggilegt samband við sína nánustu og náungann.*

Þessi orð dómkirkjuprestins eru uppörvandi. Jólin eiga auðvitað að vera hátíð gleðinnar öðru fremur. Ekki þó neyslugleði heldur hinnar sönnu innri gleði sem leiðir af því að láta gott af sér leiða og rækta uppbyggilegt samband við sína nánustu og náungann.

En heldur var hún nú dapurleg forsíðufréttin sem þetta blað flutti á föstudaginn. „Margir í meðferð eftir jól" sagði þar. Haft var eftir Þórarni Tyrfingssyni yfirlækni á Vogi, meðferðarstöð SÁÁ, að í janúar mætti eiga von á mörgum nýjum andlitum. „Þetta er oft fólk sem hefur brugðist skyldum sínum gagnvart fjölskyldunni yfir hátíðarnar og ekki mætt í jólaboð vegna drykkju," sagði hann og bætti við: „Fólk er oft mjög tilfinningaríkt um jólin og því verða þessi mál oft að miklu hitamáli sem stundum opnar augu drykkjumannsins fyrir vandanum." Það er auðvitað kostur ef jólin hreyfa þannig við fólki sem lent hefur í öngstræti, en betur væri að slík viðhorfsbreyting yrði fyrir hátíðarnar en eftir þær, þegar helgihaldinu hefur verið spillt með tilheyrandi sárindum og vanlíðan. Þó að ástæða sé til að gleðjast yfir sérhverjum ofdrykkjumanni sem leitar sér meðferðar væri ástæða til meiri gleði ef menn kynnu sér almennt meiri hóf á þessu sviði.

Svo má ekki gleyma því að með vaxandi fjölmenningu á Íslandi fjölgar þeim sem ekki halda hefðbundin kristileg jól. „Við gleðjumst og tökum þátt í jólahátíðinni með kristnum bræðrum okkar, engin spurning," sagði Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, í Fréttablaðinu á föstudaginn. Þetta er rétta afstaðan. Um leið og kristnir Íslendingar hljóta að sýna fólki, sem rækir önnur trúarbrögð eða engin, umburðarlyndi, hljóta hinir síðarnefndu að laga sig að hefð og menningu þorra þjóðarinnar. „Þetta snýst að miklu leyti um ljósin og fegurðina í skammdeginu," sagði Salmann Tamimi og minnti réttilega á að mikilvægast væri að huga að þeim sem minna mættu sín og þeim sem væru einir yfir jólin.

Ólík trúarbrögð og veraldarhyggja eru hluti af nútímanum á Íslandi en hvorugt þarf að spilla jólagleðinni og tækifærum sem jólin færa okkur til að rækta okkar betri hliðar.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kom Sillén 1920?

Í nýjasta hefti Þjóðmála gerir Snorri G. Bergsson sagnfræðingur að umtalsefni það sem hann kallar „kostulegan misskilning" tveggja manna, Árna Snævars fyrrverandi fréttamanns og Jóns Ólafssonar kennara á Bifröst. Þeir hafi haldið því fram, Árni í bókinni *Liðsmenn Moskvu* (1992) og Jón í *Kæru félagar* (1999), að Hugo Sillén, þáverandi foringi sænskra ungkommúnista, hafi komið til Íslands sem fulltrúi Komintern, alþjóðasambands kommúnista, árið 1920 til að leggja á ráðin um kommúnískt trúboð hér á landi. Snorri segir að þetta hafi alla tíð hljómað undarlega, því engar íslenskar heimildir séu fyrir þessu. Koma sænsks ungkommúnista hefði á þessum tíma vakið mikla athygli og erlendir gestir voru yfirleitt nafngreindir í blöðunum þegar þeir stigu á land af skipsfjöl.



### Skjal í Moskvu

Hver er þá heimild Árna og Jóns? Það er sama heimildin sem þeir vitna báðir í, bréf sem Sillén þessi á að hafa skrifað óþekktum sænskum kommúnista frá Reykjavík. Bréfið fannst í skjalasafni Komintern í Moskvu árið 1992. Snorri G. Bergsson segir að eitthvað hafi þeir félagar verið annars hugar þegar þeir skoðuðu þetta bréf. „Ætla hefði mátt að þeir hefðu haft varann á vegna margs konar ónákvæmni sem kemur fram í bréfinu, auk þess sem ýmsar upplýsingar í bréfinu standast alls ekki ef Sillén hefur haldið um pennann," skrifar Snorri. Hann segir að svo skemmtilega vilji til að bréfritarinn, sem Árni og Jón telja vera Sillén ungkommúnista, hafi upplifað sams konar reynslu og íslenskur kommúnisti, Hendrik nokkur Ottósson, segir frá í bókinni *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands*, að lenda í útistöðum við breskan embættismann á leiðinni frá Leith til Íslands.

### Sillinn

Og kemur ekki á daginn að Hendrik er lykillinn að lausn gátunnar. Hann gekk nefnilega undir nafninu *Sillinn* meðal félaga sinna í gamla kommúnistaflokknum. Vinur hans Einar Olgeirsson var kallaður *Ollinn*, Brynjólfur Bjarnason *Billinn* og Ársæll Sigurðsson *Sælinn*. Og við nánari athugun á bréfinu í Moskvu kemur í ljós að undir því stendur ekki Sillén heldur *Sillinn*. „Hugo Sillén kom hins vegar til Íslands árin 1928 og 1930, eins og lengi hefur verið kunnugt, í erindum Komintern til að undirbúa stofnun kommúnistaflokksins," segir Snorri.

gm@frettabladid.is

# Skotglaðir Íslendingar og björgunarsveitir

**Í DAG**
ÁRAMÓT



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Þegar ég lít yfir upplýstan himininn hugsa ég um mannslífin sem björgunarsveitarmenn eiga eftir að bjarga á nýju ári vegna þess að við keyptum af þeim flugelda.*

Þá er daginn tekið að lengja á nýjan leik. Enn höfum við þraukað svartasta skammdegið – eða að minnsta kosti stysta daginn og nú lengjast þeir um hænufet, hver af öðrum. Fyrr en varir verður komið vor og svo sumar og að því liðnu haustar á ný og þannig höldum við áfram, hring eftir hring. Vonandi hefur jólahátíðin sjálf fært landsmönnum gleði og frið í hjarta. Vonandi hafa fjölskyldur fagnað saman og fundið kærleikann sem býr innra með hverjum og einum.

Og framundan eru áramótin. Þessi undarlega stund milli vita, þegar við lítum til baka, flest vonandi með nokkrum söknuði en einhverjir eru fegnir að sjá erfitt ár að baki. Þannig er lífið. Og flestir horfa fram á veginn með von í hjarta, von um gott og gæfuríkt ár. Margir eru fullir fagurra fyrirheita fyrir nýtt ár. Ætla að bæta sig á ýmsum sviðum, væntanlega ætla allir að gera sitt besta – enda gerir enginn betur en það.

Það var nokkurt áfall að heyra að nýr útvarpsstjóri ætlaði ekki að flytja þjóðinni áramótaávarp en sjálfsagt tákn nýrra tíma. Ég vænti þess þó að Ríkisútvarpið ætli áfram að lofa okkur að horfa á árið hverfa hægt og hægt síðustu mínútuna fyrir tólf og sjá svo nýja árið fæðast á áramótum. Fjölmargir láta flugeldasýningar áramótanna ekki trufla sig frá þeirri klökku stund.

En það er þetta með flugeldasýningarnar. Þetta er víst séríslenskur siður. Reyndar skjóta fleiri þjóðir upp flugeldum á hátíðarstundum, ekki síst um áramót. Magnið er hinsvegar séríslenskur siður eins og varðandi svo margt annað. Við kunnum okkur ekki alltaf hóf, Íslendingar. Við erum svo skotglöð á áramótum að innflutningur ferðamanna á þessum tímamótum er drjúg tekjulund, sem er auðvitað bara besta mál. En hingað kemur sem sagt sístækkandi hópur ferðamanna ár hvert til að horfa á ósköpin - eða dýrðina, eftir því hvernig á það er litið. Ég horfi hinsvegar til himins með blendnum tilfinningum þessa stund. Það er ótrúlegt að sjá hversu mikil fjárráð fólk hefur til að lýsa upp himininn eina kvöldstund. Reyndar er þetta bara afar skemmtilegt, eina kvöldstund. Þegar fólk er hinsvegar byrjað að skjóta upp flugeldum á þriðja í jólum, ef ekki fyrr, skothríðin er orðin linnulítil síðasta dag ársins og heldur sleitulítið áfram fram á morgun nýársdags og síðan mætti halda að við byggjum í stríðshrjáðu landi allt fram yfir þrettánda þá er mér eiginlega nóg boðið. Það skal viðurkennt að mér finnst þetta mjög þreytandi nema í 2-3 klukkustundir um áramótin sjálf.

Það er þó huggun harmi gegn að bróðurpartur fjármagnsins sem kemur inn fyrir flugeldasölu fer til góðs málefnis. Án björgunar- og hjálparsveitanna okkar væri mun erfiðara um vik í landinu. Sjálfboðaliðar á öllum aldri og af báðum kynjum eru reiðubúnir að hlaupa út fyrirvaralaust hvenær sólarhringsins sem er og hvenær ársins sem er. Við sátum á aðfangadagskvöld fyrir ári síðan yfir steikinni, fjölskyldan, þegar viðstaddur tengdasonur var beðinn um að vera í viðbragðsstöðu. Ekki kom til þess að hann færi sjálfur út þetta kvöld en fjölmargir félagar hans leituðu drykklanga stund að týndum landa okkar. Sú leit bar góðan árangur, sem betur fer. Menn hlaupa út frá fjölskyldunni, út úr fjölskylduboðum, afmælum barnanna sinna, rjúka út frá jólasteikinni og jafnvel út úr jólamessunni. Komi útkall er einskis spurt. Hvort sem um er að ræða týnda rjúpnaskyttu eða strandað skip, snjóflóð eða börn á villigötum.

Fleiri hundruð manns um allt land eru viðbúin að hlaupa undir bagga og bjarga náunganum. Oftar en ekki hefur náunginn komið sér sjálfur í klemmu með gáleysi af einhverju tagi. Hann leggur af stað vanbúinn, án fjarskiptamöguleika og lætur ekki vita af sér. Og hjálparsveitarmenn fara af stað. Eftir að hafa fylgst nokkuð grannt með störfum þessara manna um árabil ber ég ótakmarkaða virðingu fyrir þeim. Þess vegna sætti ég mig betur við flugeldafár áramótanna en ella. Þegar ég lít yfir upplýstan himininn hugsa ég um mannslífin sem björgunarsveitarmenn eiga eftir að bjarga á nýju ári vegna þess að við keyptum af þeim flugelda. Þess vegna geta þeir átt nauðsynlegan búnað, sinnt æfingum og hlaupið til þegar við þurfum á þeim að halda. Það er ekki öðrum til að dreifa og ekki nema sjálfsagt að við sýnum þessu fólki þakklæti okkar í verki og kaupum af þeim flugelda – allt í hófi samt. Gleðileg áramót. ■


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.29 | 15.36 |
| Akureyri | 11.37 | 13.14 | 14.50 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagurinn 27. desember, 361. dagur ársins 2005.



heilsa o.fl.
**BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR**
Á leið í Vasagöngu
BLS. 2

áramót o.fl.
**KJÓLAR**
Nauðsynlegir um áramótin
BLS. 5

heimili o.fl.
**MOKKABOLLAR**
Lífga upp á heimilið
BLS. 6




KRÍLIN





## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Linda Jónsdóttir einkaþjálfari segir fleiri og fleiri endast allt árið í líkamsrækt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aðsókn eykst um 20 prósent í janúar

***Meðal alvinsælustu áramótaheita er að léttast, komast í form og taka á í ræktinni. Það er því ekki skrítið að janúar sé erilsamur á líkamsræktarstöðvum.***

Eftir jólahátíð með tilheyrandi veisluhöldum fara margir að huga að því að koma sér í form. Margir byrja í líkamsrækt í janúar en þeir eru ekki jafn margir sem endast í ræktinni þó þeim fari fjölgandi sem stunda líkamsrækt allt árið og hafa gert hreyfingu hluta af daglegu lífi.

„Aðsóknin í janúar eykst um tuttugu prósent,“ segir Linda Jónsdóttir, einkaþjálfari í Hreyfingu. „Það endast ekki allir út árið og í apríl og maí dettur nokkur fjöldi út. Margir endast samt lengur og þeim er alltaf að fjölga sem stunda líkamsrækt allt árið.“

Linda segir algengast að fólk detti út vegna þess að það skorti aðhald. „Til að fá sem mest út úr líkamsræktinni ætti fólk að fá sér einkaþjálfara. Það gefst oft á tíðum vel ef fólk mætir ekki vel. Hópþjálfun hjá einkaþjálfara er ekki svo dýr,“ segir Linda. Aðspurð um hvernig fólk eigi að snúa sér í því að byrja mælir hún með því að fólk kaupi árskort ef því er á annað borð alvara. „Svo er bara að drífa sig af stað.“

*einareli@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

**ÁRAMÓT - HEIMILI - HEILSA**

**Flugeldasala björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar** hefst í dag. Það er flugeldasalan sem gerir björgunarsveitunum kleift að starfa, svo allir ættu að styrkja gott málefni og kaupa að minnsta kosti nokkra flugelda til þess að kveðja árið sem er að líða.

**Flugeldar** geta verið hættulegir og því er mikilvægt að gæta fyllsta öryggis þegar þeim er skotið upp. Allir sem skjóta upp flugeldum ættu að vera með hlífðargleraugu og gæta þarf þess að börn séu ekki að þvælast nálægt skotstöðum.

**Reykskynjara** þarf að athuga reglulega. Nú er sá tími sem einna mikilvægast er að reykskynjarar séu í lagi á heimilum þar sem mikið er um kertaskreytingar og notkun rafmagnstækja er meiri en venjulega. Það getur líka verið gott að eiga slökkvitæki og slökkviteppi ef eitthvað kemur upp á.



**Jólamaturinn** á flestum heimilum er saltari en matur sem borðaður er dags daglega og því ætti fólk að vera duglegt að drekka vatn yfir hátíðirnar.

**Jólin og áramótin** eru tími sem flestir eyða heima hjá sér með fjölskyldunni. Þar sem margir eru í heimili geta komið upp fleiri árekstrar en á öðrum tíma ársins. Það er mikilvægt að allir sýni sínum nánustu skilning og tillitssemi svo hátíðirnar verði sem ánægjulegastar.


Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



**Gönguferðir**
eru góð líkamsrækt. Það getur verið sniðugt að fara út að ganga seinni partinn eða á kvöldin fyrir jólin og skoða jólaskreytingar í leiðinni.


LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Ef maginn fer í ólag þá getur Silicol hjálpað.
Silicol bindur bakteríur og önnur skaðleg efni í maga og gerir óvirk.
Silicol fæst í apótekum um allt land.

Betra úthald
Góð næring • Brennsluaukandi
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Rope Yoga
Skráning er hafin
Námskeið hefjast 9. janúar
Elín Sigurðardóttir
Rope Yoga meistarakennari
Íþróttafræðingur
Kripalu nuddari
Sporthúsið Kópavogi
www.elin.is & sími 696-4419

Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá
Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.
Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.
IMEDEEN
www.imedeen.com




Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, er á leið í kraftmikla skíðagöngu í Vasa í Svíþjóð.

# Vasast í Vasagönguna

***Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, stefnir á að taka þátt í Vasa-skíðagöngunni sem haldin verður í Svíþjóð í mars á næsta ári. Hún hyggst leggja snjó undir fót og ganga alls níutíu kílómetra á einum degi.***

„Fyrir tveimur árum síðan fór faðir minn í þessa göngu ásamt fjórum bræðrum sínum og þótti það mikið afrek,“ segir Birna. „Nú var ákveðið að endurtaka leikinn og eru margir úr fjölskyldunni að fara saman. Þetta verður hátt í tuttugu manna hópur.“ Sumir göngugarpanna ætla sér að fara hálfa göngu en sumir ætla sér alla níutíu kílómetrana. „Við frændsystkinin erum flest á svipuðum aldri og frekar óreynd á gönguskíðum. Ég er eina stelpan sem fer níutíu kílómetrana, ég gat ekki látið það eftir frændum mínum að það væri engin stelpa sem færi sem fulltrúi fjölskyldunnar,“ segir Birna og hlær. „Þannig að þrátt fyrir að vera þekkt fyrir margt annað en að kunna og vera góð á gönguskíðum ætla ég að taka þátt í þessari geggjun.“

Vasa-skíðagangan er öllum opin og á hverju ári taka um fimmtán þúsund manns þátt. Fólk getur valið sér vegalengdir til að fara og segir Birna fyrirkomulagið svipað því að skrá sig í Reykjavíkurmaraþonið. Níutíu kílómetrarnir sem hún ætlar sér að ganga verða skíðaðir í einum rykk og því gott að vera vel undirbúinn. „Ég held að heimsmetshafarnir séu að fara þessa vegalengd á einhverjum þrem eða fjórum tímum,“ segir Birna. „Ég sé fram á að gera þetta á einhverjum tíu eða tólf tímum,“ bætir Birna við og skellihlær.

Birna segir undirbúninginn fyrir ferðina hafa verið skemmtilegan og fjölskyldan stundi mikla útivist saman meðan hún komi sér í form. „Um leið og það byrjar að snjóa tökum við stífar gönguskíðaæfingar,“ segir Birna „Ég læri þá á gönguskíði eftir þetta allt saman.“

johannas@frettabladid.is

# Landsbjörg gefur öryggisgleraugu

***Landsbjörg, í samvinnu við Blindrafélagið, Odda og Póstinn, gefur öllum fjórðu til sjöttu bekkingum hlífðargleraugu fyrir áramótin.***



Landsbjörg hefur sent fjórðu til sjöttu bekkingum gjafabréf fyrir öryggisgleraugum en bréfin gilda á öllum sölustöðum Landsbjargar. Þetta er þriðja árið sem þetta er gert en vel hefur tekist til að fækka augnslysum.

„Þetta er hagsmunamál allra aðila. Tekist hefur að fækka öllum augnslysum nema þeim er tengjast fikti,“ segir Jón Ingi Sigvaldason, yfirmaður flugeldasölu Landsbjargar. „Þess vegna gefur Oddi okkur prentunina, Pósturinn dreifir bréfunum frítt og við gefum gleraugun.“


Veldu PB8
Sterkasti asidófílusinn!

| | |
|---|---|
| PB8 | 14 milljarðar* |
| Solaray Multidolphius 12 | 10 milljarðar* |
| Now 8 Billion | 8 milljarðar* |
| Solgar Multi Billion Dophilus | 5 milljarðar* |
| Kyo-Dophilus Acidophilus 9 | 3 milljarðar* |

*Mjólkursýrugerlar miðað við 1 hylki
Bætir þarmaflóru og meltingu!
Útsölustaðir PB8:
Heilsuhúsið • Árbæjarapótek • Yggdrasill
Maður Lifandi • Laugarnesapótek • Rima Apótek • Apótek Ólafsvíkur
Heilsubúðin Njálsgötu

Rammíslenskar Speltkökur og Kartöflukökur af Ströndum
100 ára hefð og ekkert nema hollusta
Þú borðar þær með uppáhalds álegginu,
kannski ylvolgar úr ofninum,
ristaðar, með hvítlauksolíu,
stundum eins og pizzur
... eða eins og Strandamenn, glænýjar
með íslensku smjöri.
Fáðu þér Speltköku og Kartöfluköku í
næstu matvöruverslun.
Hollara brauð finnst varla.

allt heimili
Alla fimmtudaga



Allur er varinn góður þegar fuglaflensa er annars vegar.

# Er önnur spænsk veiki á leiðinni?

*Óttinn við fuglaflensufaraldur hefur sett svip sinn á árið 2005. Víða hafa ráðamenn fyrirskipað slátrun á alifuglum í milljónatali og vara borgara sína við mögulegum hættum. Þessi ótti er ekki ástæðulaus. Fuglaflensan nú er af svipuðum meiði og spænska veikin sem skók heiminn 1918-1919.*

Talið er að um fjörutíu milljónir manna hafi látist úr spænsku veikinni og þrátt fyrir að dánarhlutfall hérlendis hafi verið töluvert lægra en erlendis olli veiran gríðarlegum skaða. Á þessum tíma bjuggu um 15.000 manns í Reykjavík og á innan við 14 dögum frá fyrsta greinda tilfellinu höfðu 10.000 manns smitast, tveir af hverjum þremum íbúum. Eins og gefur að skilja lamaði þetta áfall samfélagið í Reykjavík. Dagblöð hættu að koma út og búðum var lokað. Símstöðvar urðu óvirkar sökum manneklu svo ekki var hægt að hringja eða senda skeyti. Lögreglan annaði vart eftirspurn vegna veikindaleyfa og erfitt var að fá opinbera starfsmenn til að bera lík úr heimahúsum.

Alls létust um 300 manns af völdum veikinnar á Íslandi, þar af 260 á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem íbúar höfuðborgarsvæðisins nú eru ríflega tíu sinnum fleiri en 1918 segir köld tölfræði okkur það að sambærileg veiki nú myndi kosta þrjú þúsund manns lífið.

Fuglaflensan nú er hins vegar ekki sú fyrsta sem skellur á okkur síðan 1918. Faraldrar 1957 og 1968 skutu fólki skelk í bringu og 1976 óttuðust yfirvöld í Bandaríkjunum að veiki, áþekk spænsku veikinni, væri í uppsiglingu. Hún sýkti og dró fólk til dauða og þótti minna óþægilega mikið á faraldurinn 1918-19. Þess vegna fyrirskipaði forseti Bandaríkjanna, Gerald R. Ford, að bólusetja skyldi alla þjóðina. Veikin náði sér aldrei á strik og ekkert varð af faraldri af hennar völdum.

Vísindamenn eru ekki á einu máli hversu hættulegur fuglaflensufaraldur nú yrði. Læknavísindum fleygir stöðugt fram og við erum töluvert betur í stakk búin að fást við faraldur nú en 1918. Þrátt fyrir allar hrakspár er fuglaflensuveira í raun sama veiran og sú sem veldur árlegum inflúensufaröldrum. Þá er bara að vona að hálsbrjóstsykur og heitt kakó virki jafn vel á heimsfaraldur og á flensu.

tryggvi@frettabladid.is

# Líknardráp leyfilegt

*Sjúkrahús í borginni Lausanne í Sviss mun í framtíðinni leyfa líknardráp á dauðvona sjúklingum.*

Þetta er gert eftir mikla íhugun af hálfu yfirmanna sjúkrahússins. Líknardráp eru ekki ólögleg samkvæmt svissneskum lögum svo lengi sem sjúklingur er andlega heill og þjakaður af ólæknandi sjúkdómi. Hingað til hefur sjúkrahúsið ekki viljað leyfa líknardráp og því hafa sjúklingar sem þess óska þurft að fara heim. Þar hafa þeir geta leitað liðsinnis sjálfboðasamtakanna Exit, sem aðstoða sjúklinga við að stytta sér aldur.



Skiptar skoðanir eru um líknardráp.
FRETTABLAÐIÐ/HARI

Nú geta sjúklingar fengið aðstoð lækna og annars starfsfólks sjúkrahússins og þurfa ekki að yfirgefa sjúkrarúm sín. Starfsfólki er það hins vegar í sjálfsvald sett hvort það taki þátt í líknardrápi eða ekki.


Taktu þér tak!



EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

TT námskeið

Ertu á aldursbilinu 16 til 30?

Viltu ná kjörþyngd?

TÆKI OG TÍMAR:
- líkamsrækt við skemmtilega tónlist
- leiðbeiningar um mataræði
- fundir, aðhald, vigtun og mælingar
- leiðbeiningar um húðhirðu og förðun

KVÖLDTÍMAR
Um er að ræða 8 vikna námskeið, 3x90 mín. í viku.

Við búum yfir traustri þekkingu og reynslu, hjá okkur ríkir notalegt andrúmsloft og við gætum fyllsta trúnaðar.

Stundatafla TT-3 og TT-4

| Kl | Mán | Þri | Mi | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|
| 17:30 | | | | | TT-3 |
| 18:40 | | | | | TT-4 |
| 19:20 | TT-3 | | | | |
| 20:15 | TT-3 | TT-4 | TT-3 | TT-4 | |
| 21:10 | | TT-4 | TT-3 | TT-4 | |

TT-3 - 16-20 ára
TT-4 - 21-30 ára

Vertu velkomin í okkar hóp!

Skráning hafin á janúarnámskeið



!

Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732



DESEMBER

Kafbátur mánaðarins

6 tommu bátur kr. 299

Gildir í desember 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

6 tommu Túnfiskbátur



með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY













allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



Boðorð Fisksins er: „Þegar við ákveðum að elska vinnuna okkar getum við náð hápunkti hamingju, tilgangs og fullnægju á hverjum degi.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Atvinnulíf og daglegt líf

***Bækurnar Fiskur! og Móti hækkandi sól beina sjónum sínum að tengslum daglegs lífs og atvinnulífsins, hvor með sínum hætti þó.***

Flæðið milli atvinnulífsins og hins daglega lífs er sem sem betur fer alltaf að aukast. Nýlega komu út tvær bækur sem eru til marks um þetta þar sem bæði er speki daglega lífsins notuð til fyrirtækjarekstrar og kennt að nota ýmis tæki úr stjórnun fyrirtækja til að bæta daglegt líf.

Í bókinni Fiskur! er hugmyndafræði úr reksti fiskbúðarinnar Pike Place Fish kynnt og hvernig er hægt að nota hana til að bæta starfsanda og afköst í stórum fyrirtækjum. Pike Place Fish er heimsfræg fiskbúð í Seattle sem nýtur vinsælda fyrir skemmtun, ærsli, gleði og frábæra þjónustu við viðskiptavini. Í bókinni er tekið á helstu vandamálum í stjórnun og starfsmannahaldi, svo sem lífsleiða og kulnun í starfi.



Bókin Fiskur! hefur náð metsölu um allan heim enda er bókin bæði gagnleg og skemmtileg og gefur nýja sýn á atvinnulífið og tilveruna.

Eitt af boðorðum Fisksins er: „Þegar við ákveðum að elska vinnuna getum við náð hápunkti hamingju, tilgangs og fullnægju á hverjum degi.“ Bókin um Fiskinn er metsölubók og þegar hafa nokkur íslensk fyrirtæki notað hugmyndafræðina þaðan með góðum árangri.

Hugmyndafræði daglegs lífs virkar vel við rekstur fyrirtækja en hið gagnstæða er líka rétt eins og kemur fram í bók Áreliu Eydísar Guðmundsdóttir, Móti hækkandi sól. Þar eru kynntar ýmsar hugmyndir og tæki úr viðskiptalífinu og fólki kennt hvernig þessar hugmyndir og aðferðir geta bætt daglegt líf þess. Höfundur bókarinnar er lektor við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og sérfræðingur í stjórnun.



Í bókinni Móti hækkandi sól notar höfundurinn kenningar úr stjórnun fyrirtækja og starfsmannahaldi til að kenna fólki að ná betri tökum á lífi sínu.



Ræstitæknar eiga frekar á hættu að fá öndunarfærasjúkdóma vegna innöndunar varasamra efna.

# Hreinsiefni skaðleg ræstitæknum

***Talið er að fólki sem vinnur við ræstingar hætti frekar en öðrum við að fá öndunarfærasjúkdóma. Tengist það tíðri notkun bleikiefna og ef til vill annarra hreinsiefna.***

Samkvæmt rannsókn sem birtist í Occupational and Environmental Medicine segir að starfsfólki sem vinnur við ræstingar sé hættara við að fá öndunarfærasjúkdóma eins og astma og langvarandi berkjubólgu. Ræstitæknar komast oft í snertingu við fjölda efna og efnasambanda sem geta ert öndunarfæri, til dæmis bleikiefni. Oft er miklu magni af slíkum efnum andað inn fyrir slysni þar sem oft eru notuð varasöm efni við þrif í illa loftræstum húsum. Mörg heilsuspillandi hreinsiefni eru í notkun hjá fleiri starfshópum eins og hjúkrunarfræðingum og fólki í umönnunarstéttum. Margir þeirra sem vinna við ræstingar vinna utan kerfisins, það er á einkaheimilum, eru því ekki í stéttarfélagi og eiga erfiðara með að leita réttar síns þurfi þeir að leita sér læknishjálpar vegna öndunarfærasjúkdóma.

Rannsakendur bentu einnig á það í niðurstöðum sínum að margt annað hrjáir þennan starfshóp eins og verkir í stoðkerfi, húðsjúkdómar og andlegir kvillar.

Í rannsókninni er bent á ýmis úrræði til að bæta starfsaðstæður ræstitækna. Þeir sem vilja lesa greinina í heild sinni er bent á bókasafn Vinnueftirlitsins.

rannsókn }



## Heilabilunum fjölgar

TALIÐ ER AÐ FJÖLDI HEILABILAÐRA TVÖFALDIST Á NÆSTU TUTTUGU ÁRUM. FJÓRAR MILLJÓNIR GREINAST MEÐ HEILABILUN Á ÁRI HVERJU.

Þetta kemur fram í nýjasta hefti læknatímaritsins The Lancet en upplýsingarnar fékk það frá Alþjóða Alzheimer-samtökunum. Í dag glíma 24 milljónir manna við heilabilanir en talið er að 2040 verði þeir orðnir yfir 40 milljónir. Alþjóða Alzheimer-samtökin vara einnig við því að í framtíðinni getur heilabilun og vitglöp orðið eitthvert alvarlegasta heilbrigðisvandamál heimsins. „Það er einnig áhyggjuefni að milljónir heilabilaðra hafa ekki verið greindar og njóta því ekki réttrar umönnunar og meðferðar, auk þess að verða fyrir fordómum vegna ástands síns,“ segir Orien Reid, formaður Alþjóða Alzheimer-samtakanna.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**Skór** skipta máli um áramótin. Það er mjög flott að vera í sérstökum og eftirtektarverðum skóm í áramótapartíinu.



Dökkbleikur síðkjóll á 32.900 kr. í Mondo á Laugaveginum.



Svartur flauelskjóll á 25.990 kr. í Evu.



Svartur glamúrkjóll með hvítum kraga frá Aganovich Yung á 64.800 kr. í Kronkron.

# Skreyttir kjólar & fjaðrir í hárið

*Glamúrinn ræður ríkjum um áramótin og tilvalið að klæðast glæsilegum síðkjól og muna eftir pallíettunum.*

Tækifærið til að klæðast glæsikjólum er um áramót, þá er enginn kjóll of fínn, of glitrandi eða of glansandi. Glamúr ræður ríkjum og pallíettur, fjaðrir og glitsteinar ráða ríkjum. Glæsilegur síðkjóll er framtíðareign, og þegar ekki verið er að nota hann er tilvalið að setja hann upp á gínu í svefnherberginu í stað þess að láta hann hanga á herðatré inni í skáp. Svartir einfaldir kjólar geta nýst vel við fleiri tækifæri, en um áramót er hægt að skreyta þá með nælum og loðfeldum og sauma í þá pallíettur og fjaðrir. Fjaðrir eiga líka að rata í hárið og flott að festa þær í spennur eða hárspangir. Við fórum á stúfana og fundum nokkra flotta glæsikjóla sem eru flottir fyrir áramótin.



Svartur síðkjóll á 62.000 kr. í Mondo á Laugaveginum.



Hlírakjóll með eldtungum frá Elly Kishimoto á 58.800 kr. í Kronkron.



Grár kjóll með stórum rósum á frá Roksanda Illimcic á 56.800 kr. í Kronkron.



Grænn Charleston-satínkjóll á 19.990 kr. í Evu á Laugaveginum.





Janúarútsölurnar hafa verið föst hefð hjá kaupóðum Íslendingum um langa hríð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Hvenær byrja útsölurnar?

*Útsölur eftir allt jólabrjálæðið eru nú þegar hafnar. Flestar útsölurnar byrja þó ekki fyrr en eftir áramót í útsölumánuðinum mikla.*

Janúarútsölurnar hafa alltaf verið föst hefð hér á Íslandi. Eftir alla jólaösina er kominn tími fyrir verslanir að hafa hamskipti. Útsölurnar sem oftast byrja í janúar hefjast nú jafnvel í desembermánuði. Sumar verslanir hafa jafnvel tekið upp á því að hefja útsölurnar strax á öðrum eða þriðja degi jóla. Ýmsar verslanir má þar nefna, til dæmis Ikea, Debenhams og Topshop.

Flestar verslanir halda þó enn í þann sið að hefja útsölurnar í janúar. Er það helst gert til þess að gefa fólki tíma til þess að skila jólagjöfum og líka til þess að verslunum gefist tími til að ganga frá eftir jólaösina. Verslunarkjarnarnir tveir, Kringlan og Smáralind, hefja sínar útsölur í byrjun janúar. Hermann Guðmundsson, markaðsstjóri Kringlunnar, segir að útsölur þar hefjist formlega fimmtudaginn 5. janúar. Hann hefur þó sterkan grun um að nokkrar verslanir munu hefja útsölur fyrr, jafnvel strax eftir jól. Theódóra Þorsteinsdóttir hjá Smáralind tekur í sama streng en þar hefjast útsölurnar tveimur dögum fyrr en í Kringlunni, hinn 3. janúar.

Ekki halda þó allar verslanir útsölur í janúar því stórar verslanir eins og til dæmis Skífan bíða þangað til janúarútsöluflóðinu lýkur. Það er þó alveg víst að á næstu vikum ættu útsölur að vera auðfundnar. Því er vonandi að fólk hafi ekki eytt öllu sínu fé í jólagjafir því oft má gera mjög hagstæð kaup á útsölum. Spurning um að kaupa jólagjafir næsta árs strax?

ICETREND OUTLET
Síðumúla 34
ÚTSALA
frá 27. des – 6. jan.
30% afsláttur
á öllum vörum í búðinni.
30%
Föt og fylgihlutir fyrir börn, unglinga og konur.
Verð frá 140, – til 2.625, –
Verið velkomin á þriðjudaginn 27. des. eftir kl. 11:00.
Síðumúli
Fellsmúli
Leiðbeiningar
ICETREND OUTLET



**Gjafapappír** utan af jólapökkum má alveg geyma og nota aftur. Ef ekki er hægt að nota hann utan um gjafir má nota hann í skreytingar á pakka.


















Jón Árni vill hafa huggulegt í kringum sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Saumar, smíðar og bólstrar eftir þörfum

***Jón Árni Jóhannesson, starfsmaður á Kaffi París, er handlaginn maður í meira lagi.***

Það er sama hvort þakið þarfnast viðgerðar eða sófasettið bólstrunar. Jón Árni tekur til hendinni heima hjá sér eftir þörfum. „Maður bara reddar sér. Það þýðir ekkert annað,“ segir hann og yppir öxlum. Hann býr í tveggja herbergja bakhúsi í Þingholtunum og þar hefur hann reglulega notalegt í kringum sig. Sófasettið kveðst hann hafa fengið í þrítugsafmælisgjöf frá fyrrverandi manni sínum. „Þetta er ævagamalt en það þurfti að lappa upp á það. Það er rándýrt að láta bólstra svo ég varð bara að finna út úr því.“ Þegar spurt er hvort það hafi ekki verið erfitt svarar hann hæverskur. „Þetta tókst að minnsta kosti.“ Nú er hann nýbúinn að skipta um gluggatjöld í stofunni, gerði sér lítið fyrir og saumaði þau sjálfur. „Ég var orðinn svo þreyttur á þeim gömlu og fann efnið inni í skáp. Þar er alltaf eitthvað til,“ segir hann eins og það sé sjálfsagður hlutur að eiga dýrindis gardínuefni á lager. Ekki skortir hann saumavélarnar því eina á hann fótstigna sem hann hefur upp á punt og aðra rafknúna í góðu standi. „Mamma gaf mér saumavél því hún var orðin svo þreytt á að lána mér sína. Ég var alltaf með hana,“ segir hann hlæjandi.

Jón Árni er uppalinn í Kópavoginum og kveðst alltaf hafa verið frekar iðinn við að búa eitthvað til, breyta og bæta. Síðar hafi hann ásamt fyrrverandi manni sínum keypt gamalt hús sem þarfnaðist mikilla viðgerða. „Það var ekki hægt að kaupa allt þannig að það þýddi ekkert annað en að gera þetta sjálfur. Maður lærði ýmislegt á því,“ segir hann yfirlætislaus.

# *Mokkabollar & eðalstaup*

***Hver mokkabolli er listaverk og hvert staup hefur sögu að segja.***

Nú á dögum plastmálsins og ferlikaffis eru margir sem ekki kunna lengur þá list að drekka virkilega, virkilega gott kaffi úr eðalbollum með sögu. Það er samt aldrei of seint að læra það og fallega mokkabolla má fá á sanngjörnu verði í ýmsum antikbúðum í bænum. Mokkabollar eru litlir, enda til þess ætlaðir að drekka úr þeim það sem einu sinni var kallað mokkakaffi en nú nefnist í daglegu tali espresso, þ.e. sterkt kaffi sem drukkið er mjólkurlaust eða -lítið. Með því er svo tilvalið að dreypa á ljúfum líkjör úr gömlu virðulegu staupi af góðum ættum. Fullkomin leið til þess að slaka á við arineld, eða bara kertaljós, í skammasta skammdeginu.



Bollinn með vígalega hananum er frá Ungverjalandi og staupið er einkar gott undir sérrí. Fæst í Antikhúsinu.



Þessi bolli skartar appelsínugulum kínverskum dreka enda handmálaður í Hong Kong en býr núna í Antikhúsinu. Staupið er Lyngby glass.



Þessi fallegi rósabolli er úr dönsku rósenborgar postulíni og fæst í Antikmunum á Klapparstíg. Staupið er einnig danskt og hentar vel undir sérrí eða púrtvín.



Þessi bolli er gamall, frá 19. öld. Með honum er gamalt danskt staup sem er kjörið fyrir Gammel dansk ákavíti. Fæst í Antikmunum.

## Viðgerðir

PÍPULAGNIR
Örugg og lipur þjónusta
Sími 699 0100/ 567 9929
Almenna pípulagningaþjónustan

Innilegar óskir um Gleðileg Jól og farsælt nýtt ár.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Elsa s: 898 2617

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Námskeið til pungaprófs, 30 rúmlesta skipstjórnarréttinda, 11.jan til 20.mars á næsta ári. Kennsla mán. og mið. kl. 19 til 23. S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingaskolinn.net. Siglingaskólinn.

## Flug

Flugfélagið Geirfugl heldur bóklegt einkaflugmannsnámskeið sem hefst 9. jan. nk. Skráning á www.geirfugl.is eða í s: 511-5511

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




HEITUR OG ÞURR Í termo
SPORTVÖRUGERÐIN Skipholt 5, 562 8383
www.sportvorugerdin.is

CORTLAND
Sérfræðingar í fluguveiði
Mælum stangir, splæsum línur og setjum upp.
Sportvörugerðin hf., Skipholt 5, s. 562 8383.
www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska

**Samspil járninga og þjálfunar!**
Sigurður Torfi Sigurðsson og Freyja Hilmarsdóttir verða með 3ja helga námskeið 6. 7. og 8. jan., 3. 4. og 5. mars og 28. 29. og 30. apríl. Farið verður yfir ástand hestsins, fóðurstand, útlit og hárafar skoðað, farið yfir ástand hófa. Þá verður ganglag hvers hests skoðað og útbúið þjálfunarferli. Hestarnir verða síðan járnaðir með tilliti til ganglags og þjálfunar prógrams. Takmarkaður fjöldi. Verð kr. 90 þús. Boðið er upp á Visa léttgreiðslur.
**Upplýsingar og skráningar í s. 899 3554 & 896 9554. Lokadagur skráningar er 2. jan. 2006.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Einstaklingsíbúð til leigu frá 1. jan í hverfi 104. Tilvalið fyrir háskólanema. Uppl. í s. 553 9644.

Til leigu 2 herb. í 110. Meðmæli, trygging. S. 557 5058 & 866 4754.

Til leigu er rúmgóð og falleg 2ja herbergja íbúð, laus frá 1. janúar. Er á jarðhæð í tvíbýlishúsi með sérinngangi og miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðinni fylgir húsbúnaður. Nánari uppl. í síma 820 1814.

Mjög rúmgóð og snyrtileg 2ja herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Uppl. um fjölskylduhagi sendist á netfang cgtms@hotmail.com.

Risherb., ca. 9 fm, nálægt HÍ m/ húsgögnum. Sameiginl. snyrtiaðst. Laus strax. Leigist reykl. einstakl. S. 552 7619.

Miðbær, 101, til leigu nýstand. herb. m/ aðgangi að eldh. og baði, allt nýtt. Afnot af þvottav., stöð 2. Laust strax. Helst kvk. Uppl. í s. 846 0408 e. kl. 16.

Til leigu 78 fm. 3 herb. íbúð í sérbýli á svæði 112. Leigist frá 1.jan. Lantímaleiga. Leiga kr. 90.000 á mán. Upplýsingar í síma 893 3276.

Til leigu nýleg rúmgóð 2ja herb. íbúð í Garðabænum. Verð 65 þús. á mán. Uppl. í s. 896 1947.

## Húsnæði óskast

Reglusöm, reyklaus kona óskar eftir 2-3 herb. íbúð á sv. 170, 107, 101. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 860 0262.

## Atvinnuhúsnæði

Heimir og Þorgeir ehf óska eftir íbúð fyrir starfsmann í Hafnarfirði, Garðabæ eða Kópavogi. Reglusemi og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í síma 696 9933.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bón og þvottastöðin Sóltúni 3**
Óskar eftir að ráða duglega menn í vinnu. Mikil vinna framundan og góðir tekjumöguleikar. Æskilegur aldur 18-30.
**Uppl. gefur Jónas verkstjóri á staðnum eða í s. 551 4820.**

**Loftorka Reykjavík**
Loftorka óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt. Leitað er eftir vönum manni með reynslu í viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Fyrirtaks vinnuaðstaða. Fæði á staðnum og heimkeyrsla. Einungis er leitað að manni með réttindi.
**Upplýsingar hjá Brynjólfi Brynjólfssyni verkstæðisformanni í síma 565 0876.**

**Pylsuvagninn í Laugardalnum**
Pylsuvagninn í Laugardalnum óskar eftir þjónustuliprum starfskrafti, kvöld- og helgarvaktir.
**Uppl. í s. 896 8583.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Dagvinna**
Starfsfólk óskast í dagvinnu, 100 % starf frá 01.01.06. Bagel House Kringlunni. Umsóknir á staðnum.

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið frá 08:00-12:00 og 08:00-14:00 til skiptis tvo daga aðra vikuna og 5 daga hina vikuna. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk við heimilisþrif á daginn, 50-100% vinna. Góð laun í boði. Uppl. í s. 578 1450 eða sendið mail á nostra@nostra.is.

Sælgætisgerðin Freyja óskar eftir starfsfólki við framleiðslu og pökkun. Vinnutími má-fi: 8.00-18.00, frí á föstud. Nánari upplýsingar í símum 825 2048 og 825 2047.

**Ræstingar.**
Ræstingaþjónustan sf. óskar eftir að ráða í ræstingastörf víðsvegar í Reykjavík. Vinnutími síðdegis og á kvöldin. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma hjá Guðfinnu í síma 821 5054, virka daga.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Áramótavörur, hattar, knöll, blöðrur, glóandi.
**Partýbúðin Grensásvegi.**

50% afsláttur af allri jólavöru til áramóta.
**Blómaval.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, grænmetisborgari,

Grænmetisborgari.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Hamborgarabúlla Tómasar, ekkert stress.
**Hamborgarbúlla Tómasar.**

Útsalan er hafin. Opið til átta.
**Ikea**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Útsala, útsala á jólavörum.
**Blómaval.**

Nýja íslenska 38 tommu jeppadekkið.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

Eimskipsdagatalið er komið.
Hluthafar geti nálgast það í afgreiðslu Eimskips, á www.eimskip.is eða í síma 525-7000.
**Eimskip.**

Lokað í dag, útsalan hefst á morgun kl. 11.
**Debenhams, Smáralind.**

Jólavara á 50% afslætti til áramóta.
**Blómaval.**

Hamborgarabúlla Tómasar, glóðasteiktir búlluborgarar.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Gamlárs- og nýársförðun.
**Maddina Laugavegi.**

Kjúklingapíta.
**Pítan Skipholti.**
Öðruvísi Vínartónleikar 8. janúar.
**Íslenska Óperan.**

Hamborgarabúlla Tómasar. Förum Varlega.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**KONUR HLUSTA**
83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.
Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

## FERÐALÖG

**Komdu með.....**

...til Utah , í 10 daga skíða og skoðunarferð í mars 2006, fararstjóri Jón Jóel
...til Slóveníu í 10 daga ævintýraferð í Maí 2006 fararstjóri Jón Baldur
...til Bayern í 8 daga konunglega skemmtireisu í Maí 2006, fararstjóri Jón Baldur
... á Núrnburgring í helgarferð á Formúluna í maíbyrjun 2006, fararstjóri Jón Baldur.

Hámarksstærð hópa um 20 manns. Nánari upplýsingar á www.isafoldtravel.is. Ferðaskrifsstofan Ísafold, sími 544 8866.
**Litlir hópar – lifandi ferðir!**

ÍSAFOLD



# Spennandi og áhugaverð störf !

Við hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness leitum að starfsfólki / stuðningsfulltrúum til starfa á heimili fólks með fötlun og á hæfingarstöðvar í eftirfarandi sveitarfélögum:

- **Kópavogur**
- **Garðabær**
- **Hafnarfjörður**
- **Mosfellsbær**
- **Seltjarnarnes**
- **Álftanes**

Ef þú ert að leita þér að áhugaverðu starfi í skemmtilegu starfsumhverfi þá gæti þetta verið eitthvað fyrir þig. Um er að ræða vaktavinnu í ýmsum starfshlutföllum. Boðið er upp á stuðning í starfi, þjálfun og námskeið. Reyklaus vinnustaður. Aldurstakmark 20 ár.
Ráðið er í störfin sem allra fyrst.
Umsóknarfrestur er til **8. janúar** nk.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi S.F.R.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900. Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofunni að Fjarðargötu 13-15 í Hafnarfirði og á heimasíðu okkar www.smfr.is.

allt atvinna
Alla sunnudaga

**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 130 og verður velta félagsins á þessu ári um 4,4 milljarðar kr.
Fyrirtækið leggur áherslu á hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika. Vistor er eini dreifingaraðilinn á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.

*Bakhjarl fyrir betri líðan*

vistor

# Sölufulltrúar

**Vistor hf. óskar eftir að ráða til starfa sölufulltrúa fyrir nokkrar af lyfjaumboðsdeildum fyrirtækisins.**

**Spennandi, krefjandi og ábyrgðarmikið starf hjá framsækinu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi!**

**Starfssvið:**
- Lyfjakynningar fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Undirbúningur fræðslufunda
- Samskipti við erlenda lyfjabirgja
- Að sækja ráðstefnur, heima og erlendis
- Þátttaka við gerð kynningarefnis

**Hæfniskröfur:**
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði og skapandi hugsun
- Góð þjónustulund og sannfæringarkraftur
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð í krefjandi verkefnum
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli
- Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun á heilbrigðissviði og/eða hafi starfað við sölu og markaðssetningu

**Nánari upplýsingar veitir Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá IMG Mannafli Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2006. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu IMG Mannafls Liðsauka, www.mannafl.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.**

**Vistor hf.** • Hörgatúni 2 • 210 Garðabær • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á vísir VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

# Söludeild nýrra bíla
## ...leitar að sölumanni



**Starfssvið**
Sala á lúxus bifreiðum
Þáttaka í markaðsstarfi
Þáttka í stefnumótun lúxusbifreiða

**Hæfniskröfur**
Fáguð framkoma
Reynsla af sölumennsku
Reynsla í tilboðsgerð
Áhugi og þekking á bílum
Lipurð í mannlegum samskiptum
Frumkvæði og hugmyndaauðgi
Góða tölvukunnáttu (Excel,Word)
Enskukunnátta
Reyklaus

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 6. janúar nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

B&L er eitt stærsta og virtasta bílaumboð landsins, stofnað árið 1954. Fyrirtækið er umboðsaðili bílaframleiðendurna Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og einnig Arctic Cat vélsleða. B&L er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu. Alls starfa rúmlega 100 manns hjá fyrirtækinu.

Með bílinn handa þér

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is

Hyundai - Renault - BMW - Land Rover - Renault Trucks - Irisbus - Arctic Cat

# HB FASTEIGNIR

Sími 534 4400 • Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík

**LAUSAR VIÐ KAUPSAMNING**
Sóleyjarhlíð Hafnarfj. .............. **Verð 17,5 millj.**
4-7 íbúðir við Breiðumörk
Hveragerði 99-115 fm .............. **Verð 17,5 og 18,5 millj.**

**TVEGGJA HERBERGJA**
Hringbraut 80 .................... **Verð 14,5 millj.**
Flyðrugrandi 107 ................ **Verð 15,3 millj**

**ÞRIGGJA HERBERGJA**
Kristnibraut 25 .................. **Verð 28,4 millj.**
Rauðhamrar m/bílskúr ............ **Verð 28,9 millj.**
Ljósavík 112 Rvík ................ **Verð 25,6 millj. Nýtt**

**EINBÝLISHÚS**
Einimelur 107 Rvík ................ **Tilboð óskast Nýtt**
Ásvallagata 101 Rvík 256 fm ........ **Nýtt**
Logafold 112 Rvík ............... **Verð 61,5 millj.**
Miðtún 7, Selfossi m/aukaíbúð ..... **Verð 31,4 millj.**
Grungargata í Grundarfj. 128,7 fm .... **Verð 11 millj.**
24 íbúða fjölbýli
í Grindavík ...................... **Verð frá 13,6 - 43,5 millj.**
Iðnaðarhúsnæði við Austurmörk
Hveragerði 501 fm m/afh ca 2 mán.
skilalýsing á skrifstofu .............. **Verð 50,1 millj.**

Frum

Hrafnhildur Bridde
Löggiltur-fasteigna og skipasali
Félag fasteignasala

Kári Kort
Sölustjóri
GSM 892-2506 / 534-4403
kari@hbfasteignir.is



# VIÐHALDSVINNA

## F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar – skrifstofu gatna- og eignaumsýslu,

er óskað eftir umsóknum verktaka til þátttöku í væntanlegum lokuðum útboðum og/eða verðkönnunum vegna viðhaldvinnu o.fl. á fasteignum borgarinnar á eftirfarandi starfsviðum:

| | |
|---|---|
| • Blikksmíði | Loftræstikerfi, rennur og niður föll, hreinsun loftstokka |
| • Múrverk | Múrviðgerðir utanhúss, almennar viðgerðir |
| • Húsasmíði | Almenn viðhaldsvinna utanhúss og innan. |
| • Innréttingar | Sérsmíði innréttinga og hurða. |
| • Pappalagnir | Ýmsar viðgerðir og endurnýjun áþakpappa. |
| • Raflagnir | Almennt viðhald og endurbætur. |
| • Pípulagnir | Almennt viðhald og endurbætur |
| • Járnsmíði | Ýmiskonar sérsmíði |
| • Málun | Ýmiss viðhaldsvinna og endurmálun. |
| • Garðyrkja | Endurbætur á lóðum |
| • Dúkalögn | Gólfdúkalagnir |
| • Steypusögun | Steypusögun, múrbrot og kjarnaborun |
| • Jarðvinna | Ýmiskonar jarðvegsframkvæmdir |
| • Stíflulosun | Losun á stíflum og hreinsun lagna |
| • Þrif | Ýmiskonar þrif fasteigna ofl. |

Einungis þeir verktakar koma til greina, sem eru í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld og opinber gjöld. **Þeir verktakar sem áður hafa skilað umsókn, þurfa að endurnýja umsókn sína.**

Umsóknareyðublöð fást afhent í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Innkaupa- og rekstrarskrifstofu, **www.reykjavik.is/utbod**

Umsóknum ásamt umbeðnum gögnum, skal skilað til upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, **eigi síðar en 28. desember 2005**. Leyfilegt er að senda útfyllta umsókn sem og umbeðin gögn, á faxnúmerið 411 1048.
10647

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

TILKYNNINGAR

# Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

allt hús
Alla mánudaga

# Fjölbreytt störf í boði
## Slástu í för með okkur og vertu hluti af öflugri heild



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

## Við leitum að fólki í fastar stöður við ræstingar

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 25 - 100%.**
Seinniparts og kvöldvinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Einnig vantar helgarafleysingar. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.
Starf afleysingar er fjölbreytt og góð laun í boði.

**Seinniparts - og kvöldvinna - vinnuhlutfall frá 25%.**
Í boði eru nokkur störf sem unnin eru seinnpart dags eða á kvöldin, 2 - 5 daga vikunnar. Þetta eru störf sem henta vel skólafólki eða þeim sem vantar að auka tekjurnar í skemmri eða lengri tíma. Nokkur störf í boði þar sem umsækjandi þarf að geta byrjað klukkan 16:00.

**Sérverkefni - vinnuhlutfall 100%.**
Við leitum að starfsfólki til að vinna við sérverkefni. Sérverkefni eru umfangsmeiri þrif en dagleg ræsting. Um er að ræða t.d. bónleysingu, bónun, hreingerningar o.s.fr. Við leitum eftir fólki sem líkar vel við hópvinnu og getur unnið breytilegan vinnutíma.

**Helgarvinna/Dagvinna á svæði 101 og 220 - vinnuhlutfall 17,5%**
Starf við ræstingar og býtibúrsvinna sem unnið er aðra hverja helgi frá klukkan 08:00.

**Morgunvinna á svæði 101 - vinnuhlutfall 34,38%**
Starf við ræstingar. Vinnutími er frá klukkan 09:00, fimm daga vikunnar.

**Flokkstjóri Loftstokkaþrif vinnuhlutfall 100%.**
Við leitum eftir blikksmið eða manni vönum loftræstikerfum eða vélum, í skemmtilegt og fjölbreytilegt starf sem flokkstjóri. Starf flokkstjóra felst m.a. í: umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað, þrif á verkstað, samskiptum við verkkaupa og kennslu og þjálfun starfsmanna.

**Flokkstjóri á heilbrigðissviði - vinnuhlutfall 100%**
Í boði er starf flokkstjóra við ræstingar
Starf flokkstjóra felst m.a. í:
*umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað
*ræstingu á verkstað
*samskiptum við verkkaupa
*kennslu og þjálfun starfsmanna
Vinnutími er 8:00 - 16:00

*Í starfi flokkstjóra er áhersla er lögð á lipurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja.*

ISS ÍSLAND

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu **www.iss.is.***
***Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS Ísland er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. ISS býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði, hreingerninga og fleira. Hjá ISS starfa yfir 730 manns á aldrinum 16 - 80 ára.

FASTEIGNAMIÐLUN GRAFARVOGS

**Sími 575 8585** – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – www.fmg.is

Frum

Sverrir Kristjánsson
lögg. fasteignasali
sími 896 4489

Karl Dúi Karlsson
sölumaður
GSM 898 6860

**Samtengd söluskrá**
Sex fasteignasölur
- ein skráning - minni kostnaður -
- margfarldur árangur -
wwwhus.is



FASTEIGNAMIÐLUN
**Sími 575 8500**
Fax 575 8505

Félag Fasteignasala

**Síðumúla 11 • 2. hæð • 108 Reykjavík**
Jón Ellert Lárusson, lögg. fasteignasali

Brynjar Fransson
lögg. fasteignasali
Samn./skjalagerð
sími 575 8503

Jón Ellert Lárusson
viðskiptafræðingur
sölumaður
lögg. fasteignasali

Örn Helgason
sölumaðursími
696 7070

Þór Þorgeirsson
lögg. fasteignasali
sölumaður
sími 866 2020

Brynjar Baldurs-
son
sölumaður
sími 698 6919

Sverrir Kristjáns-
son
lögg. fasteignasali
sími 896 4489

Gunnar Borg
sölumaður
sími 897 0988

## Óskum viðskiptavinum og öllum landsmönnum gleðilegs árs og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á liðnu ári.



# Fjárfestar – Byggingaraðilar ath !




ATH: Bakhús sést ekki hér, en þar eru 2 sérhæðir

ÚTLIT SUÐUR / BAKHLIÐ



ÚTLIT NORÐUR / GÖTUHLIÐ

## Til sölu sex íbúðir - 101 Rvk

Um er að ræða tvær byggingar á sömu lóð í miðbæ Reykjavíkur, sem afhendast í apríl 2006. Fullbúnar að utan en fokheldar að innan. Íbúðirnar eru glæsilegar, þar af tvær á 2 hæðum. Tilvalið fyrir byggingaraðila, leigufélög eða fjárfesta. Heildarstærð er 540 $m^2$.

Teikningar og allar frekari upplýsingar hjá Kjöreign s: 533 4040 / Ármúli 21



FRÉTTABLAÐIÐ

**AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

**ÁS FASTEIGNASALA**

Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is



Opið virka daga kl. 9–18

*Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu*




*– Eigendur fasteigna athugið: Lífleg sala – skoðum og verðmetum samdægurs!*

## EINBÝLI



**FAGRABERG - FALLEGT EINBÝLI MEÐ AUKAÍBÚÐ** 216,3 fm einbýli (með aukaíbúð á fyrstu hæð) á tveimur hæðum ásamt 54,3 fm bílskúr, samtals 270,6 fm Húsið er fallegt bæði að utan og innan, góð gólfefni. Tvöfaldur góður bílskúr. Mikil verönd og svalir, útsýni, pottur, fallegur garður. Íbúðarhæft herbergi/kofi úti í garði. Góð eign. Verð 60.9 millj. 4373



**FURUBERG - EINBÝLI Á EINNI HÆÐ** SÉRLEGA VEL SKIPULAGT 182 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 40 fm BÍLSKÚR, samtals 222 fm góðum stað í Setberginu í Hafnarfirði. 6 svefnherbergi, stór stofa og eldhús, rúmgott sjónvarpshol, flísar og parket á gólfum, hellulagt bílaplan. Gott hús. Verð 45,5 millj. 2336



**GRENILUNDUR - GARÐABÆR - GOTT HÚS** GLÆSILEGT 185,7 fm EINBÝI Á EINNI HÆÐ ásamt 44,8 fm TVÖFÖLDUM BÍLSKÚR á góðum stað í GARÐABÆ. Falleg gólfefni og innréttingar, stór hellulögð verönd. Flott eign sem hægt er að mæla með. 4864



**DRANGAGATA - EITT ÞAÐ FLOTTASTA Í HAFNARFIRÐI** 366 fm einbýlishús á frábærum stað við hraunið í Norðurbæ í Hafnarfirði, eina húsið í götunni, algjör paradís fyrir börn. Fullt af herbergjum, þrjár stofur, falleg gólfefni og innréttingar, innbyggður tvöfaldur bílskúr, myndir og myndband á netinu, sjón er sögu ríkari. TILBOÐ ÓSKAST. 4693



**EFSTILUNDUR - GARÐABÆR - GOTT EINBÝLI Á EINNI HÆÐ - MEÐ ÚTSÝNI.** 196 fm einbýlishús með innbyggðum ca 47 fm bílskúr á góðum stað í Garðbæ. Möguleiki á allt að fimm svefnherbergjum. Góð eldhúsinnrétting, stáltæki og gashellur. Gestasnyrting og gott baðherbergi. Parket stofu, sjónvarpsholi og borðstofu. Sjón er sögu ríkari. Verð 48.7 millj. **48,7** 4787 5056

## RAÐ- OG PARHÚS



**FÍFUVELLIR - FRÁBÆRT ENDARAÐHÚS** FALLEGT OG VANDAÐ 207 fm ENDARAÐHÚS með rúmgóðum innbyggðum bílskúr. Góðar innréttingar og skápar, gólfhiti, verönd. Húsið er nánast fullbúið. Örstutt verður í skóla og aðra þjónustu í framtíðinni. GÓÐ EIGN SEM HÆGT ER AÐ MÆLA MEÐ. GOTT VERÐ, endaraðhús, á aðeins 38.9 millj. 4667

## HÆÐIR

**HVERFISGATA - SÉRHÆÐ M.BÍLSK. - LAUS STRAX** MJÖG GÓÐ OG MIKIÐ ENDURNÝJUÐ 181 fm EFRI SÉRHÆÐ OG RIS Í TVÍBÝLI, ÁSAMT 31 FM BÍLSK., MIÐSVÆÐIS Í HAFNARF. HÚSIÐ ER KLÆTT AÐ UTAN MEÐ STENI. 4 SVEFNHERB. „LAUS STRAX". Verð 29,7 millj. 4553



**KLUKKUBERG - GÓÐ ÍBÚÐ - LAUS FLJÓTLEGA** 106 fm íbúð á tveimur hæðum, fallegt útsýni, 3 sv.herb., parket á gólfum. Góð eign, sérinng., stæði í bílgeymslu. Eign sem hægt er að mæla með.



**ÖLDUSLÓÐ - GÓÐ SÉRHÆÐ - LAUS STRAX** Góð 124 fm íbúð á jarðhæð í góðu þríbýli, ásamt 11.5 fm geymslu, samtals 135,5 fm SÉRINNGANGUR. Þrjú svefnherbergi. Íbúðin gæti losnað fljótlega. Verð 22,6 millj. 5017



**LÆKJARGATA 10 - NÝ UPPGERÐ - LAUS STRAX** Erum með í einkasölu glæsilega mikið endurnýjaða miðhæð á góðum stað við lækinn. Nýlegt eldhús, bað og gólfefni. Fallegur garður. LAUS STRAX OG NÝ MÁLUÐ Verð. 23,9 millj. 4691

## 4RA TIL 7 HERB.



**LAUFVANGUR - SÉRINNG.** Góð 4ra herb. 107,7 fm íbúð á 1. hæð, SÉRINNGANGUR, Íbúðin á 1/18 hlut í óinnr. ca 75 fm íbúð í kj. Verð 20,5 millj. **V. 20,5 m.** 5061



**HRINGBRAUT - FALLEG ENDAÍBÚÐ** Falleg og talsvert endurn. 84,1 fm 4ra herb. ENDAÍBÚÐ á 1. hæð í góðu fjórbýli á góðum stað í MIÐBÆNUM. Nýlegt þak og nýlega málað að utan. Verð 17,9 millj. 5050



**ESKIVELLIR - LAUS STRAX** GLÆSILEG 107,7 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð ásamt stæði í bílag. í nánast viðhaldslausu nýju LYFTUHÚSI á góðum stað á VÖLLUM Í HAFNARFIRÐI. Áhv. 18.2 millj. góð lán, greiðslubyrði ca 80 þús. á mán.. Kaupendur geta sparað 455 þúsund í lántökukostnað og þinglýsingu lána. Verð 23 millj. 4962



**KRISTNIBRAUT - FALLEG - REYKJAVÍK** NÝLEG OG GLÆSILEG 110,4 fm 4ra herb. ENDAÍBÚÐ á 2. hæð í nýl. LYFTUHÚSI. SÉRINNG. innaf svölum. Sérbílast. í opinni bílg. Flísar og parket. Verönd með skjólv. Verð 25,9 millj. 4881

**ARNARHRAUN - MEÐ BÍLSKÚR - LAUS STRAX** Falleg 93,8 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 1. hæð ásamt 26,9 fm BÍLSKÚR, samtals 120,7 fm á góðum stað í MIÐBÆNUM. Verð 21,4 millj. 4696

**LÆKJARGATA - LAUS STRAX** FALLEG 97,0 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð, ásamt stæði í BÍLAGEYMSLU í góðu fjölbýli. Fallegt útsýni út á LÆKINN. LAUS STRAX. Verð 21,9 millj. 2521



**EYRARHOLT - STÓR EIGN - FRÁBÆRT ÚTSÝNI - LAUS STRAX** Falleg og rúmgóð 91 fm 4ra herb. íbúð ásamt 45 fm risi (óinnréttað), samtals 136 fm Hægt er að gera tvö til þrjú herbergi í risinu og sjónvarpshol. Laus við kaupsaming. Snyrtileg eign og vel með farin. Verð 21.9 millj. 4438



**EYRARHOLT - FALLEGT ÚTSÝNI** Falleg og björt 112,4 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 1. hæð í nýlega máluðu fjölbýli á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ á Holtinu. Ein íbúð á hæð. Verð 20,9 millj. 4837

**DAGGARVELLIR - NÝLEG - GLÆSILEG** SÉRLEGA FALLEG nýleg 110,0 fm 4ra herbergja íbúð á 3ju og efstu hæð í fallegu nýlegu fjölbýli. SÉRINNGANGUR. Fallegar birki-innréttingar og hurðar. Parket og flísar. Laus fljótlega. Verð 23,4 millj. 5045

**ESKIVELLIR - 4ra TIL 5 HERBERGJA** Vorum að fá í endursölu nýja 139 fm 4-5 herb. íbúð á 5.hæð í nýju sex hæða lyftuhúsi á Völlunum. Íbúðinni fylgir stæði í bílakjallara. SÉRINNGANGUR. Afhending í Ágúst 2006. Verð 26,5 millj. 5015

**ÞRASTARÁS - FALLEG - LAUS STRAX** Nýl. 110,7 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli á frábærum ÚTSÝNISSTAÐ í ÁSLANDINU. SÉRINNG. Vandaðar innréttingar. Parket og flísar. Verð 24,9 millj. 5026

**FLÚÐASEL - M/ÚTLEIGUHERB. - BÍLAGEYMSLA - LAUS STRAX** Góð 4ra herb. 100 fm íbúð ásamt herbergi í kjallara og stæði í bílageymslu, samtals 150 fm Baðherbergi endurnýjað, nuddbaðkar og veggsalerni. Yfirbyggðar svalir. 18fm herbergi í kj. er með eldhúsi og aðgang að snyrtingu m/sturtu, kjörið til útleigu. Verð 22,7 millj. 4970

**ENGIHJALLI - KÓPAVOGI - LAUS STRAX** Falleg og góð 97 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi, fyrir utan sér geymslu í kjallara. Fjögur svefnherbergi. Tvennar svalir. Góð sameign. Laus fyrir jól. Verð 18,3 millj. 4846

**ENGJAVELLIR - VÖNDUÐ ÍBÚÐ** NÝ OG FALLEG 100 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð, merkt 02-01 í nýju „VIÐHALDSLITLU" fjölbýli á góðum stað á VÖLLUM í HAFNARFIRÐI. SÉRINNG. af svölum. VANDAÐAR innréttingar. FULLBÚIN OG GLÆSILEG EIGN. Verð 21,5 millj. **V. 21,5 m.** 3718

**NAUSTABRYGGJA - REYKJAVÍK** Fyrsta flokks íbúð á fyrstu hæð í þríbýli, íbúðin er 112,5 fm ásamt sér stæði í bílgeymslu. Flott gólfefni og innréttingar. Sjón er sögu ríkari. þrjú svefnherbergi. Góð eign fyrir vandláta. Verð 24,9 millj. 4432

**HÁHOLT - MEÐ ÚTSÝNI - LAUS STRAX** Falleg 107,1 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli á góðum ÚTSÝNISSTAÐ. Parket og flísar. Suðursvalir. Verð 18,9 millj. 3720

## 3JA HERB.



**ÁLFASKEIÐ - SÉRINNGANGUR** Falleg og vel með farin 86 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Sérinngangur inn af svölum. Parket og flísar. Baðherbergi nýlegt. Suðvestursvalir. Verð 16,5 millj. 3715



**KRÍUÁS - FRÁBÆR STAÐSETNING** BJÖRT OG FALLEG 79 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli á frábærum stað efst í Áslandinu. Falleg gólfefni og vandaðar innréttingar. GÓÐ EIGN SEM VERT ER AÐ SKOÐA. Verð 18,7 millj. 5060

## ESKIVELLIR - NÝ FULLBÚIN - LAUS STRAX



Vorum að fá í einkasölu nýja, fallega og fullbúna 85,4 fm 3ja herbergja íbúð í nýju viðhaldslitlu lyftuhúsi á góðum stað á VÖLLUNUM Í HAFNARFIRÐI. Vandaðar innréttingar og tæki. Parket og flísar. **Verð 18,9 millj. 5046**



**SUÐURVANGUR - FRÁBÆR STAÐSETNING** Glæsileg 3-4ra herbergja 96 fm íbúð á efstu hæð í góðu húsi. Parket og flísar á öllum gólfum, UPPTEKIN LOFT með halogenlýsingu. Flott eldhús með eyju. GLÆSILEGT ÚTSÝNI. Húsið stendur á frábærum stað nánast innst í botnlanga við fallegt hraun svæði. Stutt í skóla. Hérna er á ferðinni falleg eign sem verður að skoðast. Verð 22,9 millj. 4995



**ARAHÓLAR - REYKJAVÍK - FRÁBÆRT ÚTSÝNI** Sérlega falleg og mikið ENDURNÝJUÐ 93,7 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli, ásamt 27,5 fm BÍLSKÚR, samtals 121,2 fm Góðar flísalagðar vestursvalir með FRÁBÆRU ÚTSÝNI yfir borgina. Sérlega vönduð mahóníeldhúsinnrétting. HÚSIÐ ER NÝLEGA KLÆTT AÐ UTAN. Verð 23,5 4978



**LYNGMÓAR - GARÐABÆR - BÍLSKÚR - FRÁBÆRT ÚTSÝNI - LAUS STRAX** Falleg og vel skipulögð 112 fm 3ja herb. íbúð á annarri hæð með innb. bílskúr í litlu og góðu fjölbýli. Yfirbyggðar svalir/sólstofa Húsið hefur verið klætt að utan og er því viðhalds lítið. Góð og vel með farin eign. Glæsilegt útsýni út á flóann, Snæfellsnes og víðar. Verð 20.9 millj. 4540

**BREIÐVANGUR - VEL SKIPULÖGÐ** Góð 59,1 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð, ásamt stórri ca: 6 fm sérgeymslu sem er ekki inní uppg. fm, samt. 65 fm. Verð 14,5 millj. 5062

**ENGIHJALLI - LYFTHÚS - HÚSVÖRÐUR - STUTT Í MARGSKONAR ÞJÓNUSTU** Falleg 89 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu LYFTUHÚSI. HÚSVÖRÐUR. Laus fljótlega. Góð eign á góðum stað. Verð 16,9 millj. 5039

**SUÐURBRAUT - FALLEG - M EÐ ÚTSÝNI** Falleg og nýleg 78,4 fm 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð í góðu viðhaldslitlu fjölbýli í miðbæ Hafnarfjarðar. Parket og flísar. Fallegt útsýni yfir höfnina. Verð 16,5 millj. 3674

**TORFUFELL - RVÍK - FYRIR LAGHENTA - LAUS STRAX** 79 fm íbúð á þriðju hæð í litlu fjölbýli við Torfufell. Íbúðina þarf að lagfæra að innan. Tvö svefnherbergi. Laus fljótlega. GOTT VERÐ aðeins 12,9 millj. 4882

**HJALLABRAUT - ENDAÍBÚÐ - LAUS STRAX** Falleg og rúmgóð 108 fm 3ja herb. endaíbúð á annarri hæð í góðu fjölbýli. Góð gólfefni og nýlega búið að taka baðherbergið í gegn. Opin og björt íbúð. Verð 17,9 millj. 4702

**LINNETSSTÍGUR - NÝTT - NÝTT - LAUS STRAX** Glæsileg 100 fm 3ja herb. íbúð í nýju „VIÐHALDSLITLU" fjölbýli í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR. Íbúðin er tilbúin til afhendingar. Stæði í bílgeymslu fylgir. Verð 27,5 millj. 3744

## 2JA HERB.

**ERLUÁS - SÉRLEGA FALLEG** NÝLEG OG GLÆSILEG 74 fm 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í nýlegu fjölbýli með LYFTU á góðum útsýnisstað í ÁSLANDI í Hafnarfirði. SÉRINNGANGUR. Fallegar innréttingar. Verð 17,5 millj. 4561



**ÁLFHÓLSVEGUR - KÓPAVOGUR - LAUS STRAX** Falleg og björt 69 fm, 2-3ja herb. íbúð í fjórbýli á þessum vinsæla stað. Búið er að klæða húsið að stórum hluta. Flísar og parket á gólfum. Verönd út frá stofu. Góð bílastæði. Verð 14,5 millj. 4964



**MÓABARÐ - LAUS STRAX** 82 fm íbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli. Falleg og rúmgóð íbúð. Útsýni, laus við kaupsamn. Verð 15.9 millj. Áhv. 13 millj. til 40 ára frá Ísl.b. 4386

**ERLUÁS - FALLEG** Nýleg og falleg 62,4 2ja til 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í nýlegu 6 íbúða fjölbýli í Áslandi í Hafnarfirði. SÉRINNGANGUR. Verönd með skjólveggjum. Falleg og björt eign. Verð 16,5 millj. 3972

**LAUFVANGUR - VEL MEÐ FARIN ÍBÚÐ Á FYRSTU HÆÐ - LAUS FLJÓTLEGA** 73 fm íbúð á fyrstu hæð í góðu fjölbýli í norðurbænum í Hafnarfirði. Íbúðin er 2ja herbergja, snyrtileg og vel með farin íbúð. Laus fljótlega. Verð 13.9 millj. 5031

**BLÁHAMRAR - RVÍK. - LYFTUHÚS - LAUS STRAX** Vorum að fá í einkasölu fallega íbúð á efstu hæði í nýklæddu húsi. Glæsilegt útsýni yfir borgina. Nýlegt parket. Mikil falleg sameign m.a. salur o.fl. Aðeins 4 íb. á hæðinni. Lyftuhús. Verð 16,9 millj. **16,9** 4671

## ATVINNUHÚSNÆÐI



**HVALEYRARBRAUT - ENDABIL** Gott nýlegt 105 fm ENDABIL á góðum stað, einnig er 30 fm milliloft. Góð innkeyrsluhurð. Húsið er steinað að utan því lítið viðhald. Malbikað bílaplan. Verð 16,5 millj. 5067



**HVALEYRARBRAUT - GOTT BIL** Gott 138 fm vinnslubil á góðum stað við HÖFNINA. Bilið er í dag notað undir fiskvinnslu og hefur öll leyfi klár til þeirrar vinnslu. Bilið skiptist niður í góðan vinnslusal með mikilli lofthæð, skrifstofu, wc, geymsluloft og fl. Góður kælir sem rýmar með góðu móti 18 fiskikör og frystir. Verð 16,0 millj. 5051

**LINNETSSTÍGUR - ATVINNUHÚSNÆÐI - NÝTT HÚS Á EINUM BESTA STAÐ Í HJARTA HAFNARFJARÐAR** Höfum tvö bil með 107 fm og 160 fm og að auki fylgja tvenn bílastæði í bílkjallara með hvorum bili. Flott húsnæði, fallegir gluggar með gott auglýsingagildi. Einnig er hægt að fá þessi bil leigð. Uppl. hjá ÁS 5041

**HESTHÚS - HLÍÐARÞÚFA - HAFNARFJÖRÐUR** Gott 10 hestahús á góðum stað við Hlíðarþúfur í Hafnarfirði. Góð aðstaða fyrir dýr og menn. Fín kaffiaðstaða o.fl. Góðar reiðleiðir. Verð 7,9 millj. 5044

*– Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali – Jónas Hólmgeirsson – Eiríkur Svanur Sigfússon – Jón Örn Kristinsson – Birna Benediktsdóttir – Melkorka Guðmundsdóttir – Laufey Lind Sigurðardóttir –*

RE/MAX MJÓDD




Jónas Örn Hafdís Ásdís Ósk



www.remax.is

*Jónas Örn Jónsson, hdl., löggiltur fasteignasali – Hafdís Rafnsdóttir, sölufulltrúi, sími 895-6107, hafdis@remax.is – Ásdís Ósk Valsdóttir, sölufulltrúi, sími 863-0402, asdis@remax.is*

**OPIÐ HÚS í dag kl. 18:30-19:00**



**Sunnuflöt 48 - einbýli - 210 Garðabær**
264 fm. einbýlishús á einni hæð með tvöföldum innbyggðum bílskúr. 5 svefnherbergi, 2 samliggjandi stofur með stórkostlegu útsýni. Endurnýjað eldhús með vönduðum tækjum. Ein besta staðsetningin á Flötunum í Garðabæ, innst í botnlanga og ekkert byggt fyrir aftan hús.
**VERÐ: 54,8 M**

**OPIÐ HÚS í dag kl. 19:30-20:30**



**Efstilundur 9 - einbýli - 210 Garðabær**
195,5 fm. einbýlishús með 45 fm bílskúr sambyggðum húsinu, (innifalið í stærð hússins). 3 svefnherbergi í dag en möguleiki á 5 herb. Eldhús er endurnýjað með rúmgóðri innréttingu og góðum borðkrók, stór gróinn garður. Húsið er staðsett innarlega í botnlanga á friðsælum stað. Skemmtileg eign sem getur verið laus fljótlega.
**VERÐ: 48,7 M**

**OPIÐ HÚS í dag kl. 19:30-20:30**



**Ásbúð 28 - einbýli - 210 Garðabær**
Rúmgott einbýlishús á einni hæð með 28 fm. Innbyggðum bílskúr og stórum grónum garði með palli og heitum potti. 6 svefnherbergi, sjónvarpshol og 2 uppgerð baðherbergi, annað með hornbaðkari, sturtuklefa og saunaklefa innaf.
**VERÐ: 44,5 M**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN KL. 17:30-18:00**



**Vogatunga 24 - raðhús - 200 Kópavogur**
Raðhús á 2 hæðum með 2 aukaíbúðum, 26,4 fm. frístandandi bílskúr og 40 fm. ófrágengnu rými. Rúmgóðar stofur með frábæru útsýni, mjög stórar svalir og gróinn garður. Á neðri hæð eru 2 aukaíbúðir með sérinngangi sem væri hægt að innlima inn í efri hæðina.
**VERÐ: 43,7 M**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN KL. 18:30-19:00**



**Birtingakvísl 48 - raðhús - 110 Reykjavík**
7 herbergja raðhús á 3 pöllum og 27,7 fm. bílskúr. Nýtt sem 2 íbúðir í dag (hentar samrýmdum fjölskyldum þar sem hluti er hússins er samnýttur. Mjög auðvelt að breyta í eina aftur og fá þannig a.m.k. 4 svefnherbergi.
**VERÐ 39,5 M**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN KL. 17:30-18:00**



**Sólvallagata 9 - hæð - 101 Reykjavík**
Glæsileg efsta hæð með útsýni í allar áttir, 3 svefnherbergi. Stórar samliggjandi stofur og vandað eldhús með Brúnás innréttingu. Baðherbergi með baðkari.
**VERÐ 37,9 M**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN KL. 20:00-21:00**



**Lækjarsmári 88 – 4ra herb – 201 Kóp.**
Glæsileg 4ra herbergja sérhæð á jarðhæð með sérinngangi, sérgarði og bílskýli. Svefnherbergi eru parketlögð með skápum, baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með bæði baðkari og sturtu. Eldhús með hvítri innréttingu og borðkrók, sjónvarpshol og stofa með parketi, útgengt á sérverönd frá stofu og sérgarð frá hjónaherbergi.
**VERÐ 32,8 M**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN KL. 20:00-21:00**



**Réttarholtsvegur 77 - raðhús - 108 Reykjavík**
Raðhús á 2 hæðum + kjallari. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförnum árum, m.a. gluggar, gler, þak, skolp og hitalagnir. 1. hæð: forstofa, eldhús og stofa með útgengt í garð. 2. hæð: 3 svefnherbergi og baðherbergi. Kjallari: stórt þvottahús og geymsla.
**VERÐ: 23,9 M**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN KL. 18:30-19:00**



**Skaftahlíð 20 – 4ra herb – 105 Reykjavík**
4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Eingöngu er ein íbúð á hæð og því eins og um sérhæð sé að ræða. Stór stofa/borðstofa með svölum, 3 parketlögð svefnherbergi þarf af eitt með svölum. Eldhús með u-laga innréttingu og borðkrók. Flísalagt baðherbergi með baðkari.
**VERÐ 23,7 M**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30-18:00**



**Kríuhólar 6 - 5 herb - 111 Reykjavík**
5 herbergja íbúð á 2. hæð í litlu snyrtilegu fjölbýli, 4 svefnherbergi, stofa með nýlegu plastparket, eldhús með rúmgóðum borðkrók.
**VERÐ: 18,5 M**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30-18:00**



**Suðurhólar 20 - 3ja herb - 111 Reykjavík**
Falleg og endurnýjuð íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. Forstofa með fallegum flísum á gólfi, eldhús með hvítri innréttingu. Parket á stofu, herbergjum og gangi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með sturtu og tengi fyrir þvottavél. Glæsilegt og skemmtileg eign
**VERÐ: 18,3 M**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18:30-19:00**



**Suðurhólar 4 - 4ra herb - 111 Reykjavík**
4ra herbergja íbúð á efstu hæð (4.) með frábæru útsýni, 3 svefnherbergi. Eldhús með eikarinnréttingu og borðkrók. Stofa með parketi, baðherbergi með baðkari. LAUS STRAX
**VERÐ: 17,5 M**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN KL. 20:00-20:30**



**Hlíðarhjalli 67 - 3ja herb - 200 Kópavogur**
Rúmgóð 3ja herbergja íbúð með frábæru útsýni á annari hæð í góðu fjölbýli í Suðurhlíðum Kópavogs. Beykiinnrétting með ljósum á flísum á milli skápa, útgengt á svalir. Mjög rúmgóð herbergi og frábært útsýni frá eldhúsi og stofu.
**VERÐ: 17,3 M**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 20:00-21:00**



**Fagrahlíð 5 - 2ja herb. - 221 Hafnarfirði**
Falleg 2ja herbergja íbúð á 2 hæðum með sérverönd. Eldhús er með fallegri innréttingu. Öll íbúðin er mjög stílhrein og samskonar parket og innréttingar eru í allri íbúðinni.
**VERÐ: 16,9 M**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN KL. 17:30-18:00**



**Hagamelur 26 - 2ja herb - 107 Reykjavík**
Björt og falleg 2ja herbergja íbúð með sérinngangi. Forstofa flísalögð, eldhúsið með hvítri innréttingu og rúmgott svefnherbergi með parketi. Baðherbergi með baðkari. Stofa og borðstofa eru samliggjandi. Frábær staðsetning, örstutt í HI, sundlaugina og alla þjónustu á besta stað í Vesturbænum. Frábær fyrsta eign.
**VERÐ: TILBOÐ**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18:30-19:00**



**Lækjarfit 7 - 2ja herb. - 210 Garðabær**
2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. Herbergi með plastparketi. Baðherbergi með sturtuklefa og tengi fyrir þvottavél. Stofa og eldhús er opið rými, l-laga innrétting með efri og neðri skápum.
**VERÐ: 13,6 M**

# TOPP 5: JIM CARREY



JIM CARREY

1. Dumb & Dumber (1994). Braut í sér framtönn fyrir myndina, en hefur nú látið laga hana. Carrey þurfti að láta fjarlægja úr sér gallsteina á meðan tökur stóðu yfir. Myndin hefur náð inn fjórum sinnum meira peningum en eytt var við gerð hennar og það bara á myndbandaleigum í Bandaríkjunum.

2. Eternal Sunshine of the Spotless Mind (2004). Nicolas Cage kom líka til greina í hlutverk Carreys. Myndin er byggð á ljóði eftir Alexander Pope en þar er einnig fengið nafnið á myndinni.

3. The Truman Show (1998). Allar götur í myndinni er nefndar eftir frægum leikurum. Eftirnafn Carreys í myndinni, Burbank, vísar til þess að myndverið átti að vera í Burbank. Hið frábæra tónskáld Philip Glass samdi tónlistina fyrir myndina.

4. Ace Ventura (1994). Myndin sem gerði Carrey að stórstjörnu. Carrey fékk lag með uppáhaldshljómsveitinni sinni, Cannibal Corpse, flutt í myndinni. Teiknimyndir voru gerðar eftir henni en féllu í grýttan jarðveg.

5. How the Grinch Stole Christmas (2000). Carrey þurfti þriggja tíma förðun fyir hvern tökudag. Honum þótti gríman og búningurinn svo óþægileg að hann fékk sérstaka þjálfun í að þola sársauka. Gerð eftir sögu Dr. Seuss.

## VISSIR ÞÚ...

...að sigusælasti ökuþór Formúlu 1 fyrr og síðar er Michael Schumacher?

...að Ayrton Senna sigraði Mónakó kappaksturinn 5 sinnum í röð á árunum 1989 til 1993?

...að Senna varð oftar en nokkur annar á ráspól? Alls 65 sinnum.

...að Alain Prost var sjö sinnum í röð á ráspól 1993? Hann varð heimsmeistari sama ár.

...að Nigel Mansell var 14 sinnum á ráspól Formúlu 1 kappakstursins árið 1992?

...að Mansell varð heimsmeistari 1992 en hætti eftir það?

...að hann sneri sér að Indy-kappakstrinum og varð heimsmeistari í fyrstu tilraun árið 1993?

...að Mika Häkkinen átti flesta fljótustu hringi á einni leiktíð í Formúlunni árið 2000? Það dugði skammt því Schumacher varð heimsmeistari það árið.

...að yngsti ökumaðurinn í Formúlunni var aðeins 19 ára og 182 daga gamall? Hann hét Michael Christopher Thackwell og var frá Nýja-Sjálandi.

...að elsti Formúlukappinn var Louis Alexandre Chiron frá Mónakó? Hann var 55 ára og 292 daga gamall.

...að yngstur allra sem hlotið hafa stig í formúlinni er Jenson Button frá Bretlandi? Hann var tuttugu ára og 67 daga gamall þegar hann varð sjötti í Brasilíska kappakstrinum 2000.

...elsti heimsmeistarinn hét Juan Manuel Fangio. Sá kappi var frá Argentínu en hann var 46 ára og 41 dags gamall er hann vann 1957.

...að Ferrari er sigursælasta lið Formúlu 1 kappakstursins fyrr og síðar.

# HVUNNDAGURINN:
## *Ósköp venjulegt líf*



„Ég vakna og reyni að vera komin í vinnuna klukkan níu, ég er frekar löt á fætur og væri síðasta manneskjan að mæta í líkamsrækt fyrir vinnu á morgnana,“ segir Kolbrún Sævarsdóttir, ein af tíu saksóknurum hjá Ríkissaksóknara.

„Svo er svo misjafnt hvað liggur fyrir. Það er algengt að ég mæti í málflutning, en annars er ég að vinna að skjölum og undirbúa mál, undirbúa ákæru eða greinargerð í Hæstarétt eða eitthvað því um líkt. Svo fer ég tvisvar til þrisvar í viku í hádeginu og lyfti í World Class. Svo vinn ég oftast fram að kvöldmat og á frí á kvöldin, en stefni að því að fá mér hest í hús eftir áramót, svo þá fara kvöldin væntanlega mikið til í hann. Þetta er ósköp venjulegt líf, held ég.“



# Vellíðan í Samfylkingu

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
SKRIFAR UM SAMFYLKINGUNA

Nokkuð hefur verið rætt um það í fjölmiðlum undanfarið, að Alþýðuflokksmenn væru óánægðir í Samfylkingunni. Ég get fullyrt, að það er enginn fótur fyrir þessum vangaveltum. Alþýðuflokksmenn eru ánægðir í Samfylkingunni.

Samfylkingin var mynduð af Alþýðuflokknum, Alþýðubandalaginu, Kvennalistanum og Þjóðvaka. Þessi sameining hefur tekist mjög vel og skapað þann sterka flokk sem Samfylkingin er í dag. Flokksmenn líta í dag á sig sem Samfylkingarmenn, sem jafnaðarmenn en kenna sig ekki við hina gömlu flokka, sem stóðu að sameiningunni. Það er því út í hött, þegar sjálfstæðismenn og aðrir eru að tala um, að áhrif Alþýðuflokksmanna séu lítil í Samfylkingunni. Í nýjum flokki snúast málin ekki um áhrif eða áhrifaleysi fyrrverandi flokka. Sem fyrrverandi Alþýðuflokksmaður get ég sagt, að ég er mjög ánægður með sameininguna og hinn nýja flokk. Ég tel stefnu Samfylkingarinnar vera í anda jafnaðarstefnunnar og forustumenn flokksins hafa tryggt að svo yrði. Ég er ánægður með þróun mála í Samfylkingunni. Ég hafði lengi alið þann draum, að jafnaðarmenn á Íslandi gætu sameinast í einum flokki. Ég tel, að sá draumur hafi nú ræst.

Ágreiningur A-flokkanna var ávallt fyrst og fremst um utanríkismál, um afstöðuna til Sovetríkjanna og til NATO. Þegar Sovetríkin liðuðust í sundur og kommúnisminn leið undir lok þar var þessi ágreiningur úr sögunni. Það var hins vegar skaði, að félagar Vinstri grænna skyldu ekki telja sig geta tekið þátt í sameiningu jafnaðarmanna. Í hinum stóru jafnaðarmannaflokkum í Evrópu rúmast ólíkar skoðanir og því hefðu Vinstri grænir vel rúmast innan Samfylkingarinnar með sínar sér skoðanir, t.d. í utanríkismálum og umhverfismálum.

Leiðtogar Samfylkingarinnar, þau Össur Skarphéðinsson og Ingibjörg Sólrún, hafa staðið sig mjög vel. Össur leiddi flokkinn í upphafi sameiningarinnar þegar mjög var á brattann að sækja og á móti bles iðulega. Hann kom fylgi flokksins úr 16 í 31 prósent. Yfirgnæfandi meirihluti flokksmanna vildi fá Ingibjörgu Sólrúnu sem framtíðarleiðtoga. Hún stóð sig mjög vel sem borgarstjóri og hefur staðið sig vel sem formaður Samfylkingarinnar fram að þessu. Ég spái því að fylgi Samfylkingarinnar muni fljótlega fara yfir þrátíu prósent undir hennar stjórn.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*






# Leggjum niður Norðurlandaráð

**UMRÆÐAN**
SAMSTARF NORÐURLANDA



**LENNART KOLLMATS OG CARL B. HAMILTON**

Eftir lok kalda stríðsins hafa forsendur fyrir samstarfi Evrópulanda breyst með afgerandi hætti. Útvíkkun Evrópusambandsins og ýmis vandamál sem ná út fyrir landamæri einstakra landa krefjast viðeigandi lausna, m.a. hvað varðar umhverfismál, hryðjuverk og alvarlega glæpi; sem og viðskiptastjórnmál.

Þessar breyttu forsendur krefjast skilvirkara samstarfsfyrirkomulags en er til staðar í dag. Norrænir þingmenn og leiðtogar liðinna áratuga reyndu að sameinast um sameiginlega sýn á málefni og lausnir sem hentuðu vandamálum þess tíma og voru aðkallandi á því tímabili sögunnar. Á sínum tíma var Norðurlandaráð hið rétta. Í dag er það úrelt, úr sér gengið og það ber að leggja það niður. Valkosturinn liggur í augum uppi: Nánara samstarf við Evrópusambandið. Við viljum benda á þrjár forsendur sem hvetja til afnáms Norðurlandaráðsins.

Í fyrsta lagi hefur járntjaldið fallið. Í grunninn hefur það breytt forsendum fyrir öllu samstarfi í Evrópu. Fall Sóvétríkjanna opnaði leið fyrir lýðræði og markaðshagkerfi og styrkti tengsl allra landa umhverfis Eystrasalt, ekki síst Eystrasaltslanda og Póllands. Öll þessi ríki eru meðlimir Atlantshafsbandalagsins, auk Danmerkur, Þýskalands, Noregs og Íslands.

Í öðru lagi hefur Evrópusambandið stækkað og nær núorðið yfir öll Norðurlönd og Eystrasaltsríkin, að undanskildum Noregi og Íslandi, sem eru þó með langtíma EES-viðskiptasamning. Þetta þýðir að í dag fer nánast öll samhæfing stjórnmála í mikilvægum málaflokkum fram innan ESB og á Evrópuþinginu. ESB-samstarfið er vissulega í vanda, en stofnanir ESB standa á föstum grunni í Evrópu nútímans, samstarfið styrkist æ meir og varðar æ fleiri málefni. Vegna samstarfssamningsins hafa Noregur og Ísland þurft að aðlagast einhliða ákvörðum ESB og glata sífellt meir af fullveldi sínu með því að standa fyrir utan ESB. Þetta er auðvitað þeirra höfuðverkur, Noregs og Íslands, en ekki halda að við í Svíþjóð eigum að halda lífi í Norðurlandaráðinu eingöngu sökum þess að Noregur og Ísland vilja ekki ganga í ESB!

Í dag er Evrópuráðið einnig til staðar. Það leggur mikla áherslu á málefni mannréttinda og lýðræðis og nær núorðið til allra Evrópulanda, að Hvíta-Rússlandi undanskildu.

Í þriðja lagi, mikilvægi norrænna stjórnmálastofnana til að stuðla að aukinni hreyfingu og meiri samskiptum yfir landamærin er í dag algjörlega ofmetið, bæði með tilliti til möguleika fólks að ferðast upp á eigin spýtur, flytja búsetu og vinna innan ESB, og með tilliti til samtvinnaðs drifkrafts markaðar og verslunar. Samstarfið hefur að þessu leyti verið svo vel heppnað eftir lok seinni styrjaldar, sérstaklega á tíunda áratug síðustu aldar, að stofnun eins og Norðurlandaráðið er orðin óþörf. Samstarfið á milli þjóða, í Svíþjóð og nágrannalöndum, mun „sjálfkrafa“ finna nýjar og dýpri leiðir.

Við höfum orðið vitni að því hvernig norræn fyrirtæki fjárfesta í auknum mæli og koma sér fyrir í nágrannalöndum sínum og Eystrasaltsríkjunum. Norðurlöndin eru fyrsta skrefið í átt að heimsmarkaðnum. Þetta styrkir norrænu fyrirtækin og möguleika þeirra til að takast á við harðnandi samkeppni í hnattvæddum viðskiptum heimsins. Alþjóðlegt eignarhald og viðskiptatengsl verða sífellt samofnari. Ford á hlut í Volvo, SAAB er hluti af GM, 49,9 prósent af Aftonbladed eru í eigu Schibsted í Noregi, o.s.frv. Dæmin eru ótal fleiri. Á milli norrænu fyrirtækjanna eiga samruni og eignaskipti sér einnig stað. Samstarf norrænu tryggingafélaganna er að aukast. Þetta er þróun sem á sér stað á mörgum sviðum innan og utan Norðurlanda.

Við sjáum hvernig mikið magn upplýsinga flæðir á milli borgara, félagasamtaka, fyrirtækja og landa. Möguleikarnir á að afla sér upplýsinga og staðreynda, taka þátt í skoðanaskiptum og koma með tillögur eru nánast ótæmandi. Samskiptin á milli þeirra sem taka ákvarðanir eru mun hraðari, nánari og tíðari en þau voru þegar Norðurlandaráð var sett á laggirnar. Við skulum ekki gera lítið úr mikilvægi Norðurlandaráðs í fortíðinni, en það var í þá tíð. Það sem er næst á dagskrá í dag er hvernig Norðurlandasamstarfið verður í framtíðinni skipulagt í takt við tímann, eða hvernig það verður afnumið til góðs fyrir annað evrópskt bandalagsmynstur.

Samstarfið við önnur lönd, sérstaklega innan Evrópu, þarf að styrkjast. Stundum getur sameiginlegt norrænt samstarf verið gagnlegt og stundum skilar annars konar samstarfsfyrirkomulag mestum árangri. Styrkur hins norræna samstarfs felst í þátttöku fólksins. Samstarfið á milli ríkjanna á sér einnig stað á öðrum sviðum, t.d. á milli vinabæja, frjálsra samtaka og fyrirtækja. En fyrst og fremst snýst þetta um samvinnu á milli einstaklinga. Styrkur hinnar norrænu samstöðu felst í sameiginlegum hversdagsleika og í þekkingunni á því sem sameinar okkur og skilur okkur að, styrkleika okkar og veikleika. Þetta samstarf getur fundið sér farveg í hugsjónasamtökunum Norræna félaginu.

Nú er tímabært að flytja umræðuna frá fundum Norðurlandaráðsins til ríkisþinganna. Þeir þróunarmöguleikar sem kynnu að felast í norrænu samstarfi eru best nýttir sem hluti af daglegu starfi þingsins, t.d. sænska þinginu - Riksdag - og nefndum þess. Umræður um málefni ESB eiga sér nú þegar stað á þinginu. Markmiðið er að leggja meiri áherslu á málefni ESB í daglegu starfi þingsins. Hlutverk þingnefnda er þar sérstaklega mikilvægt og mörg rök hníga að því að öll málefni ESB verði afgreidd í viðeigandi fagnefnd. Það eru ekki lengur til nein „norræn málefni“. Það eru aðeins til málefni með Evrópusambands-vídd á ólíkum stjórnmálasviðum.

Afleiðing þessa er að Norðurlandaráð verður að leggja niður. Með tilliti til stofnunarinnar sem hefur verið sett á fót mun slík vinna taka nokkur ár. Það er hins vegar áríðandi að grundvallarákvörðun um afnám Norðurlandaráðs verði tekin á árinu 2006.

*Höfundar eru þingmenn Þjóðarflokksins á sænska þinginu. Lennart Kollmats er formaður menningarráðs sænska þingsins og Carl B. Hamilton er varaformaður í Evrópusambandsnefnd þingsins.*



**NORRÆNA HÚSIÐ** Mikilvægi norrænna stjórnmálastofnana til að stuðla að aukinni hreyfingu og meiri samskiptum yfir landamærin er í dag algjörlega ofmetið að mati greinarhöfunda. FRÉTTABLAÐIÐ/EGGERT




# Borgin mín er lífsborg

**UMRÆÐAN**
DAUÐAREFSINGAR



**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR**
FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti 20. desember að lýsa Reykjavíkurborg lífsborg, en með samþykktinni gengur Reykjavík til liðs við baráttuna gegn dauðarefsingum. 397 borgir víðs vegar um heiminn hafa með þessum hætti tekið afstöðu móti dauðarefsingum og ár hvert í nóvember minnast borgirnar þess að árið 1786 var dauðarefsing afnumin í hertogadæminu Toskana, sem var í fyrsta sinn sem ríki afnam dauðarefsingar. Borginar velja með þessum hætti lífið og vekja athygli á því óréttlæti og skorti á mannúð sem felst í því þegar ríkisvaldið tekur sér vald yfir lífi og dauða.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar þessari ákvörðun borgarstjórnar og telur að hún sé mikilvæg í baráttunni gegn hinni miskunnarlausu refsingu sem dauðarefsing er. Amnesty International hefur frá árinu 1977 barist fyrir afnámi dauðarefsinga, en þá höfðu einungis sextán ríki heimsins afnumið dauðarefsingar. Baráttan hefur skilað nokkrum árangri og í dag hafa 85 ríki afnumið dauðarefsingar.

Ísland afnam dauðrefsingar árið 1928 og árið 1994 var sett ákvæði í stjórnarskrá að dauðarefsingar skyldi aldrei taka upp hér á landi. Ísland hefur ætíð unnið að afnámi dauðarefsinga á alþjóðavettvangi.

Árið 2004 voru að minnsta kosti 3.797 einstaklingar teknir af lífi í 25 ríkjum, og að minnsta kosti 7.395 einstaklingar dæmdir til dauða í 64 ríkjum. Þetta eru einungis lágmarkstölur, réttar tölur eru eflaust mun hærri. Árið 2004 voru 97 prósent allra þeirra sem teknir voru af lífi frá eftirtöldum ríkjum; Kína, Íran, Víetnam og Bandaríkjunum. Aftökuaðferðir eru margvíslegar í Sádi-Arabíu, í Íran er fólk tekið af lífi með því að afhöfða það og í Bandaríkjunum er aflífað með banvænum sprautum en það er einnig gert í Kína, Gvatemala, á Filippseyjum og Taílandi. Í Hvíta-Rússlandi, Kína, Sómalíu, Taívan, Úsbekistan, Víetnam og fleiri ríkjum eru það aftökusveitir sem hafa tekið fólk af lífi. Bæði í Afganistan og Íran hefur fólk verið grýtt til dauða og í Bandaríkjunum hefur fólk verið tekið af lífi í rafmagnsstólum.

Svo lengi sem dauðarefsingum er beitt verður aldrei hægt að eyða líkum á því að saklausir verði teknir af lífi. Frá 1973 hefur 119 föngum verið sleppt í Bandaríkjunum eftir að ný sönnunargögn sýndu fram á sakleysi þeirra af þeim ákærum sem leitt höfðu til dauðadóms yfir þeim. Sex slík mál voru frá árinu 2004 og tvö frá ársbyrjun fram í júní 2005. Sumir fangarnir voru nálægt því að verða teknir af lífi, eftir að hafa verið á dauðadeild í mörg ár. Sameiginlegt mörgum þessara mála er misferli af hálfu lögreglu eða ákæruvaldsins, óáreiðanlegur vitnisburður, óáreiðanleg sönnunargögn og vafasamar játningar og ófullnægjandi vinna verjenda. Aðrir bandarískir fangar hafa verið teknir af lífi þó að miklar efasemdir hafi ríkt um sekt þeirra.

Dauðarefsingar eru enn staðreynd víða um heim, refsingar sem ráðast að mannhelgi og niðurlægja alla sem að þeim koma. Þær eru grimmilegar og aldrei réttlætanlegar. Þær eru morð af hálfu ríkisvaldsins.

Ég er í dag stolt af því að búa í lífsborg. Borgin mín hefur valið lífið. ■

## AF NETINU

**Fengur í Þjóðmálum**

Greinin eftir Þorstein Pálsson um Völundarhús valdsins birtist í tímaritinu Þjóðmálum sem dafnar vel undir stjórn Jakobs F. Ásgeirssonar. Þarna er mikið af efni sem er gaman að lesa, þótt raunar sé ekki sérlega spennandi að lesa upptugur úr vefritinu Vef-Þjóðviljanum. Einhvern veginn er maður búinn að kortleggja til hlítar það sem þaðan kemur. Frjálshyggjan er eins og marxisminn að því leyti - maður veit alltaf hvað kemur næst.

Það er fengur að því hvernig blaðið virðist ætla að spegla ólíka hugmyndastrauma á hægri vængnum; þeir eru ekki alltaf svo sýnilegir hér á landi, líklega vegna þess hversu Sjálfstæðisflokkurinn er samheldinn þegar á reynir. Þarna eru greinar sem má flokka undir frjálshyggju eins og áður segir, aðrar sem eru skrifaðar af virðulegri íhaldsmennsku og svo er þarna grein eftir Ragnhildi Kolka sem er dæmigerð fyrir þá hægrimenn sem eru fullir tortryggni gagnvart fjölmenningarsamfélaginu.

**Egill Helgason á visir.is**

Ekkert blað í morgun?
Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.
FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
VÍSIR VEFTV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Tæknibær
EINSTÖK JÓLATILBOÐ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
Quanta
Örgjörvi: Intel Pentium M 1.7 GHz Centrino
Skjár: 15" XGA 1400 x 1050 upplausn
Harður diskur: 60 GB Ultra ATA 100
Skjákort: ATi Radeon 9700 128 MB
Geisladrif: CD skrifari / DVD lesari
Vinnsluminni: 512 MB DDR 333
Tengi: 4x USB 2.0, S-Video, FireWire, InfraRed, VGA
Netkort: Broadcom Ethernet 10/100/1000
Þráðlaust: 802.11b/g þráðlaust netkort
Stýrikerfi: Án stýrikerfis
Aðeins 79.900
Bættu við: +9.900 kr. fyrir Windows XP Home +4.900 kr. fyrir DVD skrifara
Fróðleiksmoli
Quanta
Örgjörvi: Intel Pentium M 2.0 GHz Centrino
Skjár: 15" XGA 1400 x 1050 upplausn
Harður diskur: 60 GB Ultra ATA 100
Skjákort: ATi Radeon 9700 128 MB
Geisladrif: DVD skrifari
Vinnsluminni: 512 MB DDR 333
Tengi: 4x USB 2.0, S-Video, FireWire, InfraRed, VGA
Netkort: Broadcom Ethernet 10/100/1000
Þráðlaust: 802.11b/g þráðlaust netkort
Stýrikerfi: Windows XP Professional Edition
Aðeins 114.900
GEISLADISKAR OG MÖPPUR
Áskrifanlegir DVD diskar í hólk
Platinum 8 hraða 25 stk. DVD+R 2.900
Áprentanlegir 25 stk. DVD+R 3.900
Platinum 8 hraða 50 stk. DVD+R 5.500
Áskrifanlegir geisladiskar í hólk
25 stk. 1.290
50 stk. 2.400
Geisladiskamöppur
24 diska 390
48 diska 690
96 diska 990
200 diska 1.590
TURNTÖLVUR
AMD Sempron 2400 með 256 MB vinnslum., 120 GB hörðum disk, 52x geisladrifi, skjá/hljóð- & netkorti 29.500
AMD64 3000+ örgjörvi, 512 MB vinnslum., 200 GB hörðum disk, 16x DVD skrifara o.fl 59.900
UPPFÆRÐU OG STÆKKAÐU TÖLVUNA
AMD Athlon XP-M 2800 á móðurborði með hljóðlátri kæliplötu 13.900
400 MHz DDR minniskubbar
256 MB 2.400
512 MB 4.500
1 GB 9.900
Jetway GeForce FX5500 skjákort með 256 MB DDR, AGP 8X, TV-out og DVI tengi 6.900
TÖLVUKASSAR
Silfurlitur ATOP X-Blade Gaming tölvukassi m. 400 W aflgjafa og 2x USB 2.0 o.fl 11.900
Artemis Middle Tower með tveimur USB tengjum að framan og 300 W aflgjafa 4.900
HEYRNARTÓL OG HLJÓÐNEMAR
Zalman ZM-MIC1 hljóðnemi sem festist á heyrnartólssnúruna 990
Sennheiser HD-515 heyrnartól fyrir þá sem vilja gæði 7.490
Sennheiser HD 20 Tilvalin byrjendaheyrnartól fyrir alvöru áhugamenn 2.250
VEFMYNDAVÉLAR
Chicony, USB vefmyndavél upplausn 352x288 1.500
Logitech QuickCam Fusion stafræn vefmyndavél- 1.3 megapixla upplausn! 11.900
MP3 & USB lyklar
MSI MEGA PLAYER USB GAGNAGEYMSLA + MP3 SPILARI + FM ÚTVARP + KÍLÓMETRAMÆLIR + STOPPÚR!
256 MB 7.900
512 MB 11.700
1 GB 15.600
USB 2.0 minnislyklar
256 MB 1.990
512 MB 4.200
1 GB 6.900
USB 2.0 PCI stýrispjald fyrir tölvur sem styðja ekki USB 2.0 2.400
FLATSKJÁIR
Avidav flatskjáir
17" 8 ms 23.500
19" 12 ms 31.500
Hyundai ImageQuest 19" flatskjár- 8 ms., 1280x1024 Fæst silfurlitur/svartur 39.900
Tæknibær · Skipholti 50c · Sími 551 6700 · www.tb.is

# TILRÆÐISMENNIRNIR MEÐAL OKKAR

Næstu daga birtir Fréttablaðið greinar um atburði sem breyttu gangi sögunnar á árinu. Í þessari fyrstu grein af fimm skoðar *Michael Ignatieff* aðstæðurnar að baki hryðjuverkaárásunum á London síðastliðið sumar.

VENDIPUNKTAR 2005




**SPRENGJUMENNIRNIR Í LONDON** Þessir ungu múslimar sem tóku þátt í árásunum voru hvorki atvinnulausir né á jaðri samfélagsins. Þeir voru, ef eitthvað er, óskabörn fjölmenningarsamfélagsins.

Innan nokkurra daga frá sprengjuárásunum í London hinn 7. júlí, þar sem 56 manns biðu bana, höfðu bresk yfirvöld komist að því að allir tilræðismennirnir sem tóku þátt í sjálfsmorðsárásunum hefðu verið breskir ríkisborgarar frá fæðingu. Öfugt við tilræðismennina í árásunum í Bandaríkjunum hinn 11. september árið 2001 og tilræðismennina í árásunum á Spáni hinn 11. mars árið 2004, sem voru útlendingar sem laumuðu sér inn í þessi lönd til þess að skaða óbreytta borgara, voru tilræðismennirnir í Bretlandi allir breskir ríkisborgarar.

Í fyrsta skipti síðan „Stríðið gegn hryðjuverkum" hófst vöknuðu íbúar Evrópu við nýjan veruleika: Hin hatursfullu skilaboð sem Al-Kaída og fleiri íslömsk bókstafstrúarsamtök hafa sent frá sér eru nægilega sannfærandi til að umbreyta innfæddum íbúum landa Evrópu í tilræðismenn sem eru reiðubúnir að fórna eigin lífi til að skaða samborgara sína. Sú spurning sem liggur beinast við að spyrja næst er af hverju?

Þessir ungu múslimar sem tóku þátt í árásunum voru hvorki atvinnulausir né á jaðri samfélagsins. Þeir voru, ef eitthvað er, óskabörn fjölmenningarsamfélagsins. Einn þeirra hafði unnið við það á grunnskólaárum sínum að kenna ungum börnum að lesa. Annar þeirra var með háskólagráðu í íþróttafræðum og var meðlimur í krikketliði.

Hryðjuverkamenn áttu að vera ókunnir menn, útlenskir menn, aðkomumenn. Það átti að vera útskýringin fyrir því af hverju tilræðismönnum í sjálfsmorðsárásum var sama um þau líf sem þeir bundu enda á. Í stað þess voru hryðjuverkamennirnir í árásunum á London samborgarar þeirra sem þeir drápu, meðlimir sama pólitíska samfélags og fórnarlömb þeirra. Hvað hafði orðið um þau tryggðabönd sem tengja borgara í ríki saman? Hví voru tryggðaböndin svo veik?

Í haust komu sömu spurningar upp á yfirborðið þegar nokkurra vikna langar óeirðir brutust út í innflytjendahverfum í stórum borgum í Frakklandi. Evrópubúar hófu að spyrja sig að því hvort aðferðir þeirra við að laga innflytjendur að samfélaginu með því að veita þeim jafnan ríkisborgararétt á við þá hefðu beðið skipsbrot.

### Hvað hefur farið úrskeiðis?

Í Kanada og Bandaríkjunum voru fréttaskýrendur aðallega í því að óska sjálfum sér til hamingju með það að það væri nær öruggt að sams konar óeirðir og í París hefðu ekki getað brotist út í New York, Los Angeles eða Toronto. En öðrum sem létu ekki eins drýgindalega varð hverft við fréttirnar og spurðu sig eftirfarandi spurningar: Hvað gerist ef aðferðir okkar við að laga innflytjendur að samfélaginu með því að veita þeim ríkisborgararétt ganga heldur ekki upp til langframa?

Bandaríkin og Kanada hafa forskot á önnur lönd vegna þess að þessi lönd hafa verið innflytjendasamfélög allt frá byrjun. Þegar lönd í Evrópu byrjuðu að fá til sín vinnuafl frá Alsír, Marokkó og Tyrklandi á sjöunda áratugnum var litið svo á að ómögulegt væri að þessu fólki yrði veittur ríkisborgararéttur. Innflytjendur voru tímabundið vinnuafl sem á endanum myndi snúa aftur til síns heima. Þegar þeir bjuggu áfram í löndunum, eignuðust fjölskyldur og festu rætur hófu ríkisstjórnir landa Evrópu að veita þeim ríkisborgarétt með nokkrum semingi.

Með frönskum ríkisborgararétti fengu hinir nýju borgarar ríkisstyrki til niðurgreiðslu á leiguhúsnæði, ókeypis menntun og ókeypis heilsugæslu, sem og atvinnuleysisbætur og aðrar hagsbætur sem í dag nema um 1.200 dollurum á mánuði fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Í staðinn fyrir jafnrétti voru útlendingarnir beðnir að láta af ákveðnum siðvenjum. Til dæmis þurftu ungar stúlkur að hætta að bera höfuðslæður í almenningsskólum.

Önnur lönd í Evrópu buðu innflytjendum sömu skilmála, ríkisborgararétt og velferðarbætur, en þrýstu ekki á að útlendingarnir löguðu siðvenjur sínar að þeirri veraldarhyggju sem ríkjandi var í skólum.

Velferðarbæturnar og ræðurnar um umburðarlyndi báru vott um göfuglyndi, loforðin um fjölmenningarsamfélag voru hjartnæm - og hver hefur svo niðurstaðan verið? Hryðjuverkaárásir á samborgara í London og alvarlegustu óeirðir í Frakklandi síðan 1968.

Hvað er það sem hefur farið úrskeiðis?

### Ríkisborgararéttindi og bætur ekki nóg

Í fyrsta lagi er við hæfi að nefna það fyrst sem ekki hefur farið úrskeiðis. Milljónir íslamskra innflytjenda í Evrópu og Bandaríkjunum hafa sigrast á mótlæti og óánægju og orðið ánægðar með flutning sinn á milli landa. Yfirgnæfandi meirihluti þessa fólks neitar að taka þátt í óeirðum og hefur andstyggð á hryðjuverkum.

Í öðru lagi er mikilvægt að gera greinarmun á óeirðunum í París og sjálfsmorðsárásunum á London. Hvatinn að sjálfsmorðsárásunum var íslömsk öfgahyggja á meðan hvatinn að óeirðunum í París var reiði vegna útilokunar frá samfélaginu. Á meðan tilræðismennirnir í árásunum í London vildu ekki lengur tilheyra frjálslyndu lýðræðislegu samfélagi vildu flestir hinna atvinnulausu og illu launuðu fátæklinga sem tóku þátt í óeirðunum í París með því að brenna bíla í úthverfum borgarinnar sennilega fá möguleika á meiri þátttöku í samfélaginu.

En að fá tækifæri til aukinnar þátttöku í samfélaginu, að fá að deila þeim tækifærum sem eru fyrir hendi í frjálsu og opnu samfélagi, hefur verið nánast ómögulegt fyrir marga. Hér má álíta sem svo að það hafi verið mistök að gera ráð fyrir því að bætur frá velferðarkerfinu sköpuðu fólki alltaf möguleika til þess að rífa sig upp úr fátæktinni, eða að niðurgreiðsla á leiguhúsnæði frá ríkinu gerði það að verkum að fólki fyndist það tilheyra samfélaginu. Ávísun frá velferðarkerfinu er ekki staðgengill atvinnu.

Framfærslustyrkur frá opinberum stofnunum kann jafnvel að vera hluti vandamálsins en ekki hluti af lausn vandamálsins ef framfærslustyrkurinn venur innflytjendurna á ósjálfstæði og óánægju. Í Bretlandi búa 63 prósent barna innflytjenda frá Pakistan og Bangladesh við fátækt. Þar sem kynþáttur, stétt, trúarbrögð og fátækt sameinast og skapa ástand sem kalla má útilokun hefur ríkisborgararéttur litla merkingu.

Fræðimenn hafa kallað þjóðir „ímynduð samfélög". Þeir sem gerðu árásir á samborgara sína í London kunna frekar að hafa kosið sér þátttöku í ímynduðu samfélagi sem lét þeim líða eins og þeir tilheyrðu einhverju, sem veitti þeim spennu og ábyrgð sem er meira en hægt er að segja um þá fábrotnu svölun sem fylgir ríkisborgarétti í lýðræðissamfélagi. Sá sem tekur þátt í sjálfsmorðsárás verður hluti af því sem hann trúir að sé alheimssamfélag Umma, alheimssamfélag múslima. Þetta samfélag býður ungum ríkisborgara göfugan málstað: að standa vörð um alla múslima heimsins; og glæsilegt markmið: að verða píslarvottur trúnni til varnar.

Örlítill minnihluti samborgara okkar hefur heitið hollustu sinni, ekki þeirri jarðnesku borg sem þeir búa í, heldur hinni helgu borg Guðs þar sem þeir vonast til að fá að dvelja sem píslarvottar. Þegar menn eru farnir að líta svo á að hollusta við hið heilaga sé komin í stað þeirrar takmörkuðu hugmyndar sem þeir höfðu áður um að þeir tilheyrðu borgaralegu samfélagi verður mögulegt að segja, líkt og einn stuðningsmaður „heilags stríðs" sagði nýlega í viðtali við fréttamann: „Jafnvel þó að mín eigin fjölskylda biði bana í sprengjuárás hryðjuverkamanna í „heilögu stríði", myndi ég segja að það væri vilji Allah."

### Auka þarf hlutdeild innflytjenda í ábyrgðarstöðum

Þökk sé alnetinu og ódýrum fargjöldum í millilandaflugi þarf skuldbinding innflytjendenda og barna þeirra við hið nýja heimaland ekki lengur að vera endanleg. Þeir geta verið með fleiri en eitt vegabréf og eytt mánuðum í að drekka í sig ástandið í stjórnmálaheiminum í borgum eins og Peshawar, Quetta eða Algeirsborg frekar en að dvelja í Bradford, Leeds eða Clichy-sous-Bois. Hið vestræna lýðræðisskipulag mun því á endanum þurfa að takast á við óumflýjanlegar áskoranir.

Enginn með réttu ráði myndi vilja takast á við hagsbætur hnattvæðingarinnar, meðal þeirra eru ódýr fargjöld milli landa og alnetið, eingöngu vegna þess að þær kunna að slaka á þeim böndum sem binda okkur saman sem ríkisborgara. En við þurfum að átta okkur á því að fyrir lítinn minnihluta ungra múslima eru þau úrræði sem nú er notast við, að velferðarkerfið skapi fleiri úrræði fyrir fátæka innflytjendur, brottvikningar úr landi fyrir þá sem brjóta lögin og strangari refsingar fyrir múlla og aðra sem predika hatur, komast ekki nálægt því að bjóða upp á staðalímynd hinnar jarðnesku borgar sem getur att kappi við hugmyndina um vist í hinni guðdómlegu borg á himnum sem talsmenn ofbeldisins lofa þeim sem fórna sér til dýrðar Guði.

Lýðræðisríki þurfa drauma og þurfa að geta uppfyllt þá, ef þau eiga að lifa af. Hvaða drauma geta Frakkland, Bretland eða Evrópusambandið boðið meðlimum minnihlutahópa sem finnst þeir vera á jaðri samfélagsins? Hvað getur lýðræðið boðið upp á sem er sambærilegt við þá siðlegu dýrð og þann einfaldleika sem er fólginn í því að deyja fyrir málstað?

Eini málstaðurinn sem lýðræðið hefur er „frelsi, jafnrétti og bræðralag". En þessi orð hafa litla merkingu ef verkalýðsfélög ganga framhjá innflytjendum, ef heilu starfsgreinarnar eru mótfallnar því að hæfir nýir ríkisborgarar starfi í greinunum, ef stofnanir neita að taka við hæfileikafólki frá útlöndum.

Aðalvandamálið er ekki það að ríkisstjórnir í Evrópu hafi ekki eytt nógu miklum fjármunum í innflytjendur. Vandamálið er það að Evrópubúar hafa ekki veitt hinum hæfileikaríkustu og greindustu hinna nýju borgara nægilega mikinn aðgang að æðri menntastofnunum, stjórnkerfum og stjórnmálaflokkum. Sú hindrun sem er svo erfið viðureignar er hversu takmarkaðan aðgang innflytjendur hafa að mikilvægustu störfum samfélagsins.

Þegar þú sérð hópmyndir af leiðtogum Evrópulandanna frá fundum Evrópusambandins sérðu ekki andlit blökkumanna, konur með slæður utan um höfuðið eða talsmenn múslima. Þess verður langt að bíða að svo verði. Og þar til ríkisborgarar sem eru innflytjendur sjá einhverja af sínum eigin mönnum í mikilvægustu störfum samfélagsins munu þeir vera fullir efasemda, og það réttilega, varðandi loforð lýðræðisins.

Lýðræðið og róttækir hugmyndafræðingar eiga um þessar mundir í keppni um að laða til sín fólk og um þessar mundir virðist lýðræðið vera að tapa þeirri keppni. ■



**MICHAEL IGNATIEFF**

*Höfundur er fyrrum stjórnandi Carr-miðstöðvarinnar um stefnumörkun í mannréttindamálum við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Meðal bóka sem hann hefur skrifað má nefna „The Lesser Evil: Political Ethics in an Age of Terror" (Princeton University Press, 2004),*

# GOTT MÁLEFNI ÓSKAST

AUGA

AUGLÝSINGAR AFL TIL GÓÐRA VERKA

*Auglýsingaiðnaðurinn hefur sameinast um sjóð sem hefur það markmið að styðja góð málefni í samfélaginu á markvissan hátt með afli auglýsinga. Sjóðurinn ber nafnið **Auglýsingar, afl til góðra verka,** skammstafað **AUGA.***

Til **AUGA** geta samtök sem vinna að ýmsum samfélagslegum þjóðþrifamálum af vanefnum sótt stuðning í formi auglýsingaherferðar. Herferð sem er skipulögð, hugsuð, hönnuð og birt þeim að kostnaðarlausu. Auglýsingafagið býr yfir einstakri þekkingu á boðmiðlun. Þekkingu sem margoft hefur verið beitt í þágu brýnna málefna, eins og dæmin sanna. Stefnt er að því að AUGA standi að a.m.k. einni myndarlegri auglýsingaherferð árlega. Herferð AUGA er ætlað að verða viðbót við það góða starf sem þegar er unnið á þessum vettvangi.

**UMSÓKNIR** um verkefni eru metnar á hlutlausan og faglegan hátt af stjórn AUGA. Við ákvörðun um hvaða verkefni sjóðurinn tekur að sér er tvennt haft að leiðarljósi; hvar hægt er að ná mestum árangri með afli auglýsinga og hvar þörfin fyrir aðstoð er brýnust.

sía samband íslenskra auglýsingastofa

ÍMARK

SAU

365 Tímaritaútgáfan FRÓÐI Morgunblaðið RÚV RÍKISÚTVARPIÐ

Aðstandendur sjóðsins eru SÍA; Samband íslenskra auglýsingastofa, ÍMARK; Félag íslensks markaðsfólks, SAU; Samtök auglýsenda, Árvakur, Fróði, RÚV og 365.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.sia.is/auga, www.imark.is og www.sau.is.

# Það var í fyrsta sinn

Á hverju ári gerist eitthvað í fyrsta sinn, eitthvað sem aldrei hefur gerst áður. Árið 2005 er ekkert öðruvísi að því leyti og tók Patti Sonntag saman upplýsingar um það sem hefur gerst á árinu, í fyrsta sinn.



**SPÆTUR FÁ ANNAÐ TÆKIFÆRI** Hópur rannsóknarmanna tilkynnti í apríl að sést hefði til sjaldgæfrar spætu í Bandaríkjunum. Áður var talið að þessi tegund spætu væri útdauð.

### Pöndur, fólk og stjórnmál

Hinn 18. janúar lásu skólanefndarfulltrúar Dover-skólahverfisins í Fíladelfíu í Bandaríkjunum upp stutta tilkynningu fyrir nemendur í líffræði í níunda bekk þeirra skóla sem heyra undir skólahverfið. Í tilkynningunni sagði að þróunarkenningin væri bara kenning og að nemendur hefðu einnig aðgang að annarri námsbók, „Um pöndur og fólk“, sem skrifuð er út frá heimshönnunarkenningu.

Þetta var í fyrsta sinn sem skólatími bandarískra nemenda í líffræði fór í að ræða heimshönnunarkenninguna, sem margir gagnrýnendur telja að sé einungis tilbrigði við sköpunarkenninguna. Ellefu foreldrar lögðu fram kæru vegna þessa og sögðu stefnuna brjóta í bága við stjórnarskrárverndaðan aðskilnað ríkis og kirkju.

Í nóvember töpuðu allir átta skólanefndarfulltrúarnir, sem stutt höfðu þá stefnu að kenna heimshönnunarkenningu í skólum hverfisins, í kosningu til nefndarinnar. Í stað þeirra hlutu átta fulltrúar, sem mótfallnir eru heimshönnunarkenningunni, kosningu.

### Stutt flug heim

Hinn 29. janúar var fyrsta farþegaflugið beint frá meginlandi Kína til Taívan frá því borgarastríðinu lauk í Kína árið 1949. Samskiptin á milli Kína og Tavían hafa verið spennuþrungin, sérstaklega síðustu ár þegar meira hefur borið á óskum leiðtoga Taívan um að landið fái sjálfstæði. Vegna þessarar spennu hafði ekki verið hægt að fljúga beint á milli Kína og Taívan, heldur þurftu ferðalangar að taka á sig króka.

Hægt var að fljúga fram og til baka í um það bil mánuð. Því gátu taívanskir athafnamenn og fjölskyldur þeirra, þeir einu sem máttu fljúga með þessu flugi, heimsótt fjölskyldur sínar í Kína yfir nýárshátíð Kínverja.

### Þjóðvarðliðið tekur við stjórn

Hinn 14. febrúar tók 42. deild fótgönguliðs þjóðvarðliðsins í New York, með stuðningi annarra herdeilda, við ábyrgð á öryggi í fjórum héruðum í norðurhluta Írak. Alan Feuer, blaðamaður New York Times, skrifaði við það tækifæri að þetta væri í fyrsta sinn í sögu bandaríska hersins sem deild þjóðvarðliðsins hefði beina stjórn yfir herdeildum landgönguliðsins.

Óvenjumikið álag hefur verið á deildum þjóðvarðliðsins vegna átakanna í Írak, þar sem liðið hefur verið að sinna störfum sem venjulega eru í höndum hermanna í fullu starfi.



**ÞJÓÐVARÐLIÐIÐ TEKUR VIÐ STJÓRN** Bandaríska þjóðvarðliðið stjórnaði í fyrsta sinn í sögu bandaríska hersins herdeild landgönguliðsins.

### Kona var fyrst í mark

Akstursíþróttakonan Laleh „litla Schumacher“ Seddigh varð í mars fyrsta konan til að keppa í landskeppni í Íran í akstursíþróttum, og fyrsta konan til að vinna þá keppni.

Hin 28 ára Seddigh varð að berjast fyrir þátttöku sinni í keppninni, til að leyft yrði að hún keppti gegn körlum, og að sögn New York Times var hún fyrsta konan til að keppa gegn körlum í nokkurri íþrótt í Íran síðan íslamska byltingin varð árið 1979. Seddigh vonast til þess að keppa alþjóðlega og fjölmargir bílaframleiðendur hafa boðist til að styrkja hana.

### Líbanon er laust við Sýrland

Eftir 29 ár af sýrlenskri hersetu fögnuðu líbanskir borgarar brottför síðustu sýrlensku hermannanna úr landinu hinn 26. apríl.

Brottflutningurinn fylgdi í kjölfar morðsins á fyrrum forsætisráðherra landsins, Rafik Hariri, í Beirút hinn 14. febrúar. Þá áttu sér stað umfangsmikil mótmæli þar sem almenningur krafðist rannsóknar á meintri aðild sýrlenskra stjórnvalda að morðinu og að þau kölluðu hermenn sína heim. Hinn 29. maí tóku líbanskir kjósendur þátt í fyrstu kosningum í landinu sem voru lausar við stórfelld áhrif Sýrlands síðan árið 1976, og í fyrsta sinn fylgdust alþjóðlegum athugendur með kosningunum.

### Annað tækifæri spætu

Hinn 28. apríl tikynnti hópur rannsóknarmanna að sést hefði til sjaldgæfrar spætu í fyrsta sinn síðan árið 1994 í Bandaríkjunum. Áður en fuglarnir fundust á litlu svæði í þjóðgarði í Arkansas var talið að tegundin, sem hefur eins metra vænghaf, einkennandi svartan og hvítan ham og stóran gogg, væri útdauð. Skógarhögg á síðustu og þarsíðustu öld eyðilagði að miklum hluta heimkynni fuglanna en hnignun tegundarinnar varð kveikjan að einu fyrsta átakinu til náttúruverndar í landinu.

### Írak viðurkennir sekt

Hnn 19. maí viðurkenndi íraska ríkisstjórnin í fyrsta sinn að Írak hefði verið árásaraðilinn í stríðinu milli Íran og Írak sem geisaði frá 1980 til 1988 og minnst milljón lést í. Þetta endurspeglar aukin áhrif og völd sjíameirihlutans í landinu, sem er vinsamlegri í garð Írans, þar sem sjíar eru einnig við völd. Sjíar náðu völdum í landinu í fyrsta sinn í nútímasögu landsins í kosningum sem haldnar voru í janúar, en fram að því hafði minnihlutahópur súnnía farið með völd. Talsmenn Írans og Íraks báðu í sameiginlegri yfirlýsingu um að réttað yrði yfir Saddam Hussein og öðrum háttsettum embættismönnum í stjórn hans vegna stríðsglæpa og árása gegn Írönum, Írökum og Kúvætum.

### Breskt te í fyrsta sinn

Fyrsta teuppskera Bretlands sem ætluð var fyrir markað var skorin upp 20. júní. Teið var var ræktað á Cornwall-skaga í Suðvestur-Englandi og svo selt sérverslunum á netinu og gegnum póstpantanir. Allt frá sautjándu öld hefur te verið afar vinsæll drykkur í Englandi, en Bretar drekka um 165 milljónir bolla af því hvern dag, næstum þrjá bolla hver. Þrátt fyrir miklar vinsældir tesins fór sala á skyndikaffi fram úr teinu í ár, í fyrsta sinn.

### Auðmýktir í Indónesíu

24. júní voru fimmtán karlar hýddir með reyrprikum í bænum Bireuen, sem er á heimastjórnarsvæðinu Achen í Indónesíu, vegna þátttöku í fjárhættuspili. Þetta er fyrsta hýðingin á svæðinu síðan sharia-lög voru innleidd þar að hluta árið 2001. Var það hluti af sjálfsstjórnarsamningi sem ríkisstjórn landsins lagði til, til að friðþægja íslamska aðskilnaðarsinna. Hýðingin virðist ekki hafa verið sársaukafull heldur frekar hugsuð til þess að auðmýkja mennina, en allt fór þetta fram fyrir opnum dyrum.

### CIA sótt til saka

Allt frá 24. júní fram í september gáfu ítalskir saksóknarar út handtökuskipanir á hendur alls 22 starfsmönnum bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Var það í tengslum við mannránið á egypska múslimaklerknum Osama Moustafa Hassan Nasr hinn 17. febrúar 2003. Talið er að Nasr, sem er grunaður um hryðjuverkastarfsemi, hafi verið fluttur til Egyptalands og yfirheyrður þar. Þann 11. nóvember fór ítalska ríkisstjórnin formlega fram á framsal hinna 22 grunuðu við bandarísk stjórnvöld.

Var þetta í fyrsta sinn sem land hefur reynt að sækja starfsmenn Bandaríkjastjórnar til saka fyrir fangaflutning, þar sem bandarísk stjórnvöld senda einstaklinga sem fangaðir eru erlendis og eru grunaðir um hryðjuverk til heimalanda sinna eða þriðja lands, oft landa þar sem pyntingar á föngum eru algengar.

### Ný landhelgisgæsla Sómalíu

Þann 27. júní rændu vopnaðir sjóræningjar skipi sem var að flytja matvæli á vegum Sameinuðu þjóðanna, í fyrsta sinn í sögu samtakana. Farmur skipsins, MV Semlow, var 937 tonn af hrísgrjónum sem ætluð voru sómölskum fórnarlömbum flóðbylgjunnar í Indlandshafi í desember 2004. Alþjóðasiglingamálastofnunin tilkynnti að árið 2005 hefðu vel skipulagðir sjóræningjar ráðist að tugum skipa undan ströndum Sómalíu. Ræningjarnir starfa í samráði við stríðsherrana sem tóku völdin í landinu við hrun ríkisstjórnarinnar árið 1991. Sjóræningjarnir hafa að sögn stundum kynnt sig sem „landhelgisgæslu“ Sómalíu.



**OSAMA MOUSTAFA HASSAN NASR** Ítalir sóttu CIA til saka vegna mannránsins á múslimaklerknum Hassan Nasr í júní.

Framhald á síðu 40 >



# 50% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRUM

TEKK COMPANY
GÆÐI
OG
FJÖLBREYTT
ÚRVAL
BÆJARLIND 14-16

**TEKK**
COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

< Framhald af síðu 38

### Nasa hittir beint í mark

4. júlí varð áætlaður árekstur milli könnunarfars bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA og og loftsteinsins Tempel 1. Könnunarfarið, Deep Impact, rakst á Tempel 1 á 36.800 kílómetra hraða svo agnir og mulningur þeyttust af yfirborði hans sem hægt var að rannsaka og fylgjast með. Þetta var fyrsti árekstur milli hluts af mannahöndum og loftsteins. Áreksturinn leiddi í ljós að á Tempel var þykkt lag af ryki og loftsteinninn allur var mun léttbyggðari og frauðkenndari en búist var við. Hann innihélt nokkuð af lífrænu efni, sem gefur kenningunni um að líf á jörðinni hafi sprottið af efnum úr loftsteinum aukna vigt.

### Skjóta til að drepa

Hinn 22. júlí nýttu lögreglumenn í London sér í fyrsta sinn „Skjóta til að drepa“ stefnu stjórnvalda, sem innleidd var eftir hryðjuverkin 11. september 2001, þar sem lögregla má stöðva hugsanlega sjálfsmorðsárásarmenn með banaskoti í höfuðið. Hinn grunaði var Jean Charles de Menezes, 27 ára gamall brasilískur rafvirki. Hann var skotinn til bana eftir að hafa stigið um borð í neðanjarðarlest. Í fyrstu bentu ýmsar frásagnir til þess að Menezes hefði verið við það að sprengja sprengju, en nánari eftirgrennslan leiddi í ljós að hann var saklaus og að röð lögreglumistaka hefði leitt til hrikalegra afleiðinga.

Lögreglan og bresk stjórnvöld báðu fjölskyldu Menezes afsökunar og buðu henni bætur.

### Fjölmiðli úthýst

2. ágúst tilkynnti Rússland að það myndi ekki veita blaðamönnum hjá ABC fréttastofunni umboð til starfsemi innan landsins. New York Times sagði að þetta væri í fyrsta sinn sem erlendum fjölmiðli væri vísað frá landinu frá falli Sovétríkjanna. Tilkynningin kom stuttu eftir að þátturinn Nightline sem framleiddur er af ABC sýndi viðtal við Shamil Basajev, tsjetsjneskan leiðtoga sem hefur lýst yfir ábyrgð sinni á




**KONA FYRST Í MARK** Írönsk kona sem sigraði í kappakstri var fyrsta konan þar í landi til að keppa á móti karlmanni í nokkurri íþrótt síðan íslamska byltingin var gerð árið 1979.

fjölda hryðjuverka, þar á meðal fjöldamorðunum í Beslan árið 2004. Freedom House, samtök sem fylgjast með málfrelsi fjölmiðla, hafa gefið Rússum slakari einkunnir síðustu ár vegna aukinna hafta á fréttaflutning.

### Hlutföll breytast, og breytast aftur

Hinn 11. ágúst tilkynnti ísraelska dagblaðið Haaretz að hlutföll gyðinga sem byggju í Ísrael og landnumdu svæðunum miðað við Palestínumenn, ísraelska araba og aðra minnihluta hópa væri í fyrsta sinn fallið niður fyrir fimmtíu prósent. Þetta eru talin þáttaskil í áratugalangri og oftar en ekki blóðugri baráttu um völd og réttindi í lýðveldinu sem bæði Palestínumenn og Ísraelar vilja kalla móðurjörð sína. Hins vegar breyttust hlutföllin aftur í kjölfar brottflutnings gyðinga frá Gazasvæðinu sem lauk 12. september og telja gyðingar nú 56,8 prósent þeirra sem byggja Ísrael og hernumin svæði vesturbakkans. Talið er að þeir verði í meirihluta á svæðinu næstu tuttugu árin.

### Sífrerinn bráðnar

Í fyrsta sinn frá síðustu ísöld, eða í um 11.000 ár, hefur sífreri á gríðarstóru mómýrarsvæði í Síberíu byrjað að bráðna. Samkvæmt vísindamönnunum Sergei Kirpotin og Judith Marquand, sem birtu niðurstöður sínar í „The New Scientist“ 13. ágúst, hafa miklar breytingar orðið á hinu fyrrum flata og frosna svæði, sem er á stærð við Frakkland og Þýskaland til samans. Nú hafa þar sprottið upp grunn stöðuvötn á víð og dreif. Sumir vísindamenn spá því að ef þessi þróun haldi áfram muni mýrin leysa frá sér gríðarlegt magn metans, sem eykur gróðurhúsaáhrif.

### Færri Japanir en áður

Hinn 23. ágúst tilkynnti vinnu-, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti Japans að í fyrsta sinn síðan mælingar hófust hefði Japönum fækkað yfir sex mánaða tímabil, um 31.034 manns. Lág fæðingartíðni er í Japan, 1,29 börn á hverja konu, og lítið um innflytjendur, svo mögulegt er að tilkynningin tákni að fólksfjöldi landsins hafi náð toppi sínum í 128 milljónum og Japönum muni fækka héðan af. Alþjóðabankinn tilkynnti á árinu að fæðingartíðni hefði dottið niður fyrir samanlagða brottflutningsog dánartíðni í yfir sjötíu löndum.

### Skattlausir eftir tvö árþúsund

Nú í haust þurftu kínverskir bændur í fyrsta sinn í hartnær tvö árþúsund ekki að borga skatta. Allt að 25 prósenta landbúnaðarskattur á hveiti, hrísgrjón og aðrar afurðir hefur verið í landinu frá upphafi keisaraveldisins og kommúnistaflokkur hélt honum áfram eftir byltingu. Kínversk stjórnvöld felldu hann niður í ár til að auka hrísgrjónaframleiðslu og til að reyna stemma stigu við brottflutningi úr sveitum til borganna þar sem meðal innkoma heimilanna er fimmföld á við sveitirnar.

### Mexíkóska innrásin

8. september voru mexíkóskir hermenn sendir á vettvang innan Bandaríkjanna í fyrsta sinn síðan stríð geisaði milli landanna árin 1846-1848. Hermennirnir voru þar við hjálparstörf í kjölfar fellibylsins Katrínar. Bílalest sem flutti eldunaráhöld, tæki til vatnshreinsunar og annan búnað, auk næstum 200 óvopnaðra hermanna, verkfræðinga, lækna og hjúkrunarfræðinga, kom sér fyrir í San Antonio í Texas og snaraði fram málsverð fyrir 500 manns.

### Svartur fyrir hvítann

Hinn 22. september kunngjörði ríkisstjórn Suður-Afríku áætlun sína um að færa hvítum bónda tilkynningu um landeignarnám. Er þetta þáttur í nýrri stefnu sem miðar að því að auka eign svartra á landbúnaðarjörðum landsins úr tuttugu prósentum upp í þrjátíu fyrir árið 2014. Hingað til hefur sala hvítra bænda á landi sínu verið sjálfviljug í landinu, þar sem ríkisstjórnin hét því að gera ekki sömu mistök og gerð voru í Simbabve, þar sem óskipulagt eignarnám og endurdreifing landbúnaðarlands olli hruni hagkerfisins. Bóndinn, Hans Visser, segist ætla að berjast gegn eignarnáminu í réttarsal.

### Sjóskrímsli á mynd

28. september tilkynntu japönsku rannsóknarmennirnir Tsunemi Kubodera og Kyoichi Mori að þeir hefðu náð myndum af hinum goðsagnakennda risasmokkfisk sem getur orðið allt að átján metra langur eða jafnvel meira og hefur verið hvatinn að ófáum sögum um sjávarskrímsli gegnum aldirnar. Smokkfiskurinn er djúpsjávardýr sem aldrei áður hafði verið ljósmyndað úti í náttúrinni þó dauð dýr hefðu fundist. Sá sem náðist á mynd beit á öngul sem beittur var



**NETIÐ NOTAÐ TIL AÐ FINNA FÖÐUR** Unglingur fann líffræðilegan föður sinn, sem hafði gefið sæði nafnlaust, með því að nota DNA-skrá á netinu.

með smokkfisk og rækju á rúmlega 900 metra dýpi. Myndavél var föst við línuna. Dýrið barðist um og slapp að lokum en skildi eftir fimm og hálfs metra langan arm.

### Ómannaður skriðdrekar árið 2015

9. október vann bíllinn Stanley tveggja milljón dollara verðlaun í keppni þróunardeildar varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna þar sem ómönnuð farartæki etja kappi yfir 210 kílómetra leið í gegnum Mojave-eyðimörkina. Að baki Stanley, sem er breyttur Volkswagen-fjölskyldubíll, stóð Stanford-háskóli og tók það bílinn sex klukkutíma og 54 mínútur að ljúka leiðinni. Þegar keppnin var haldin á síðasta ári komst enginn keppandi mikið lengra en ellefu kílómetra, en í ár komust fimm af 23 keppendum í mark. Keppnin er haldin til að reyna að mæta þinglýstri tilskipun þess efnis að einn þriðji landfarartækja hersins skuli verða ómannaður árið 2015.



**HITT Í MARK** Tölvugerð mynd af áætluðum árekstri milli könnunarfars Nasa og lofsteinsins Tempel í júlí.



**MYND NÆST AF SJÓSKRÍMSLI** Japanar náðu að taka myndir hinum goðsagnakennda risasmokkfisk, sem getur orðið allt að átján metra langur.

### Kosið um byssueign

23. október var í fyrsta sinn haldin þjóðaratkvæðagreiðsla í Brasilíu um hvort banna ætti byssueign almennings. Bannið var lagt til vegna gríðarlega hárrar tíðni morða með skotvopnum í landinu. Að sögn brasilíska arms UNESCO voru 39.000 drepnir þar með skotvopnum árið 2003, en 177 milljónir manns búa í Brasilíu. Það hlutfall er einungis hærra í Venúsúela. Skotvopn eru helsta dánarorsök ungs fólks í landinu og þriðja algengasta dánarorsök allra íbúa þess. Tillagan var felld, en 64 prósent kjósenda kusu gegn henni. Margir þeirra sögðu að markaðsherferð með byssueign sem gekk samhliða kosningunum hefði sannfært þá um að þeir þyrftu byssur til verndar gegn glæpamönnum.

### Norður-Kórea viðurkennir

Ríkisstjórn Suður-Kóreu sagði að Norður-Kóreumenn hefðu viðurkennt í fyrsta skipti að þeir héldu í haldi suður-kóreskum stríðsföngum sem hnepptir voru í fangelsi í Kóreustríðinu árin 1950-1953, auk ellefu annara Suður-Kóreubúa sem rænt var til upplýsingaöflunar. Suður-Kórea vilja hins vegar meina að Norður-Kóreumenn séu með 546 stríðsfanga í haldi og 485 suður-kóreska borgara. Í það minnsta 38 aldraðir stríðsfangar hafa sloppið úr haldi og flúið suður síðustu tíu ár. Margir þeirra segjast hafa verið þvingaðir til erfiðisvinnu, svo sem í kolanámum.

### Nafnleynd ljós

Hinn 3. nóvember gat táningur, hvers faðir var maður sem gefið hafði sæði nafnlaust í sæðisbanka, engu að síður fundið út hver faðir hans var. Þetta gerði drengurinn með því að nota DNA-skrá á netinu og með annarri rannsóknarvinnu. Er þetta talið vera í fyrsta sinn sem nafn sæðisgjafa hefur komist upp á þennan máta. Málið hefur vakið upp spurningar um áframhaldandi nafnleynd sæðisgjafa, en einnig um það hvort lögregla eða heilbrigðisfyrirtæki og aðrir aðilar geti notað svipaðar aðferðir og stigið þannig kringum lög um friðhelgi einkalífsins.

### Afrísk kona í fyrsta sinn

8. nóvember vann Ellen Johnson-Sirleaf yfirgnæfandi sigur í forsetakosningum í Líberíu. Þar með varð hún fyrsta konan til að verða þjóðkjörinn þjóðhöfðingi í Afríkuríki. Eftir margra ára borgarastríð hefur kjör hennar til embættis þótt lofa góðu. Hún lærði hagfræði við Harvard-háskóla og vann við fjármálastörf fyrir ríkisstjórn Líberíu hjá Alþjóðabankanum. Mikil kjörsókn meðal kvenna gæti hafa verið stór þáttur í sigri hennar.




# Aldrei fleiri nemendur en árið 2005

## -og aldrei fleiri námskeið í boði en árið 2006

### Sýnishorn af námskeiðum í boði hjá Tölvuskólanum Þekkingu:

| Almennir notendur | Std |
|---|---|
| Byrjendanámskeið | 60 |
| Almennt tölvunám | 63 |
| TÖK tölvunám | 100 |
| Word | 22 |
| Excel | 22 |
| Excel í stjórnun og rekstri | 21 |
| Outlook | 9 |
| PowerPoint | 14 |

| Eldri borgarar | |
|---|---|
| Eldri borgarar 60+ grunnur | 30 |
| Eldri borgarar 60+ frh. I | 30 |
| Eldri borgarar 60+ frh. II | 30 |

| Grafík, umbrot og myndvinnsla | |
|---|---|
| Grafísk hönnun | 84 |
| Photoshop | 21 |
| Illustrator | 21 |
| InDesign | 21 |
| Acrobat Distiller PDF | 10 |
| Stafrænar myndavélar | 14 |

| Vefsmíðar | |
|---|---|
| Vefsíðugerð grunnur | 42 |
| Vefsíðugerð framhald | 31 |
| FrontPage | 21 |
| Dreamweaver MX 2004 | 31 |
| ASP.NET vefforritun | 31 |

| Microsoft kerfis- og netstjórnun | |
|---|---|
| MCP XP | 60 |
| MCP XP og MCDST | 108 |
| MCP Server og netkerfi | 72 |
| MCSA & MCDST | 180 |

| Viðskiptagreinar | |
|---|---|
| Tölvu og skrifstofunám | 260 |
| Tölvu og bókhaldsnám | 200 |
| Hagnýtt bókhald grunnur | 110 |
| Tollskýrslugerð | 18 |
| Tölvubókhald í Navision | 21 |
| Tölvubókhald í dkRetis | 21 |

| Ýmis námskeið | |
|---|---|
| Kennaranámskeið I | 36 |
| Kennaranámskeið II | 36 |
| Tölvuviðgerðir | 18 |
| Öryggi og vírusvarnir | 9 |

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING**

*Skráning á vorönn hafin
í síma 544 2210, á vef skólans;
www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

ALAN BATES (1934-2003)



*„Ég held að tvær manneskjur geti elskað hvor aðra án þess að þeim semji nokkurn tímann.“*

*Alan Bates var breskur leikari sem var sleginn til riddara sama ár og hann lést.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 27. DESEMBER 1985

### *Hryðjuverk á flugvöllum*



Á þessum degi árið 1985 réðust hryðjuverkamenn á tvo flugvelli í Evrópu samtímis; annars vegar á flugvöllinn í Róm og hins vegar flugvöllinn í Vínarborg. Í Róm hófu vígamennirnir skotárás á farþega við innritunarborð hins ísraelska flugfélags El Al. Árásirnar hófust á nálægt því sama tíma klukkan rúmlega átta um morguninn. Mikil ringulreið varð í þær fimm mínútur sem árásin í Róm stóð og farþegar köstuðu sér til jarðar til að forðast kúlnahríðina sem dundi úr byssum hryðjuverkamannanna þriggja.

Í Austurríki voru vígamennirnir einnig þrír og köstuðu þeir handsprengjum að farþegum á leið til Tel Aviv. Alls létust 18 manns í árásunum og 120 særðust. Í fyrstu var talið að PLO, frelsissamtök Palestínu stæðu fyrir árásinni, en leiðtogi þeirra, Jasser Arafat, fordæmdi árásirnar. Líklegt er talið að Abu Nidal, eða Sabri al-Banna, hafi verið heilinn á bak við ódæðin, en hann yfirgaf PLO árið 1974 og fór meðal annars fyrir Fatah-hreyfingunni. Hann fannst látinn við dularfullar aðstæður í Írak árið 2002.

## MERKISATBURÐIR

1831 Charles Darwin leggur af stað í fimm ára könnunarleiðangur frá Plymouth um borð í skipinu HMS Beagle.
1932 Stærsta leikhús innandyra í heiminum, Radio City Music Hall, er formlega opnað í New York.
1960 Frakkar sprengja þriðju atómsprengjuna í tilraunaskyni í Sahara-eyðimörkinni.
1977 Maður situr fastur í reykháfi í átta klukkustundir í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Hann hafði verið á gangi á þaki hússins til að stytta sér leið á milli íbúða. „Ég er búinn að vera hérna síðan á annan í jólum,“ sagði maðurinn í viðtali við Dagblaðið þegar hann var losaður.
1979 Sovétmenn ráðast inn í Afganistan.
2004 Viktor Júsjenkó sigrar í forsetakosningum í Úkraínu.

## ANDLÁT

Margrét Stefanía Hallgrímsdóttir, Laugarvegi 24, Siglufirði, andaðist á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar að kvöldi miðvikudagsins 21. desember.
Margrét Jónsdóttir, Arnarhrauni 14, Hafnarfirði, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 21. desember.
Óli Björgvinsson, Sandbakka, Höfn, andaðist á heimili sínu fimmtudaginn 22. desember.
Sólveig Ósk Sigurðardóttir, Veghúsum 31, lést á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 22. desember.
Sveinn Albertsson, Kirstinedalsvej 6, Valby, lést fimmudaginn 22. desember.

## JARÐARFARIR

13.00 Ingibjörg Stefánsdóttir, Starengi 28, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.
14.00 Betty Marselliusdóttir, Ásbyrgi, Hófsósi, verður jarðsungin frá Hofsósskirkju.
14.00 Hreinn Elíasson listmálari, Jörundarholti 108, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.
15.00 Jóhanna (Stella) Haraldsdóttir, til heimilis á Lindargötu 57, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

## AFMÆLI

**Bjarni Felixson** íþróttafréttamaður er 69 ára.

**Þórólfur Þórlindsson** prófessor er 61 árs.

**Gunnar Ingi Gunnsteinsson** leikstjóri er 36 ára.

**Linda Pétursdóttir,** athafnakona og fyrrum fegurðardrottning, er 36 ára.

**Kjartan Sturluson** knattspyrnumaður er þrítugur.

**Hólmfríður Anna Baldursdóttir,** upplýsingafulltrúi UNICEF, er 28 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

1571 Johannes Kepler, þýskur stjörnufræðingur.
1717 Píus VI, páfi.
1822 Louis Pasteur, franskur vísindamaður.
1901 Marlene Dietrich, þýsk söng - og leikkona.
1948 Gérard Depardieu, franskur leikari.
1971 Duncan Ferguson, skoskur knattspyrnumaður.



†

*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir og amma,*

**Hulda Þorbjörnsdóttir**

sem lést á Hrafnistu Hafnafirði sunnudaginn 18. desember verður jarðsungin frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 28. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Þorbjörn Eiríksson**
**Gunnhildur Eiríksdóttir**
**Guðný Eiríksdóttir**
**Dagbjört Guðmundsdóttir**
**Pétur Sigurðsson**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Ása Guðlaug Gísladóttir**

f. 11.12.1917, Fannafold 125a Reykjavík

sem lést þann 18 des. verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 28. desember kl. 15.00

**Gunnar Sighvatsson**
**Sigrún Sighvatsdóttir** — **Jón Gústafsson**
**Ólöf Sighvatsdóttir** — **Þorvaldur Bragason**
**Gísli Á. Sighvatsson** — **Kristjana G. Jónsdóttir**
**Ástrós Sighvatsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



**BJARNI HAFÞÓR HELGASON** Hefur brallað margt um ævina og er kunnur bæði af fréttamennsku á Stöð 2 og nokkrum vinsælum dægurlögum sem Skriðjöklar fluttu um árið. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**BJARNI HAFÞÓR HELGASON:** HEFUR STÖRF HJÁ KEA UM ÁRAMÓT

# Sprengdi símakerfi Stöðvar 2

Bjarni Hafþór Helgason tekur við starfi fjárfestingastjóra Kaupfélags Eyfirðinga um áramótin. Fjárfestingastjóri er nýtt starf hjá KEA en í því felst framkvæmdastjórn tveggja nýlegra dótturfélaga KEA, fjárfestingarfélaganna Hildings og Upphafs, en samanlagt stofnfé þeirra er um 1,7 milljarðar króna.

Bjarni Hafþór fæddist á Húsavík 1957 og ólst þar upp við gott atlæti þar til leið hans lá í Menntaskólann á Akureyri. Fótbolti, útivist, náttúra og fiskvinna er það sem kemur í huga Bjarna Hafþórs þegar hann hugsar til bernskuáranna og á Húsavík sleit hann mörgum pörum af svörtum hvítbotna gúmmískóm.

Húsvíkingar kölluðu hann ætíð Haffa en menntskælingar á Akureyri voru formlegri og þekkja hann betur sem Bjarna eða Bjarna Hafþór. Sjálfur kann hann vel við gælunafnið sem honum var gefið í æsku. Að loknum menntaskóla lá leið hans í Háskóla Íslands og þaðan útskrifaðist hann sem viðurkenndur viðskiptafræðingur árið 1983.

Knattspyrnuáhuginn hefur loðað við Bjarna Hafþór frá æsku og enn í dag grípur hann reglulega í fótbolta. Meðal afreka nefnir hann að árið 1981 varð hann Íslandsmeistari með liði Víkings í Reykjavík og eitt sumarið varð hann markakóngur Akureyrar með Þór. Svo samdi hann knattspyrnusöng fyrir KA þegar þeir urðu Íslandsmeistarar 1989, „Áfram KA-menn“, og þótti sumum Þórsurum það mjög hæpinn verknaður.

Húmor, sprell og léttleiki er aldrei langt undan þegar Haffi á í hlut og endurspeglast oft í hans tónlistarsköpun- og textagerð. Lögin Hryssan mín blá, Aukakílóin og Tengja, öll flutt af Skriðjöklum, eru löngu landsfræg og hafa létt mörgum lundina.

Fjölmargir tónlistarmenn hafa flutt lög eftir Bjarna Hafþór og nú á aðventunni ómaði jólalagið „Við erum jólasveinar“ eftir hann í verslunum á Glerártorgi á Akureyri; í flutningi Skyrgáms, Hurðaskellis og Bjúgnakrækis. Sjálfur hefur Bjarni Hafþór þó einungis verið í einni hljómsveit um ævina, Ókyrrð, og í fyrra kom út diskur með hljómsveitinni með fimmtán lögum sem öll voru samin af honum.

Árատuginn 1986 til 1996 starfaði Bjarni Hafþór við fjölmiðlun og landsþekktur varð hann fyrir dagskrárgerð og fréttamennsku á Stöð 2. Hann á margar góðar minningar frá veru sinni á Stöð 2 og eitt af því sem stendur upp úr er saklaus frétt um fyrsta barn ársins sem olli því að símkerfi Stöðvar 2 brann yfir. „Mér varð það á að óska móðurinni til hamingju með krógann en sú orðnotkun telst ekki niðrandi á Akureyri eða Húsavík og til að mynda heitir einn leikskólinn á Akureyri Krógaból. Þetta fór þó fyrir brjóstið á fjölda fólks, vítt og breitt um landið, og svo mikið var hringt og kvartað að símkerfi Stöðvar 2 gaf sig,“ segir Bjarni Hafþór.

Sem stendur er Bjarni Hafþór í fjarbúð eins og hann kallar það en hann á sautján ára stelpu og 27 ára strák frá fyrra hjónabandi. „Ég er býsna upptekinn af samskiptum mínum við börnin mín og held að stundum finnist þeim sjálfum nóg um. En þau eru auðvitað fullorðin og hafa ýmislegt fleira að gera en tala við pabba gamla en í mínum huga verða þau þó alltaf börn og aldrei fullorðin,“ segir Bjarni Hafþór. ■

# Útskrifað úr Fjöltækniskólanum

Útskrifað var úr Fjöltækniskóla Íslands í fyrsta sinn, þriðjudaginn 20. desember. Fjöltækniskólinn varð til á grunni Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík en skólunum tveimur var slitið í síðasta sinn, síðastliðið vor.

Fjórtán nemendur útskrifuðust frá skólanum að þessu sinni, níu af vélstjórnarsviði og fimm af skipstjórnarsviði, ýmist með eða án stúdentsprófs.

Andri Leifsson hlaut viðurkenningu fyrir hæstu einkunn siglingagreina, Atli Sigmar Hrafnsson fyrir íslensku og Sigurður Bergmann Gunnarsson og Bjarni Valur Einarsson fyrir vélstjórnargreinar. Þá hlutu fjórir nemendur viðurkenningar fyrir fullkomna mætingu, þeir Davíð Óðinn Bragason, Guðmundur Grétar Bjarnason, Halldór Ingi Ingimarsson og Reynir Baldursson. ■



**ÚTSKRIFAÐIR** Fyrsti nemendahópurinn sem útskrifast frá hinum nýja Fjöltækniskóla Íslands.

# AGA Gasol®
## heim fyrir áramót...




ÍSA-315 – IDEA grafísk hönnun

# Mundu eftir að panta!

## Heimsendingar til kl. 12 á gamlársdag

# 800 5555




Þú sérð innihaldið!

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Skilmálar AGA Gasol: Heimsendingargjald kr. 550,- leggst við kaupverð hylkis. Heimsendingarþjónusta ÍSAGA nær til Stór-Reykjavíkursvæðisins. AGA Gasol hylki verða eign viðskiptavinar. Tómum AGA Gasol hylkjum er hægt að skipta út fyrir áfyllt hylki og greiðir þú þá einungis fyrir innihaldið.

ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11 | 110 Reykjavík
Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001

Linde Gas | AGA

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.: *SELFOSS*: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 • *SAUÐÁRKRÓKUR*: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 • *REYÐARFJÖRÐUR*: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114 • *ÍSAFJÖRÐUR*: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349 • *AKUREYRI*: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515.




# STUÐ MILLI STRÍÐA Ekki meir, ekki meir!

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ÞAKKAR SÍNUM SÆLA FYRIR STUTT JÓL.



Það vita það allir sem vilja að í samfélagi okkar, sem gengur fyrst og fremst fyrir peningum og umframeyðslu, er hver næstur sjálfum sér enda færi þjóðfélagið ekki á hvolf í byrjun nóvember í brjáluðu innkaupaæði ef jólin snerust fyrst og fremst um náungakærleik og ánægjulegar samverustundir með sínum nánustu. Slíkt er nefnilega ókeypis og hefur ekkert að gera með hlaðin veisluborð og jólagjafir sem eru þyngdar sinnar virði í gulli.

Þessi tveggja mánaða geðveiki sem heltekur þjóðina hverfist öll um eina vesæla kvöldstund og einhvern veginn finnst mér nú, þegar upp er staðið á aðfangadagskvöld, geggjunin hafa verið full mikið af því góða. Langur aðdragandi með margra milljarða bruðli fyrir nokkurra klukkustunda dagskrá af áti og pakkaopnunum. Kom on? Aðfangadagskvöld er hinn fullkomni antíklæmax en flestir hafa þó getað keypt sér einhverja sálarró með því að gefa gjafir keyptar með sviðnu kreditkortinu. Síðan heldur lífið áfram í frumskóginum þar sem hver er næstur sjálfum sér.

Fólk hefur, í sönnum íslenskum jólaanda, mikið verið að barma sér yfir því hversu jólin eru stutt í ár. Auðvitað fáránlegt umkvörtunarefni. Því styttri sem jólin eru því betra og þau eru í raun aldrei lengri en þessar fáu blekkingarstundir sem settar eru á svið fyrir börnin á aðfangadagskvöld. „Lengri“ jól hafa ekkert gott í för með sér en gefa fólki tækifæri til þess að halda fleiri jólaboð. Boð sem enginn kærir sig um að mæta í en allir drattast dregnir á asnaeyrum skyldurækni og ímyndaðs náungakærleika. Ef maður myndi vilja hitta þetta fólk yfirleitt þyrfti ekki fermingarveislu í dulargervi jólaboðs til. Maður getur valið sér vini en ekki ættingja og þess vegna voru jólaboðin fundin upp sem kúgunartæki.

Til hvers í ósköpunum er svo allt annar handleggur. ■

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Överli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




Vínardansleikur
á Hótel Örk laugardaginn 7. janúar

**Fjáröflunardansleikur**
**Zontaklúbbs Selfoss**
**7. janúar 2006**
**Veislustjóri:**
**Steingrímur J. Sigfússon**



Fordrykkur klukkan 19.00
Fjögurra rétta hátíðarkvöldverður
Vínartónlistardagskrá
Danssýning Vínardansa
Dansleikur til klukkan 03.00

**Verð með gistingu: 10.600,- krónur á mann í tvíbýli.**
**Verð án gistingar: 6.800,- krónur**



**Matreiðslumenn**
Jakob V. Arnarson
Snorri Jóhannsson

**Einsöngvari**
Sigrún Hjálmtýsdóttir
**Undirleikur**
Anna Guðný Guðmundsdóttir
**Einleikur á fiðlu**
Sigrún Eðvaldsdóttir
**Hljómsveitin Veislutríóið**
Sigurður Ingvi, Anna Guðný, Páll Einarsson og Sigrún Eðvaldsdóttir spila fram á nótt.

**Hótel Örk - Paradís rétt handan heiðar!**

Samkvæmisklæðnaður skilyrði
Pantanir í síma 483 4700
info@hotel-ork.is
HÓTEL ÖRK

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 | 1 | 8 |
| 8 | 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 4 |
| 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 2 |
| 1 | 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 2 | 9 | 3 |
| 2 | 9 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | | | 1 | 5 |
| 7 | | | 3 | | | 8 | | |
| 6 | | | | 4 | | 2 | | |
| | | | 1 | | 6 | | 2 | |
| | | 3 | | | | 9 | | |
| | 4 | | 7 | | 3 | | | |
| | | 7 | | 8 | | | | 4 |
| | | 6 | | | 1 | | | 2 |
| 4 | 5 | | | | | | 7 | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

! **Kl. 15.00**
*Leitin að jólunum, sýning eftir Þorvald Þorsteinsson í Þjóðleikhúsinu, þar sem haldið er í ævintýralega ferð um leikhúsið í leit að jólunum. Önnur sýning verður klukkan 17.*

## > Ekki missa af ...

... styrktartónleikum fyrir fórnarlömb jarðskjálftans í Pakistan sem verða haldnir í Austurbæ á fimmtudagskvöldið. Fram koma **Jagúar, Milljónamæringarnir**, **Ragnheiður Gröndal** og margir fleiri.

... tónlistarhópnum **Atón**, sem heldur tónleika í Iðnó á föstudagskvöldið og frumflytur þar fjögur verk eftir jafnmörg tónskáld, þau **Önnu S. Þorvaldsdóttur, Guðmund Stein Gunnarsson, Ólaf Björn Ólafsson** og **Charles Ross**.

... áramótauppgjöri Populus tremula á Akureyri, sem að þessu sinni verður helgað skáldinu **Magnúsi Þór Jónssyni**, öðru nafni Megasi. Fjallað verður um skáldið og lesið úr verkum þess auk þess sem hljómsveit hússins liggur ekki á liði sínu heldur flytur nokkur af lögum Megasar.

# menning

menning@frettabladid.is



**ÍSLENDINGAKÓRINN STAKA** Kominn frá Kaupmannahöfn til þess að halda sína fyrstu tónleika á heimaslóðum.

# Frumraun Íslendingakórs

**Kammerkórinn Staka heldur sína fyrstu tónleika hér á landi í Langholtskirkju í kvöld. Kórinn var stofnaður síðastliðinn vetur af ungum Íslendingum búsettum í Kaupmannahöfn.**

„Við höfum aldrei sungið á Íslandi áður,“ segir Guðný Einarsdóttir, stjórnandi Íslendingakórsins Stöku, sem er starfræktur í Kaupmannahöfn. Félagar í kórnum eru allir staddir á landinu yfir jólin og ákváðu að nýta tækifærið til þess að halda tónleika, frumraun kórsins hér á landi.

Staka var stofnuð veturinn 2004-2005 í Kaupmannahöfn, en þá tóku nokkrir Íslendingar búsettir þar höndum saman og stofnuðu kórinn, með því markmiði að flytja metnaðarfull norræn og íslensk kórverk í Danmörku.

„Við vorum nokkrir vinir í Kaupmannahöfn vorið 2004. Við höfðum öll sungið heima eða lært eitthvað í tónlist og ákváðum að ráðast í það að stofna kór án þess að vita neitt hvað það hefði í för með sér. Okkur langaði bara til að syngja metnaðarfulla músík og gera eitthvað sniðugt.“

Haustið 2004 fór boltinn að rúlla. Þau komu fram við ýmis tækifæri, meðal annars á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og á sameiginlegum jólatónleikum með kórum frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi sem hafa aðsetur í Kaupmannahöfn og tóku sömuleiðis þátt í kóramóti Íslendingakóra frá Norðurlöndunum og Bretlandi, sem haldið var í Gautaborg.

„Þetta fór ótrúlega vel af stað,“ segir Guðný, sem frá upphafi hefur verið stjórnandi kórsins. „Við sungum líka eitthvað á Hovedbanegaarden. Það var nóg að gera.“

Staka er þó engan veginn eini íslenski kórinn sem starfræktur er í Kaupmannahöfn.

„Það er fullt af kórum í Kaupmannahöfn,“ segir Guðný og telur upp: „Kvennakór, kirkjukór, barnakór, allir með æfingar í Jónshúsi. Kirkjukórinn er búinn að vera til mjög lengi, kvennakórinn aðeins styttra en barnakórinn er bara nýstofnaður, held ég.“

Fyrstu tónleikar Stöku í fullri lengd voru haldnir í Dyssegårdkirkju í Hellerup í mars síðastliðnum. Mánuði seinna voru haldnir formlegir stofntónleikar kórsins í Frederiks Bastion fyrir troðfullu húsi.

Nú síðast hélt Staka jólatónleika í Skt. Pauls Kirke í Kaupmannahöfn, kirkju íslenska safnaðarins þar í borg.

Á tónleikunum í kvöld, sem hefjast klukkan 20, flytur kórinn meðal annars þjóðlög í útsetningum Jóns Ásgeirssonar og Marteins H. Friðrikssonar, einnig verk eftir Benjamin Britten, mótettur eftir Niels La Cour og verk eftir Báru Grímsdóttur, Karólínu Eiríksdóttur og Harald V. Sveinbjörnsson. Öll tengjast verkin jólunum og efnir kórinn til hátíðlegrar jólastundar með gestum sínum.

# Flóðbylgjan í myndum

Rauði kross Íslands opnar í dag ljósmyndasýningu sem ber heitið „Eftir Tsunami“ í Smáralind klukkan 15 í dag, þegar eitt ár er liðið frá flóðbylgjunni við Indlandshaf.

Á sýningunni eru myndir frá Indónesíu og Srí Lanka sem teknar voru níu mánuðum eftir að flóðbylgjan skall á. Myndirnar á sýningunni tók Þorkell Þorkelsson ljósmyndari, en hann var í Aceh-héraði í Indónesíu og á Srí Lanka í september. Höfundur texta er Ómar Valdimarsson sendifulltrúi, sem starfaði að uppbyggingu Rauða hálfmánans í Indónesíu.

Hátt í 200 þúsund manns týndu lífi í flóðbylgjunni sem skall á löndunum við Indlandshaf á annan dag jóla 2004. Eyðilegging lands og byggða var meiri en áður hefur þekkst og í kjölfarið hófst umfangsmesta hjálparaðgerð Rauða krossins frá upphafi.



**ÓMAR VALDIMARSSON**

Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands, opnar sýninguna formlega og flytur ávarp, en sýningin í Smáralind stendur til 11. janúar og verður síðan sett upp í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri 16. janúar.

**HIMNARÍKI**
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
**Fim. 29. des. örfá sæti laus**
**Fös. 20. jan.**
**Lau. 21. jan.**
***Gleðileg jól!***
Hafnarfjarðarleikhúsið
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR
**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR** á nýju ári - sunnudagskvöldið 8. janúar kl. 20
Kammersveitin Ísafold flytur Vínartónlist í útsetningum eftir Arnold Schönberg og Anton von Webern. Stjórnandi: Daníel Bjarnason, einsöngvari: Ágúst Ólafsson barítón
Tryggðu þér miða á óvenjulega og skemmtilega tónleika!
**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er lokuð til 2. janúar. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn: www.opera.is
Íslenska óperan óskar landsmönnum öllum farsældar á nýju ári!
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen · Salka Valka · Belgíska Kongó · Woyzeck

Stóra svið
SALKA VALKA
Mi 28/12 kl. 20 · Su 8/1 kl. 20
Su 22/1 kl. 20 · Fi 26/1 kl. 20
WOYZECK
Fi 29/12 kl. 21 · Fö 30/12 kl. 21
Lau 7/1 kl. 20 · Su 15/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 · Su 29/1 kl. 20
KALLI Á ÞAKINU
Su 8/1 kl. 14 · Su 15/1 kl. 14
Lau 21/1 kl. 20 · Su 22/1 kl. 20
CARMEN
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 19/1 kl. 20 · Fö 20/1 kl. 20
Fö 27/1 kl. 20 · Lau 28/1 kl. 20

Nýja svið/Litla svið
MANNTAFL
Mi 28/12 kl. 20 · Su 8/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
BELGÍSKA KONGÓ
Lau 7/1 kl. 20 · Su 15/1 kl. 20
Fö 20/1 kl. 20 · Lau 28/1 kl. 20
GLÆPUR GEGN DISKÓINU
EFTIR GARY OWEN.
Í SAMSTARFI VIÐ STEYPIBAÐSFÉLAGIÐ STÚT
Fi 12/1 kl. 20 FRUMS. UPPS. · Fö 13/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 · Su 22/1 kl. 20
ÞRJÁR SYSTUR e. TSJEKHOV
NEMENDALEIKHÚSIÐ SÍÐUSTU SÝNINGAR!
Í kvöld kl. 20 · Mi 28/12 kl. 20.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
2. sýn. í kvöld þri. 27/12 **uppselt**, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 nokkur sæti laus.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, lau. 7/1 **kl. 17:00,** sun. 8/1.
LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Í dag þri. 27/12 kl. 15:00 og 17:00, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 15:00 **uppselt** og kl. 17:00 **uppselt**. **Síðustu sýningar.**
LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að **hringja í síma 550 5000** til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.
En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.
NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: 550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**SIGUR RÓS - TAKK** Sigur Rós gaf út langbestu íslensku plötuna á árinu. Mun ferskari og skemmtilegri en svigaplatan, sem var heldur þung í vöfum. Þarna var varla veikan blett að finna og komst platan í raun upp að hinni frábæru Ágætis byrjun í gæðum.



**EMILIANA TORRINI - FISHERMAN'S WOMAN** Emilíana kom sterk inn í byrjun ársins með þessa fallegu og einlægu plötu. Á milli þess sem hún samdi lög fyrir Kylie Minogue og söng fyrir Hringadróttinssögu gerði hún þessa perlu sem festi hana í sessi sem eina hæfileikaríkustu tónlistarkonu landsins.

**BENNI HEMM HEMM - BENNI HEMM HEMM** Benedikt Hermann Hermannsson kom á óvart með þessari bráðskemmtilegu plötu þar sem hann blandaði saman lúðrasveitaleik og léttu poppi á óvæntan en afar áhrifaríkan hátt.



**ÞÓRIR - ANARCHISTS ARE HOPELESS ROMANTICS** Tónlistarmaðurinn Þórir (My summer as a salvation soldier) sýndi frábæra takta á fyrstu plötu sinni og mætti hér til leiks með enn fjölbreyttari og sterkari afurð. Rólegheitin voru enn til staðar en einhvern veginn var meira kjöt á beininu í þetta skiptið.

**AMPOP: MY DELUSIONS** Ampop sagði að mestu skilið við rafpoppið á sinni þriðju plötu, sem hafði að geyma vandað rólegheitapopp undir áhrifum frá Bítlunum og Radiohead. Titillagið var einna sterkast en mörg önnur komust nálægt því í gæðum. Hljómsveit á uppleið.

FREYR BJARNASON

# ÍSLENSKAR PLÖTUR ÁRSINS 2005

Íslenska tónlistarárið var að mörgu leyti gott þó svo að ekki hafi margar plötur verið framúrskarandi. Sigur Rós stóð upp úr með plötu sína Takk og kom það fáum á óvart en aðrir komust ekki með tærnar þar sem hún hafði hælana. Jólaplötuflóðið bar vott um hugmyndaskort því fjölmargir tónlistarmenn brydduðu upp á því ráði að syngja lög eftir aðra en þá sjálfa. Vonandi á það eftir að breytast með komandi tíð.

Annað sem var áberandi á árinu var skorturinn á góðu rokki. Flaggberar rokksins á borð við Mínus og Botnleðju voru fjarverandi í ár, þó svo að Mínus hafi gefið út tónlist við kvikmyndina Strákarnir okkar ásamt Barða í Bang Gang.

Á eftir koma: 11. Leaves: The Angela Test, 12. Sálin: Undir þínum áhrifum, 13. Mugison: A Little Trip, 14. Hermigervill: Sleepwork, 15. Hot Damn!: The Big´n Nasty Groove´O Mutha, 16. Orri Harðar: Trú, 17. Kira Kira: Skotta, 18. Bubbi: Ást, 19. Siggi Ármanns: Music for the Addicted, 20. Worm is Green: Push Play. ■



**HJÁLMAR - HJÁLMAR** Reggísveitin vinsæla gaf út mjög góða plötu og sýndi að fyrsta platan var engin byrjendaheppni. Hjálmar er ekki bara ein besta tónleikasveit landsins heldur sómir hún sér einnig prýðilega á plasti.





**DANÍEL ÁGÚST- SWALLOWED A STAR** Daníel Ágúst Haraldsson mætti aftur inn í íslenska landslagið með vandaða plötu sem hafði yfir sér mikinn sinfóníublæ. Bjarkaráhrif sáust víða og ljóst að Daníel hafði nýtt tímann sinn í skjálfskipaðri útlegð afar vel.

**BAGGALÚTUR - PABBI ÞARF AÐ VINNA** Fyrsta plata Baggalúts kom eins og ferskur blær inn í íslenskt tónlistarlíf. „Köntríið“ var allsráðandi og bara svínvirkaði. Baggalútar sýndu og sönnuðu að þeir kunna fleira en að búa til góða heimasíðu.



**TRABANT - EMOTIONAL** Glysrokkararnir í Trabant, sem virðast halda að þeir séu Prince endurborinn, gáfu út bráðskemmtilega plötu og maður sá sig knúinn til að dilla sér í takt. Sannkallað gleðipopp.



**KIMONO: ARCTIC DEATH SHIP** Fyrsta plata Kimono, Mineur Agressive, átti mjög góða spretti en þessi var ennþá betri. Gítarleikurinn var áberandi góður og pönkaður rokkkrafturinn hristi stundum upp í manni. Mikil framför hjá Kimono.



**JAKOBÍNARÍNA** Hafnfirska sveitin Jakobínarína kom fersk fram á sjónarsviðið á árinu.

# Uppgötvanir ársins

Innlendar uppgötvanir ársins voru af ýmsum toga. Efst á blaði er Jakobínarína sem m.a. vann Músíktilraunir og hitaði upp fyrir The White Stripes á árinu. Einnig vakti hún athygli erlendra gagnrýnenda á Iceland Airwaves en plötu með sveitinni er að vænta á næsta ári. Rass kom sóðaleg og pönkuð fram á sjónarsviðið auk þess sem tríóið Flís gerði bráðskemmtilega plötu með lögum Hauks Morthens.

1. Jakobínarína
2. Rass
3. Beatmakin Troopa
4. Flís
5. Hairdoctor






**BAGGALÚTUR - PABBI ÞARF AÐ VINNA** Grínararnir í Baggalúti komu svo sannarlega á óvart með kántríplötunni sinni Pabbi þarf að vinna. Ekki voru textarnir bara skemmtilegir heldur reyndust lögin vera vel samin og þetta var diskurinn sem settur var á ef koma átti mannskapnum í rétta stuðið.



FREYR GÍGJA GUNNARSSON

# ÍSLENSKAR PLÖTUR ÁRSINS 2005

**ÍRAFÁR - ÍRAFÁR** Þrátt fyrir að aðdáendahópur þessarar hljómsveitar sé kannski frekar þröngur verður það ekki af Írafári tekið að hljómsveitin kann sína list. Þetta er hljómsveit sem er óhrædd við að sýna hvað hún er. Það er ekki verið að laumupúkast.



**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS - UNDIR ÞÍNUM ÁHRIFUM** Íslenskir poppaðdáendur voru ekki sviknir af kóngunum á þessu sviði. Sálin kom með heilsteypta poppplötu sem reyndist uppfull af slögurum. Sálin er best þegar sá gállinn er á henni.



**SIGUR RÓS - TAKK** Strákarnir í Sigur Rós sýndu svo ekki varð um villst að þeir eru langbesta hljómsveitin á Íslandi í dag. Þeir náðu tengingu við hlustendur á ný eftir hið nafnlausa flopp. Þakklæti til Sigur Rósar var oftar en ekki viðkvæðið.



**EMILÍANA TORRINI - FISHERMAN'S WOMAN** Hin ljúfa plata Emilíönu læddist aftan að mörgum í upphafi ársins. Einstaklega persónuleg plata sem heillaði ekki síður útlendinga en Íslendinga. Ekki voru tónleikarnir síðri.



## FRIKKI SEGIR

Þessa vikuna er miðbær Akureyrar, hættulegt salt, sportbílar og flatskjáir efst í huga Friðriks Weisshappel.

# Akureyri og sportbílar





Að breyta miðbæ Akureyrar er náttúrlega bara þjóðþrifaverk. Það er löngu kominn tími til að breyta þessu ömurlega **steintorgi** sem hefur ósjaldan komið mér í vont skap. Það fólk sem bar ábyrgð á því að því var breytt í þennan óskapðnað á sínum tíma ætti að skammast sín. Ég man eftir torginu eins og það leit út þegar ég bjó á Akureyri sem barn; grænt gras, gamla lága **járngrindverkið** sem auðvelt var að príla yfir á sólskinsdögum og Pési pulsa með vagninn sinn góða. Þetta var svona mannlegt torg þar sem fólk hallaði sér saman og spjallaði. Ég vona að þið sem standið nú í þeirri vinnu að endurnýja miðbæ Akureyrar hafið vit á því að endurreisa gamla torgið og gera miðbæ Akureyrar aftur að stað sem mann langar að heimsækja.

Hvers vegna er verið að segja okkur að allt mögulegt sé hættulegt? Salt, **Freska**, sólin og allt annað nánast. Persónulega held ég að best væri bara að sleppa þessum fréttum og losa okkur við áhyggjurnar sem fylgja því að vera stöðugt að vera að gera eitthvað eða borða eitthvað sem gæti hugsanlega valdið okkur snöggum dauða. Hvað með stressið sem fylgir stöðugum **heimsendafréttum** og öðrum almennum leiðindafrásögnum, maður gæti hæglega misst hárið ef ekki vitið af því að fá þetta allt yfir sig stanslaust.

Það er alveg merkilegt hvað mann langar alltaf að kaupa **eldrauðan sportbíl**, sem rúmar sirka rassinn á sjálfum manni, svona bíl sem eyðir lítra á hvern ekinn kílómetra og kostar lágmark hundraðþúsund kall að gera við ef eitthvað smotterí bilar. Fyrir utan þessi smáatriði kostar svona bíll í kringum fjórar milljónir og maður getur ekki keyrt hann á veturna. Já, svona er **karlmaðurinn** hannaður, þetta gerist svona. Maður sér töffara á rauðum sportbíl og starir þar til hann hverfur fyrir næsta horn, Næsta sem maður veit er að maður er búinn að kaupa Formúla 500 blaðið sem inniheldur fátt annað en rauða sportbíla, Með blaðið í kjöltunni er svo strætóinn tekinn heim og reiknað í huganum þar til sú niðurstaða er komin að ef þú tekur bílinn á kaupleigu, flytur til mömmu og hættir að borða þá er bíllinn þinn!

Jæja, þá eru jólin að nálgast og ég var að tala við vinkonu mína um allt **stússið** þegar hún sagði að það væri sem fólk væri ekki að njóta jólanna heldur neytti það jólanna. Þetta fannst mér góð setning, Annars væri ég alveg til í **flatskjá** ef einhver er að lesa!





skovby
Borðstofuhúsgögn

FRÁBÆRT VERÐ
1 sæti hjá okkur
HJÁ VALHÚSGÖGNUM

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375



Gleðilega hátíð með foie gras frá Labeyrie

**SÍF óskar samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári!**

Frakkar eru annálaðir sælkerar og þar í landi er foie gras, anda- og gæsalifur í ýmsu formi, höfð á borðum yfir hátíðarnar. Nú geta íslenskir sælkerar einnig notið þessarar lúxusfæðu en foie gras frá Labeyrie, einum fremsta matvælaframleiðanda Frakklands, fæst í verslunum Hagkaupa og Nóatúns.

SÍF

SÍF hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu tilbúinna matvæla og hátíðarrétta í Evrópu. Vörur SÍF eru m.a. seldar undir eftirtöldum vörumerkjum:

LABEYRIE · Delpierre · LYONS SEAFOODS · Blini · SKANDIA · Farne

FREYR BJARNASON

# ERLENDAR PLÖTUR ÁRSINS 2005

Á eftir koma: 11. Depeche Mode: Playing the Angel, 12. Gorillaz: Demon Dayz, 13. José Gonzalez: Veneer, 14. Coldplay: X&Y, 15. Madonna: Confessions on a Dancefloor, 16. The Mitchell Brothers: A Breath of Fresh Attire, 17. Beck: Guero, 18. U2: How to Dismantle an Atomic Bomb, 19. The Rolling Stones: A Bigger Bang, 20. Paul McCartney: Chaos and Creation in the Back Yard. ■




**JIM NOIR: TOWER OF LOVE** Breski tónlistarmaðurinn birtist eins og þruma úr heiðskíru lofti undir lok ársins með sína fyrstu plötu, sem var aldeilis frábær. Fallegar melódíur og bráðskemmtilegt popp í anda Beach Boys bræddi í manni hjartað á augabragði.




**FRANZ FERDINAND: YOU COULD HAVE IT SO MUCH BETTER** Önnur plata Franz Ferdinand var uppfull af slögurum. Hún var betri en frumburðurinn, sem þó var virkilega skemmtilegur. Tónleikar sveitarinnar í Kaplakrika voru mögnuð upphitun fyrir útkomu plötunnar, sem stóð algjörlega undir væntingum.



**ANTONY AND THE JOHNSONS: I AM A BIRD NOW** Látúnsbarkinn mjúkraddaði Antony, sem hélt nokkra tónleika hér á landi, gaf út tilfinningaþrungna plötu hlaðna einlægum textum þar sem kynhneigð hans, æska og frelsi var umfjöllunarefnið.



**THE WHITE STRIPES: GET BEHIND ME SATAN** Rokkdúettinn bandaríski gaf út mjög góða plötu og tvímælalaust eina af sínum allra bestu. Þó svo að enginn Seven Nation Army-slagari sé á plötunni bætir dúettinn það upp með flottum lagasmíðum í nánast hverju horni. Tónleikarnir í Höllinni sýndu styrk sveitarinnar svart á hvítu, eða öllu heldur hvítt á rauðu.




**DAFT PUNK: HUMAN AFTER ALL** Franski dansdúettinn Daft Punk gaf út sína þriðju plötu á árinu. Eftir misjafna aðra plötu sýndu Fransmennirnir mun heilsteyptari takta á þessari. Textarnir fjölluðu um tengsl mannsins og tækninnar og tónlistin var uppfull af endurteknignum en náði samt að vera grípandi eins og þeirra er von og vísa.

**KANYE WEST: LATE REGISTRATION** Rapparinn Kanye West gaf út góða hip-hop plötu þar sem sálaráhrifin voru í fyrirrúmi. Leikarinn Jamie Foxx kom í heimsókn í hinu eftirminnilega Gold Digger. Ekkert tímamótaverk en fín plata engu að síður.






**SYSTEM OF A DOWN: MEZMERIZE** Rokkararnir í System of a Down komu gríðarsterkir til leiks snemma á árinu með fyrri hlutann í tvíleik sínum. Þessi plata var öllu sterkari en sú síðari með grípandi og grjóthörðum lögum þar sem hið óvænta var í fyrirrúmi eins og svo oft áður. Gagnrýnin á Bandaríkjastjórn var heldur ekki spöruð.



**KINGS OF LEON: AHA SHAKE HEARTBREAK** Sveitarokkararnir síðhærðu í Kings of Leon styrktu stöðu sína í rokkinu með sinni annarri plötu. Lögin voru hvert öðru skemmtilegra og stemningin á plötunni var í sérflokki, rétt eins og á þeirri fyrri.




**NINE INCH NAILS: WITH TEETH** Rokkarinn Trent Reznor gaf út sína fyrstu plötu í langan tíma, aðdáendum hans til mikillar ánægju. Ískaldar lagasmíðarnar nístu í gegn og svo virðist sem hvíldin hafi fært hann endurnærðan til baka.

## Uppgötvanir ársins 2005

Á þeim ótrúlegu fjölbreyttu tímum sem við lifum tekur það stundum plötur rúmt ár að ná athygli eftir að þær koma út. Hér eru nokkrar af þeim plötum sem komu út á árinu 2004 eða fyrr, en fáir kveiktu á fyrr en árið 2005.

1. The Knife: Deep Cuts
2. Arcade Fire: The Funeral
3. The Go! Team: Thunder Lightning Strike
4. Joanna Newsom: The Milk-Eyed Mender
5. Death From Above 1979: You're a Woman, I'm a Machine



**ARCADE FIRE** Hljómsveitin Arcade Fire gaf út magnaða plötu undir lok síðasta árs.

---

**GORILLAZ: DEMON DAYZ** Damon Albarn tók sig til og hristi hina fullkomnu poppplötu fram úr ermi sinni með hjálp Danger Mouse. Honum tókst að gera afbragðs sólóplötu og eiga hvern slagarann á fætur öðrum á efstu sætum vinsældalista um allan heim, án þess að þurfa að takast á við það að sjá andlit sitt í öllum slúðurblöðum eða imbakössum.







**M.I.A.: ARULAR** Frumraun innflytjandans frá Srí Lanka hristi allverulega upp í breskri popptónlist á árinu sem var að líða. Mathangi Arulpragasam, eða M.I.A. (Missing In Action) eins og hún kallar sig, blandar saman breskri svefnherbergiselektróník við hörð bít klúbbanna og tónlistar frá Srí Lanka. Hún virðist vera mikill uppreisnarseggur, eins og pabbi hennar sem þurfti að flýja land eftir að hafa tekið þátt í uppreisninni á eyjunni.

**MADONNA: CONFESSIONS ON A DANCEFLOOR** Hverjum hefði dottið í hug að Madonna gæti enn, á fimmtugsaldri, gert plötur sem endurspegla tíðarandann? Hún leitaði í rætur sínar og gerði líklegast bestu plötu ferils síns inni í svefnherbergi hjá danstónlistarsérvitringnum Stuart Price úr Les Rhythms Digitales og Zoot Woman.







**DEVENDRA BANHART: CRIPPLE CROW** Fjórða breiðskífa San Francisco-búans Devendra Banhart á þremur árum er hans besta til þessa. Hann er búinn að hrista af sér feimni fyrstu platna sinna, þar sem lögin náðu sjaldnast upp í aðra mínútu. Hér brýst hann fram sem fullmótaður laga- og textahöfundur og útsetjari. Bob Dylan yrði stoltur.



**SUFJAN STEVENS: ILLINOISE** Fimmta breiðskífa sérvitringsins Sufjan Stevens, á nánast jafn mörgum árum, er algjört meistarastykki. Þetta er önnur breiðskífan tileinkuð ríki í Bandaríkjunum en Sufjan hefur lofað að gera breiðskífu fyrir öll þeirra, nema Texas. Illinois er epísk plata með stórtækum blástursútsetningum. Hér er allt eins og það gerist best, lagasmíðar, flutningur, útsetningar og textar.

BIRGIR ÖRN STEINARSSON

# ERLENDAR PLÖTUR ÁRSINS 2005

Við eignuðumst fáar nýjar stjörnur á árinu 2005. Það vantaði þó ekki frumraunirnar í ár, margar þeirra voru afbragðs góðar, en fáar þeirra gripu í feitt.

Í breska rokkinu voru það helst Bloc Party, Kaiser Chiefs og Arctic Monkeys sem seldu frumraunir sínar eins og heitar lummur, en aðrir rokkarar þurftu að láta sér nægja góða dóma og hópdýrkun. Nokkrar nýbakaðar hetjur frá síðastliðnum tveimur árum reyndu að halda krúnunni á höfðinu, en tókst ekki sem skyldi. Franz Ferdinand er besta dæmið um vonbrigði í sölu.

Ef árið í fyrra var endurreisnarár framúrstefnunnar var 2005 árið sem meðalmennskan tók aftur völdin. Það færði okkur á plastfati listamenn á borð við James Blunt, Jack Johnson, Katie Melua og Lönu Clarkson og staðfesti Coldplay sem eina stærstu sveit heims.

Það var fínt ár fyrir popp því Damon Albarn náði að gera það aftur skemmtilegt og Madonna blés öllum ungu poppprinsessunum endanlega í burtu frá hásæti sínu. Hún sýndi þeim líka hversu miklu máli það skiptir að kópera ekki aðra og vera leitandi listamaður. Idolstjörnur áttu ekki lengur jafn auðgengt inn á markaðinn og áður, sem sannar að það er ekki nóg að geta sungið í réttum tón til þess að selja plötur. Sem þýðir að enn er von fyrir innlifun, persónulega tjáningu og frumkvæði. Það sem þóttu gallar í fyrra eru aftur að verða að helstu söluvörunni.

Í heild var árið 2005 einungis sæmilegt ár fyrir tónlist, en það stefnir allt í að það næsta verði betra. Að minnsta kosti áhugaverðara.

Á eftir komu: 11. Antony & The Johnsons: I'm a Bird Now, 12. The Magic Numbers: The Magic Numbers, 13. Bonnie „Prince" Billy & Matt Sweeney: Superwolf, 14. The White Stripes: Get Behind Me Satan, 15. Out Hud: Let Us Never Speak of It Again, 16. Four Tet: Everything Ecstatic, 17. Kings of Leon: Aha Shake Heartbreak, 18. Babyshambles: Down in Albion, 19. Queens of the Stone Age: Lullabies to Paralyze, 20. Nine Inch Nails: With Teeth. ■




**BLOC PARTY: SILENT ALARM** Frumraun bresku rokksveitarinnar Bloc Party er skotheld. Beitt og angurvært nýbylgjurokk sem minnir nokkuð á eldri verk The Cure, Joy Division, Gang of Four og samtímasveitir á borð við Interpol. Kröftugur hljóðfæraleikur, draumkenndir textar, frábærar melódíur og söngur gera þetta að bestu rokkplötu ársins.



**MARS VOLTA: FRANCES THE MUTE** Helsta prog-rokksveit okkar tíma olli engum vonbrigðum á annarri breiðskífu sinni. Eins ýkt og hægt er að vera á öllum sviðum. Frances the Mute er hljóðskúlptúr sem krefst mikils af hlustendum sínum og verðlaunar þá ríkulega sem eru reiðubúnir að stinga sér í hyldýpið.



**KANYE WEST: LATE REGISTRATION** Hip-hop plata ársins hlýtur að vera önnur breiðskífa Kanye West. Hann fylgdi magnaðri frumraun sinni frá því í fyrra eftir með plötu sem er ekkert síðri. Hann varð einnig mikilvægur talsmaður svartra í Bandaríkjunum þegar hann skaut á ríkisstjórn George Bush í beinni útsetningu eftir að New Orleans var blásið af kortinu af hvirfilbylnum Katarinu.



**COCOROSIE: NOAH'S ARC** Casadysysturnar negldu niður frumlegan naumhyggju stíl sinn á annarri breiðskífu sinni. Það hljómar engin önnur sveit eins og þær og því ekki undarlegt að aðdáendahópur þeirra hafi vaxið jafn ört og raun ber vitni. Ævintýri sem hófst inni í stofu í litlili íbúð í París er núna leikið á sviðum um allan heim.


Nýtt í bíó
Inga María Valdimarsdóttir
Helena
Björgvin Franz Gíslason
Lísander
Bjartmar Þórðarson
Demetríus
Örn Árnason
Óberon
Sigurður Sigurjónsson
Þeseifur
Jóhanna Vigdís Arnardóttir
Norn
Guðfinna Rúnarsdóttir
Brokki
Jakob Þór Einarsson
Fílóstratus
Vilhjálmur Benediktsson
Blikksmiður
Gísli Pétur Hinriksson
Stjórnandi
Jóhanna Jónas
Mustarða
Hildigunnur Þráinsdóttir
Títanía
DRAUMALANDIÐ
UPPLIFÐU DRAUMINN!
Töfrandi mynd um álfa, nornir og óþekk tröll.
ÍSLENSKT TAL
MEDIA
LAUGARÁS BÍÓ
REGNBOGINN
Borgarbíó Akureyri
SMÁRABÍÓ
SELFOSS BÍÓ

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan Gwen Stefani hefur staðfest að hún sé með barni. Þetta verður fyrsta barn hennar og eiginmanns hennar Gavin Rossdale úr hljómsveitinni Bush. Söngkonan færði aðdáendum sínum tíðindin á tónleikum í Flórída á dögunum og hvatti áheyrendur til að taka vel undir í laginu Crash svo að barnið myndi heyra. Um leið sagði hún að stórum kafla í ævi hennar væri senn lokið.

Stefani og Rossdale gengu í það heilaga fyrir þremur árum síðan. Hún mun eiga von á sér í júní. Rossdale á fyrir sextán ára gamla dóttur sem hann eignaðist með tískuhönnuðum Pearl Lowe en faðernið kom ekki í ljós fyrr en í fyrra.



**FÓLKIÐ Á BAK VIÐ A LITTLE TRIP** Mugison, Lilja Pálmadóttir, Baltasar Kormákur, Sigurjón Sighvatsson, Stella og Ingibjörg Sólilja stilltu sér upp enda mikilli törn loksins lokið.



**ÚTVARPSSTJÓRAFJÖLSKYLDAN** Hjónin Páll Magnússon og Hildur Hilmarsdóttir mættu með börnin sín, Pál Magnús og Eddu Sif, á frumsýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# A Little Trip frumsýnd í Smárabíói

Kvikmynd Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven, var frumsýnd í Smárabíói í gær. Myndarinnar hefur verið beðið lengi og það var greinilegt að það var mikil spenna í loftinu. Baltasar og Sigurjón Sighvatsson, annar framleiðandi myndarinnar, tóku vel á móti gestum sem fjölmenntu til að berja verkið augum. Það eru Hollywood-stjörnurnar Forest Whitaker og Julia Stiles sem leika aðalhlutverkin í myndinni en Mugison semur tónlistina. - fgg



**MENNINGARFRÖMUÐUR OG FRAMBJÓÐANDI** Stefán Jón Hafstein, forseti borgarstjórnar, lét sig ekki vanta á frumsýninguna.



**VERTU VELKOMINN** Lilja Pálmadóttir, eiginkona Baltasars Kormáks, fagnaði komu kvikmyndaleikstjórans Friðriks Þórs Friðrikssonar á frumsýningu myndarinnar en Friðrik hefur leikstýrt Baltasar tvisvar, í Englum alheimsins og Djöflaeyjunni.



**EINSAMALL STRÁKUR** Pétur Jóhann Sigfússon var glaðbeittur enda jól en hann var greinilega spenntur fyrir þessari „íslensku“ mynd.



**MÁLIN RÆDD** Stórlaxarnir Kári Stefánsson og Skarphéðinn Berg Steinarsson spjölluðu saman fyrir sýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



JÓL Á HRAUNINU
NFS Á JÓLADAG KL. 19:00

Í þessum sérstaka jólaþætti Kompás fylgjumst við með Jóhannesi Kr. Kristjánssyni fréttamanni sem gisti á einni af deildum fangelsisins og var lokaður inni í klefa klukkan tíu eins og aðrir fangar. Jóhannes dvaldi í fangelsinu í 30 klukkustundir og ræddi við fjölda fanga og fangavarða. Einstakar myndir sem ekki hafa birst áður af lífinu innan fangelsisins.

KOMPÁS NFS




## UPPLIFÐU STÓRFENGLEGASTA ÆVINTÝRI ALLRA TÍMA

### 27. DESEMBER

| | |
|---|---|
| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 1-2-3-4-5-7-8-10-11 |
| ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 3 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 11-2-5-8 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 3-6-9 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 2-5-8-10.30 |
| HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2-4-5-7-8-10 |
| SELFOSSBÍÓ | KL. 1.30-4.10-6.50-9.30 |

### 28. DESEMBER

| | |
|---|---|
| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 1-2-3-4-5-7-8-10-11 |
| ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 3 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 11-2-5-8 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 3-6-9 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 2-5-8-10.30 |
| HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2-4-5-7-8-10 |
| SELFOSSBÍÓ | KL. 1.30-4.10-6.50-9.30 |

### 29. DESEMBER

| | |
|---|---|
| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 1-2-3-4-5-7-8-10-11 |
| ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 3 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 11-2-5-8 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 3-6-9 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 2-5-8-10.30 |
| HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2-4-5-7-8-10 |
| SELFOSSBÍÓ | KL. 1.30-4.10-6.50-9.30 |

## KOMIN Í BÍÓ!

REYKJAVÍK · KEFLAVÍK · AKUREYRI · SELFOSSI














# Heiðra minningu Elliott Smith

Hópur af listamönnum sem bandaríski tónlistarmaðurinn Elliott Smith hefur haft áhrif á mun heiðra minningu hans hinn 29. desember á Gauki á Stöng.

Smith lést fyrir tveimur árum, aðeins 34 ára að aldri. Hann gaf á ferli sínum út fimm sólóplötur og einkenndist tónlist hans af einlægum textum og afslöppuðum tónsmíðum. Var hann tilnefndur til óskarsverðlauna árið 1998 fyrir lagið Miss Misery úr kvikmyndinni Good Will Hunting.

Þeir sem koma fram á tónleikunum á Gauknum eru: Karl Henry (Without Gravity), Indigó, Beggi (Shadow Parade), Pétur Ben, Haukur (Dikta), Svavar Knútur (sigurvegari trúbadorakeppni Rásar 2) og Bob Justman.

„Það var orðið tímabært að gera þetta," segir Gunnar Gunnarsson tónleikahaldari. „Það hafa margir úr þessum hópi verið að hugsa þetta. Þetta er svo rólegur tími á milli jóla og nýárs og þetta er afstressandi músík sem skiptir máli, sérstaklega á þessum tíma sem er svo mikið gervi í gangi," segir hann.

Að sögn Gunnars er rödd Smith afar áheyrileg og þægileg sem ætti að eiga erindi við hvern sem er. „Hann hefur greinilega fylgt einhverri sannfæringu, sem er svo heillandi við hann. Það er einhver sannleikur í því sem hann er að gera. Hann er að fylgja einhverju sem honum finnst rétt. Textarnir eru mjög einlægir og koma frá hans eigin lífsreynslu," segir hann. „Þetta var tilgerðarlaus maður sem þjáðist af þunglyndi og kannski það hafi orðið honum að falli. Það er tvírætt hvernig hann dó en ég hef enga skoðun á því og reyni að halda mig frá svoleiðis þrasi."

Húsið verður opnað klukkan 21.00 og er miðaverð 1000 krónur. Kvöldið eftir verður síðan svokallað Minifest á Gauknum þar sem fram koma Shadow Parade, The Telepathetics, Karl Henry, Ég, Pétur Ben og Indigó. Miðaverð á þá tónleika er 700 krónur.



**ELLIOTT SMITH** Tónlistarmaðurinn Elliott Smith lést fyrir tveimur árum, aðeins 34 ára gamall.

freyr@frettabladid.is

# Áhugaverðir skilnaðir

Oft virðist sem slúðurblöðum vestan hafs sé ekkert heilagt í umfjöllun sinni. Nýjasta dæmið er skoðanakönnun sem var haldin nú fyrir skömmu af dagblaðinu USA Today þar sem var gerður listi yfir tíu áhugaverðustu hjónaskilnaðina á árinu 2005. Ekki kemur á óvart að hjónaleysin Brad Pitt og Jennifer Aniston skuli hafa leitt þennan lista með nokkrum yfirburðum. Eins og alþjóð veit varð hjónaskilnaður þeirra opinber á árinu. Vilja fjölmiðlar beggja vegna Atlantshafs kenna tálkvendinu Angelinu Jolie um að upp úr hjónabandi Brad og Jennifer slitnaði. Af öðrum skilnuðum á hinum alræmda lista USA Today má nefna skilnað söngvarahjónanna Nick Lachey og Jessicu Simpson ásamt stuttum viðskilnaði fyrrum kókaínfíkilsins Charlie Sheen og spúsu hans, leikkonunnar Denise Richards. Þá kom það blaðamönnum USA Today töluvert á óvart að vinslit þeirra Paris Hilton og Nicole Richie komust einnig á þennan viðsjárverða lista. Listinn í heild sinni er eftirfarandi:

1. Brad Pitt og Jennifer Aniston
2. Charlie Sheen og Denise Richards
3. Nick Lachey og Jessica Simpson
4. Renee Zellweger og Kenny Chesney
5. Eddie Murphy og Nicole Murphy
6. Paris Hilton og Nicole Richie
7. Katie Holmes og Chris Klein
8. Jude Law og Sienna Miller
9. Sophia Bush og Chad Murphy
10. Paris Hilton og Paris Latsis



**BRAD OG JENNIFER** Skilnaður þeirra á árinu var slúðurdálkariturum hvalreki.





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan Ashlee Simpson hefur snúið aftur til Bandaríkjanna eftir að hún hneig í yfirlið eftir tónleika sem hún hélt í Japan yfir helgina. Varð atvikið til þess að hún þurfti að aflýsa atriði sem hún átti að flytja á Radio Music Awards í Las Vegas á mánudag. Mun þessi 21 árs gamla systir Jessicu Simpson gista hjá foreldrum sínum yfir jólahátíðina og hvílast eftir áfallið.



Mariah Carey er opinber vinsældalistadrottning ársins 2005. Þett kom í ljós þegar Billboard opinberaði hvaða listamenn hefðu náð hæst á Billboard-listann með lög sín á árinu. Þessi vinsæla söngkona varð efst með lagið We Belong Together. Gwen Stefani fylgir fast á hæla hennar með lagið Hollaback Girl. Sú plata sem seldist hins vegar mest af öllum er plata 50 Cent sem nefnist hinu skemmtilega nafni The Massacre.



Breska leikkonan Sienna Miller hefur afþakkað hlutverk í James Bond-myndinni Casino Royale þar sem Daniel Craig mun fara með hlutverk njósnarans kvensama. Slæst hún þá í hóp þeirra þokkadísa sem hafa afþakkað þetta sama hlutverk. Þar á meðal eru Angelina Jolie, Scarlett Johansson og Charlize Theron. Fannst Miller ekki rétt að leika Bond-stúlku á þessum tímapunkti. „Það gæti eyðilagt allt það mikla erfiði sem ég hef unnið á þessu ári.“



Söngkonan Avril Lavigne hefur samþykkt að leika í sinni fyrstu mynd á næsta ári. Myndin, sem nefnist Fast Food Nation, er byggð á metsölubók sem afhjúpaði leyndarmál skyndibitaiðnaðarins. Af öðrum leikurum sem munu leika í myndinni má nefna Patriciu Arquette, Ethan Hawke, Kris Kristofferson og Luis Guzman.



# Anarkí í Weimarlýðveldinu

**TÓNLIST**

**[UMFJÖLLUN]**

Weimarpönk virðist vera hugtak sem kynningardeild Þjóðleikhússins er að reyna að innleiða. Þó tónlistarlega hafi Þýskaland millistríðsáranna átt lítið sameiginlegt með London á seinni hluta áttunda áratugarins var vissulega ákveðið anarkí sem réð ríkjum í listaheiminum. Áhugamenn um þetta tímabil hafa fengið ýmislegt fyrir sinn snúð undanfarið. Sumaróperan setti upp Happy End Brechts og Weill sumarið 2004, Púntila og Matti var sett upp fyrir ekki löngu í Borgarleikhúsinu og Túskildingsóperan er frumsýnd annann í jólum. Verk um Marlene Dietrich verður sett upp í vor, meðan sýningu um stöllu hennar hinum megin við hin umdeildu landamæri, Edith Piaf, er nýlokið. Banamaður lýðveldisins (og kabarettsins), Hitler sjálfur, mætir svo á sviðið í Mein Kampf meðan Stefán Zweig teflir við Gestapo í Manntafli. Jafnvel Woyzeck er að hluta byggt á þýskri óperu frá 1925, þó leikritið sjálft sé eldra.

Söngleikurinn Kabarett var saminn eftir seinni heimsstyrjöld en gerist árið 1931. Heimsendir leikhúslistarinnar færist nær í formi nasismanns, sem batt enda á gullöld Þýskalands bæði í leikhúsi og í kvikmyndagerð. Listamenn sem ekki fylgdu flokkslínunni voru annað hvort sendir í þrælkunarbúðir eða flýðu land.

En partíin rétt fyrir endalokin eru alltaf þau bestu og í Kabarett endurspeglast örvæntingarfull gleði næturklúbbanna áður en hrunadans Evrópu hófst. Ef kabarettinn var klám var hann að minnsta kosti mun betra klám en það sem seinna kom, og höfðaði til mun fleiri skilningarvita.

Því hefur eðli málsins samkvæmt diskur sem einungis endurflytur tónlistina takmarkaðra gildi en allur pakkinn. En það má hafa gaman af honum samt, því tónlistin úr verkinu er afar skemmtileg, Gallinn við leikhústónlist er hins vegar sú að maður hefur alltaf á tilfinningunni að leikararnir séu að leika, sem gerir það að verkum að flutningurinn hittir ekki alltaf í hjartastað. Tónlistin sjálf er afar vel flutt og var vel til fundið að fá Sigtrygg Baldursson, sem áður hefur gefið út eigin Weimar-plötu, á trommur.



KABARETT

**LEIKHÓPURINN Á SENUNNI**

**Niðurstaða:** Þórunn Lárusdóttir stendur upp úr á plötu sem er ágætis minjagripur um sýninguna en hefur takmarkað gildi einn og sér.

Þórunn Lárusdóttir er fantafín söngkona og getur vel staðið undir sér sem slík á lögum eins og „Kannski er loksins“, sem er eitt áhrifamesta lag plötunnar. Því miður veitir bæklingurinn afar takmarkaðar upplýsingar og því ekki ljóst hver syngur hvað. Margir ungir leikarar fengu að spreyta sig í aukahlutverkum í sýningunni og ekki er ljóst hvort einhverjir þeirra fengu að vera með á disknum. Ákjósanlegt hefði einnig verið að hafa með ágrip af sögu söngleiksins og myndir úr sýningunni.

Þýðingarnar eru ágætlega gerðar af Veturliða Guðnasyni. En íslenska er ekki heimsmál á borð við þýsku, frönsku eða ensku, og því eru slettur á milli mála ekki alltaf fallegar. Líklega hefði verið betra að þýða verkið alveg frekar en að slá um sig með þýskum og frönskum frösum, þó ætlunin sé að koma alþjóðlegum brag Kabarettsins til skila. Lagið Gifting er flutt bæði á íslensku og þýsku, og jafnvel Þórunn sjálf rallar á þýsku r-unum. Mestum hæðum nær diskurinn undir lokin þegar hinn dimmi undirtónn rís upp á yfirborðið. Hinn ástfangni piltur í „Sæjuð þið hana“ dásamar dyggðir sinnar heittelskuðu, en endar lofsönginn á hennar helsta kosti, að hann sjái ekki á henni neinn gyðingasvip. Ógnvekjandi vísbending um það sem koma skal, og söngkonan í „Hvað segir þú?“ spyr þegar stormurinn nálgast hvað skuli gera. Svarið fannst aldrei, og ofbeldismennirnir náðu á endanum yfirhöndinni yfir listamönnunum.

**Valur Gunnarsson**

# Óttast að gefin verði út safnplata Oasis

Noel Gallagher, forsprakki hinnar sívinsælu hljómsveitar Oasis, óttast að á næsta ári verði gefin út safnplata með bestu lögum Oasis. Ástæðan er sú að samningur Oasis-meðlima við plötufyrirtækið Sony rennur út á næsta ári og ætlar hljómsveitin ekki að endurnýja þann samning. „Ég hef töluverðar áhyggjur af því að Sony muni reyna að gefa út safnplötu á næsta ári. Við höfum þegar ákveðið að framlengja ekki samninginn okkar en ég hef ákveðnar efasemdir um að þeir vilji skilja í góðu. Ég hef á tilfinningunni að þeir muni neyða okkur til þess að gefa út þessa safnplötu. Ef þeir segjast ætla að fara út í það verðum við að taka þátt þar sem annars verður hún algjört drasl. Ég hef alltaf sagt að okkur langar ekki að gefa út safnplötu fyrr en hljómsveitin hættir opinberlega. Þá eiga lögin líka að vera endurhljóðrituð og í tímaröð.“ Oasis lauk nýverið tónleikaferðalagi um Ástralíu og sagði Noel að hann gæti vel hugsað sér að búa þar ef landið væri nær Bretlandi. „Ástralía er eiginlega eins og Bandaríkin að flestu leyti nema að álfan er ekki full af feitum fábjánum.“



Noel Gallagher





## Jakob og Anja Ríkey best

Jakob Jóhann Sveinsson og Anja Ríkey Jakobsdóttir úr Sundfélaginu Ægi hafa verið valin sundfólk ársins. Það er Sundsamband Íslands sem stendur fyrir kjörinu en úrslitin voru kunngjörð í gær.

**sport**

sport@frettabladid.is

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON: LEIKUR MEÐ GUMMERSBACH Í STÓRLEIK GEGN KIEL Í KVÖLD

# *Reyni að líta á leikinn eins og hvern annan*

Einn stærsti leikur ársins í þýska handboltanum verður í kvöld þegar Gummersbach og Kiel eigast við en leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Sýn. Þarna mætast tvö efstu lið deildarinnar en Kiel er í efsta sæti með tveggja stiga forskot. Það seldist upp á leikinn fyrir mánuði síðan og verða 19.250 áhorfendur í höllinni. Íslensku landsliðsmennirnir Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson leika með Gummersbach.

„Maður reynir að líta á þetta eins og hvern annan leik þó að búið sé að blása hann upp eins og hægt er. Við höfum æft alla daga um jólin en menn hafa passað sig á að detta ekki of mikið í jólasteikina. Þetta er stærsti leikurinn í nokkurn tíma, fjölmiðlar sýna honum gríðarlegan áhuga og menn þurfa að gæta sín á að halda skynsemi. Við höfum áður spilað fyrir sautján þúsund manns og ættum ekki að taka eftir neinum mun í þessum leik,“ sagði Guðjón Valur en hann segir að undirbúningur liðsins fyrir leikinn hafi verið mjög hefðbundinn.



„Ef við töpum er bilið niður í Lemgo og Magdeburg orðið óþægilega lítið. Ef við vinnum getum við endað í fyrsta sætinu um áramótin en þetta er síðasti leikur Kiel fyrir áramót. Við eigum hins vegar leik gegn Minden eftir og með sigri okkar verður baráttan um meistaratitilinn alveg galopin,“ sagði Guðjón, sem er markahæsti leikmaður þýsku deildarinnar með 131 mark í sextán leikjum.

„Ég var fljótari að komast inn í liðið og ná að stilla strengi við nýja liðsfélaga en ég átti von á. Liðinu hefur gengið vel en hefur enn ekki afrekað neitt, við erum enn í öðru sætinu. Yfirlýst markmið okkar er að enda í einu af þremur efstu sætunum og komast í Meistaradeildina en að sjálfsögðu stefnum við eins hátt og hægt er,“ sagði Guðjón.

## > Snorri Steinn meiddur

Landsliðsmaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson á við meiðsli að stríða í öxl og lék af þeim sökum ekki með liði sínu Minden gegn Magdeburg í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Snorri meiddist nýlega á æfingu en hafði hugsað sér að taka þátt í leiknum í gær. Hann gat hins vegar lítið beitt sér í upphitun og því lítið vit fyrir hann í að reyna að taka þátt í leiknum sjálfum. Minden tapaði leiknum 31-27 en Sigfús Sigurðsson skoraði þrjú mörk fyrir Magdeburg og Arnór Atlason eitt. Þá skoraði Einar Hólmgeirsson níu mörk og Alexander Peterson sjö þegar Grosswallstadt vann Lemgo 32-27. Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði tvö mörk fyrir Lemgo.





**HELDUR ÁFRAM** Sir Alex ætlar að halda áfram hjá United.

Sir Alex Ferguson:

## Er ekki að fara að hætta

**FÓTBOLTI** „Þrátt fyrir að ýmsir haldi því fram að tími minn á Old Trafford sé liðinn er ég ekki á leiðinni að hætta, ég er ákveðinn í að halda áfram,“ segir Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United. Sögur hafa verið í gangi um að hann hyggist hætta eftir tímabilið en United féll út úr Meistaradeildinni eftir riðlakeppnina og er langt á eftir Chelsea í ensku úrvalsdeildinni. Hann hefur nú blásið á þær sögusagnir.

„Ég mun halda áfram þar til liðið er komið á rétta braut. Það verður ekki auðvelt þar sem enska deildin er sterkari en áður. Ég er að endurbyggja liðið og hlakka mikið til næsta árs því merki eru á lofti um að við verðum betri en við höfum verið í langan tíma,“ sagði Ferguson. - egm

# Göppingen átti að láta HSÍ vita

**Jaliesky Garcia segist ætla að gera allt sem í sínu valdi standi til að vera með á EM í Sviss þrátt fyrir að hafa farið í aðgerð á fimmtudaginn. Hann segir að Göppingen hefði átt að láta HSÍ vita af aðgerðinni.**

**HANDBOLTI** Jaliesky Garcia, einn helsta skytta íslenska landsliðsins í handbolta, segir allar líkur á því að hann muni koma til móts við félaga sína í landsliðinu hér á landi í byrjun árs og reyna að taka þátt í undirbúningi liðsins fyrir EM í Sviss sem hefst í lok janúar. Hann segir að forráðamenn Göppingen hafi brugðist sér þegar þeir létu kollega sína hjá HSÍ ekki vita af aðgerðinni sem hann fór í á fimmtudaginn, en landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson fékk að heyra af aðgerð Garcia í fjölmiðlum á Þorláksmessu.

„Fyrirvarinn var mjög lítill og auk þess þurfti ég einnig að vera á sjúkrahúsinu daginn fyrir aðgerðina. Ég bað stjórnendur Göppingen að hafa samband til Íslands og láta vita hvernig staðan hjá mér væri en svo frétti ég síðar að þeir gerðu það ekki,“ sagði Garcia við Fréttablaðið í gær.

„Ég er búinn að tala við Einar (Þorvarðarson, framkvæmdastjóra HSÍ) og ég veit að menn eru ekki ánægðir með þetta en það er lítið sem ég gat gert. Forráðamenn Göppingen áttu að láta vita en gerðu það ekki og ég er miður mín vegna þess,“ sagði Garcia.

Garcia segir að læknar ytra búist við því að það taki hann fjórar vikur að ná sér en að hann sé vongóður um að bati sinn verði hraðari en svo. „Ég ætla að gera allt sem ég get til að spila með Íslandi á EM. Ég vona og trúi því að ég verði orðinn góður í tánni áður en mótið hefst,“ segir Garcia og bætir því við að forráðamenn Göppingen muni ekki setja fótinn fyrir þáttöku hans á EM, en lengi hefur verið stirt á milli Göppingen og HSÍ.

„Þjálfarinn minn spurði mig hvort ég vildi fara á EM. Ég sagði já og þá sagðist hann ætla að hjálpa mér að láta það takast.“

Sex vikur eru liðnar síðan Garcia tábrotnaði en þrátt fyrir meiðslin spilaði hann ávallt fyrir Göppingen. Forráðamenn HSÍ og Viggó vilja meina að augljóst sé að Göppingen hafi gripið tækifærið og látið Garcia fara í aðgerð vegna pásunnar sem fram undan er í öllum keppnum Evrópu vegna EM í Sviss en sjálfur segir Garcia að hann hafi átt kost á öðru.

„Ég varð að láta laga tána. Ég hef spilað sárþjáður í margar vikur og ég hefði ekki getað spilað á EM í þessu ástandi,“ segir Garcia og bætir því við að hann sé strax orðinn mun betri.

„Mér líður miklu betur í tánni núna og svo virðist sem að aðgerðin hafi gengið fullkomnlega upp. Nú vona ég bara að batinn verði jafngóður og ég geti spilað af fullum krafti í Sviss,“ sagði Jaliesky Garcia að lokum.

vignir@frettabladid.is



**JALIESKY GARCIA** Hefur ekki gefið upp vonina um að spila með íslenska landsliðinu á EM í Sviss.


**Heimiliskerrur**



Létt og meðfærileg kerra með sturtum, opnanlegum gafli og ljósabúnaði.

Mál:

| | |
|---|---|
| Heildarlengd | 3,45 mtr. |
| Lengd á palli | 2,50 mtr. |
| Breidd á palli | 1,25 mtr. |
| Hæð frá jörð upp í pall | 0,53 mtr. |
| Hæð á skjólborðum | 0,50 mtr. |

Verð aðeins kr. 80.000- án vsk (kr. 99,600- m/vsk)

VÉLAVER HF

Krókhálsi 16 • Reykjavík • sími 588 2600 • www.velaver.is


Hlustendur breska ríkisútvarpsins:

## Brasilía 1970 er best

**FÓTBOLTI** Brasilíska landsliðið sem varð heimsmeistari í knattspyrnu 1970 er besta lið allra tíma samkvæmt könnun sem breska ríkisútvarpið stóð fyrir en niðurstöður voru kynntar nú um jólin.

Pele kom, sá og sigraði í heimsmeistarakeppninni sem haldin var í Mexíkó en hann var þá 29 ára gamall. Lið Liverpool sem varð Evrópumeistari 1977, 1978 og 1981 hafnaði í öðru sæti í könnunni. Bob Paisley var knattspyrnustjóri liðsins og undir hans stjórn léku snillingar eins og Kevin Keegan, Kenny Dalglish og Emlyn Hughes.

Fimmfalt Evrópumeistaralið Real Madrid á árunum 1956-60 var í þriðja sæti á undan enska landsliðinu sem hampaði heimsmeistaratitilinum 1966. Lið Manchester United sem vann þrennuna ógleymanlegu 1999 var í sjötta sætinu. Enska ruðningsliðið frá 2003 varð í sjöunda sæti og efst af þeim liðum sem ekki eru fótboltalið.

Brasilíska landsliðið sýndi sambatakta af allra bestu gerð frá upphafi heimsmeistarakeppninnar 1970 til loka hennar en það vann alla sína leiki og er það í eina skipti sem Brasilía hefur farið í gegnum heila heimsmeistarakeppni með því að gera það. Tékkóslóvakar voru sigraðir 4-1 í fyrsta leiknum og takturinn var kominn af stað, í úrslitaleiknum unnu Brasilíumenn einnig 4-1 en þá var Ítalía auðveld bráð. Brasilíumenn léku sér að Ítölum með Pele, Jairzinho, Rivelino, Gérson og Tostao á fullri ferð. Þá spilaði fyrirliðinn Carlos Alberto stórt hlutverk í liðinu og lyfti bikarnum í mótslok sem Brasilía vann til eignar þar sem þetta var í þriðja sinn sem þjóðin varð heimsmeistari. Þetta frábæra lið er talið það besta í sögunni. - egm

**BESTU LIÐ ALLRA TÍMA HJÁ BBC**

1. Brasilía 1970
2. Liverpool 1977-81
3. Real Madrid 1956-60
4. Heimsmeistaralið Englands 1966
5. Evrópumeistarar Celtic 1967
6. Manchester United 1999
7. Ruðningslið Englands 2003
8. Arsenal 2003-04
9. Krikketlið Ástralíu 1995-2005
10. Krikketlið Englands 2005



**PELE BESTUR** Pele skoraði og lagði upp ófá mörk á HM 1970. GETTY IMAGES



**CICINHO** Úr leik Sao Paulo gegn Liverpool.

Samkeppni í bakverðinum:

## Cicinho til Real Madrid

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn spænska liðsins Real Madrid fengu í jólagjöf þetta árið fréttir þess efnis að félagið hefði gengið frá kaupum á brasilíska landsliðsmanninum Cicinho. Kaupverðið er í kringum 300 milljónir íslenskra króna en þó Cicinho sé Brasilíumaður er hann með ítalskt vegabréf og telst því ekki vera útlendingur í spænsku deildinni.

Cicinho, sem er 25 ára, kemur frá liði Sao Paulo í Brasilíu en félagið varð meistari í heimalandinu og á dögunum heimsmeistari félagsliða með því að leggja Liverpool að velli í úrslitaleik. Hann er hugsaður sem framtíðarleikmaður í hægri bakverðinum hjá Real Madrid og þykir búa yfir leikstíl sem svipar mjög til þess sem Roberto Carlos, vinstri bakvörður Real, hefur tamið sér í gegnum árin. - egm

Útlit fyrir miklar breytingar 2007

# Toyota ætlar að fá Kimi Räikkönen



KIMI RÄIKKÖNEN Fagnar hér sigri sínum í Japan í ár.

**FORMÚLA 1** Toyota hefur mikinn áhuga á að fá hinn finnska Kimi Räikkönen til liðs við sig frá McLaren-Mercedes fyrir tímabilið 2007, samkvæmt þýska blaðinu Bild.

Räikkönen er 26 ára og hafnaði í öðru sæti í keppni ökumanna á þessu ári á eftir Fernando Alonso. Hann var kjörinn ökumaður ársins af Autosport, sem er útbreiddasta kappaksturstímarit heims. Toyota hefur höfuðstöðvar í Köln og á sér þann draum að hampa heimsmeistaratitlinum innan tíðar.

Räikkönen hefur fengið boð um fimm ára samning við Toyota en ökumannamarkaðurinn opnaðist upp á gátt í síðustu viku þegar Alonso tilkynnti að hann færi frá Renault til McLaren eftir næsta ár. Það þýðir að Räikkönen eða Juan Pablo Montoya þarf að víkja en Räikkönen hefur einnig verið orðaður við Ferrari.

Samningur Michael Schumacher við Ferrari rennur út eftir næsta ár eins og hjá Räikkönen og óvíst hvað þessi sjöfaldi heimsmeistari mun taka sér fyrir hendur. - egm



DENNIS WISE Er ávallt samur við sig.

George Burley ráðinn stjóri:

# Wise fór í fýlu

**FÓTBOLTI** Dennis Wise er farinn í fússi frá enska 1. deildarliðinu Southampton þar sem hann fékk ekki knattspyrnustjórastöðuna hjá félaginu. Wise, sem er þekktur fyrir að hafa stórt og mikið skap, hafði vonast eftir því að taka við af Harry Redknapp en George Burley var tekinn fram yfir og er Wise víst trítilóður yfir þeirri ákvörðun.

„Hann hefur brugðist illa við þessu og það sýnir að við tókum rétta ákvörðun með því að ráða hann ekki. Hann segist hafa verið lofað starfið en það er ekki satt. Við ræddum við Dennis en hann sat við sama borð og fjölmargir aðrir umsækjendur,“ sagði stjórnarformaðurinn Rupert Lowe.

„Ég spurði hann hvort hann ætlaði að halda áfram sem leikmaður þó hann fengi ekki starfið og svaraði hann því játandi, svo lengi sem nýr knattspyrnustjóri teldi sig hafa not fyrir hann,“ sagði Lowe en Southampton er um miðja 1. deildina. - egm

Wenger að stækka hópinn:

# Ne til Arsenal?

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Marco Ne mun líklega bætast í leikmannahóp Arsenal á nýju ári en hann er nú í herbúðum Beveren í Belgíu. Tengslin milli Arsenal og Beveren eru mjög sterk en síðarnefnda liðið er nokkurs konar uppeldisstöð fyrir það fyrrnefnda. Fjölmiðlar á Belgíu segja að Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, telji að nú sé rétti tíminn fyrir Ne að halda á Highbury.

Ne er 22 ára gamall en hann æfði með Arsenal síðasta sumar ásamt Emanuel Eboue. Wenger taldi þá mikilvægara að fá hægri bakvörðinn Eboue en nú er útlit fyrir að Ne fái einnig sitt tækifæri eftir að hafa spilað vel fyrir Beveren á tímabilinu. - egm





Skrifstofuvörutilboð

198 kr.



Mopak ljósritunarpappír
500 blöð í búnti

329 kr.



Gatari 2ja gata með kvarða

138 kr.



Bréfbindi A4 8cm kjölur

Skrifstofuvörur á tilboði



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Kangoo
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

Hagkvæmari rekstrareining

RENAULT Kangoo express, einir vinsælustu atvinnubílar sl. 7 ára



Kangoo Express – 6 dyra – 75 hestöfl – beinskiptur.

Kr.1.140.562 kr. án VSK.

Kr. 17.577

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

* Fjármögnunarleiga á Kangoo Express, 1200, 6 dyra, beinksiptur m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
Með allt á einum stað

B&L atvinnubílar • Grjótháls 1 • Sími 575 1200 • Söluráðgjafar 575 1224/25 • www.bl.is



**NEMANJA VIDIC** Mun líklega taka sæti í miðri vörn Manchester United.

Nemanja Vidic á Old Trafford:

## Serbi í vörnina hjá Man. Utd.

**FÓTBOLTI** Manchester United er að ganga frá kaupum á varnarmanninum Nemanja Vidic, sem er landsliðsmaður Serbíu og Svartfjallalands. Vidic er 24 ára og varð mjög eftirsóttur þegar hann tilkynnti að hann vildi yfirgefa herbúðir Spartak Moskvu en hann kom til félagsins í fyrrasumar frá Rauðu stjörnunni í Belgrad. Þá var Vidic hluti af frægri vörn Serbíu og Svartfjallalands sem aðeins fékk á sig eitt mark í sínum riðli í undankeppni HM.

„Það verður frábært að fá Vidic til okkar, hann er snöggur og kraftmikill og þar að auki á besta aldri," sagði Sir Alex Ferguson, sem hyggst líklega nota leikmanninn við hlið Rio Ferdinand í hjarta varnarinnar en þar hefur Mickael Silvestre verið frekar óstöðugur upp á síðkastið. Kaupverð er talið vera um sjö milljónir punda en auk United var Vidic á óskalista Liverpool og ítalska liðsins Fiorentina. - egm

# Mun Eiður Smári halda nafnbótinni?

Tilkynnt hefur verið hvaða íþróttamenn höfnuðu í tíu efstu sætunum í vali íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins. Eins og við var að búast á Eiður Smári Guðjohnsen möguleika á að halda nafnbótinni.

**AFREKSFÓLK** Átta af þeim tíu íþróttamönnum sem koma til greina sem íþróttamaður ársins 2005 koma úr stóru boltagreinunum þremur, fótbolta, handbolta og körfubolta, en aðeins tveir íþróttamenn á lista tíu efstu manna keppa í sinni grein sem einstaklingar, þau Jakob Jóhann Sveinsson í sundi og Ólöf María Jónsdóttir í golfi. Fimm knattspyrnumenn er að finna í hópi tíu efstu manna, þar á meðal sigurvegarann frá því í fyrra, Eið Smára Guðjohnsen, og systurnar Ásthildur og Þóru Björg Helgadætur.

Eiður Smári er af flestum talinn sigurstranglegastur í kjörinu í ár, en þetta er í 50. sinn sem samtök íþróttafréttamanna standa fyrir kjörinu á íþróttamanni ársins. Eiður Smári varð á árinu fyrstur Íslendinga til að vinna enska meistaratitilinn í knattspyrnu auk þess sem lið hans Chelsea komst alla leið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu. Systurnar Ásthildur og Þóra áttu frábæra leiki með íslenska kvennalandsliðinu á árinu og kom Ásthildur gríðarlega sterk til leiks í sænsku úrvalsdeildinni eftir að hafa náð sér af krossbandssliti. Þóra átti stóran þátt í tvöföldum sigri Breiðabliks í kvennaknattspyrnunni hér heima í ár og nú rétt fyrir jól náði hún þeim áfanga að vera valin í landsliðið í handbolta. Þá eru landsliðsmennirnir Hermann Hreiðarsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson á listanum en báðir stóðu þeir sig mjög vel með félagsliðum sínum og varð Gunnar Heiðar meðal annars markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar.

Guðjón Valur Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson eru fulltrúar íslenska karlalandsliðsins á listanum en sá fyrrnefndi varð Evrópumeistari með liði sínu Essen á síðustu leiktíð á meðan Snorri Steinn var valinn í lið ársins í þýsku úrvalsdeildinni.

Athygli vekur að Róbert Gunnarsson, besti og markahæsti leikmaður dönsku úrvalsdeildarinnar í handbolta, kemst ekki á topp tíu listann. Það gerir heldur ekki stangarstökkvariunn Þórey Edda Elísdóttir, sem náði sér ekki almennilega á strik á árinu. Jón Arnór Stefánsson er eini körfuboltamaðurinn sem kemst á listann en hann varð Evrópumeistari með liði sínu Dynamo St. Petersburg og varð aukinheldur eini N-Evrópubúinn sem valinn var í úrvalslið keppninnar.

Eins og áður segir eru Jakob Jóhann og Ólöf María einu einstaklingsíþróttamennirnir sem komast í hóp tíu efstu manna en Jakob Jóhann setti fjölda íslandsmeta á árinu og stóð sig ágætlega á HM og EM en Ólöf María Jónsdóttir tók þátt í evrópsku mótaröðinni í fyrsta skipti og komst sex sinnum í gegnum niðurskurð. - vig

**TÍU EFSTU Í KJÖRINU**

| | |
|---|---|
| Ásthildur Helgadóttir | Fótbolti |
| Eiður Smári Guðjohnsen | Fótbolti |
| Guðjón Valur Sigurðsson | Handbolti |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson | Fótbolti |
| Hermann Hreiðarsson | Fótbolti |
| Jakob Jóhann Sveinsson | Sund |
| Jón Arnór Stefánsson | Körfubolti |
| Ólöf María Jónsdóttir | Golf |
| Snorri Steinn Guðjónsson | Handbolti |
| Þóra Helgadóttir | Fótbolti |



**AFREKSMAÐUR ÁRSINS?** Eiður Smári Guðjohnsen var nýlega valinn knattspyrnumaður ársins af KSÍ. Hann þykir líklegastur til að verða valinn íþróttamaður ársins.



**Í FYRRA** Eiginkona Eiðs Smára, Ragnhildur Sveinsdóttir, tók við styttunni glæsilegu í fyrra þar sem Eiður Smári átti ekki heimangengt vegna anna með liði sínu Chelsea.






**DI STEFANO ÁSAMT BECKHAM** Hér má sjá Alfredo di Stefano ásamt David Beckham þegar sá síðarnefndi var keyptur til félagsins.

Ein mesta hetja Real fékk hjartaáfall á aðfangadag:

## Goðsögnin Alfredo Di Stefano á lítið eftir

**FÓTBOLTI** Alfredo Di Stefano er berst nú fyrir lífi sínu eftir að hafa fengið hjartaáfall á aðfangadagsmorgun, 79 ára að aldri. Hann var fluttur til Valencia til að gangast undir hjartaþræðingu en ástand hans er mjög alvarlegt.

Di Stefano er goðsögn í augum stuðningsmanna Real Madrid eftir að hafa aðstoðað liðið við að vinn fimm Evrópubikara og átta deildarmeistaratitla, en hann fékk tvívegis titilinn knattspyrnumaður ársins í Evrópu.

Di Stefano fæddist í Argentínu og hóf feril sinn með stórliði River Plate í heimalandinu 1945. Þaðan hélt hann til Kólumbíu og lék með Millionarios þar sem honum tókst að vinna til fimm deildarmeistaratitla og skoraði 267 mörk í 292 leikjum. Spænsku stórliðin Barcelona og Real Madrid börðust um að fá leikmanninn en síðarnefnda liðið hafði á endanum vinninginn eftir hatramma baráttu 1953. Hann lék lykilhlutverk fyrir liðið sem vann fimm Evrópubikara í röð frá 1956.

Di Stefano skoraði í öllum úrslitaleikjunum og þar á meðal þrennu í ótrúlegum 7-3 sigri á Eintracht Frankfurt í leik sem háður var á Hampden Park 1960. Hann skoraði 49 mörk í 58 Evrópuleikjum sem var met þar til fyrir skömmu þegar Raul bætti það. Árin 1957 og 1949 var hann kjörinn knattspyrnumaður ársins í Evrópu.

Árið 1964 yfirgaf Di Stefano herbúðir Real Madrid vegna deilna við Santiago Bernabeu, þáverandi forseta félagsins. Hann gekk til liðs við Espanyol en lagði síðan skóna á hilluna þremur árum síðar og sneri sér að þjálfun. Hann stýrði Boca Juniors og River Plate til meistaratitils í Argentínu og fór svo að þjálfa á Spáni, gerði Valencia að spænskum meisturum 1971 og níu árum síðar vann hann Evrópukeppni bikarhafa með félaginu með því að leggja Arsenal að velli í úrslitaleik.

Hann kom aftur til Real Madrid og þjálfaði liðið 1982 til 1984 en kom því ekki ofar en í annað sæti. Árið 2000 var hann gerður að heiðursforseta félagsins. - egm

mazda



Mazda6 MPS
Verð 3.390.000 kr.

# Við erum Mazda

Í 80 ár hefur Mazda framleitt bíla. Japönsk nákvæmni, auðmýkt og virðing fyrir mannfólkinu og umhverfi þess hefur leitt hönnun og framleiðslu Mazda frá upphafi. Þarfir viðskiptavina Mazda liggja til grundvallar hönnun Mazda. Engin málamiðlun er leyfð í þeim efnum. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og betra öryggi. Ný sköpun verður til. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Við erum Mazda.



Mazda2
Væntanlegur



Mazda3
Verð frá 1.690.000 kr.

**Við erum Mazda á Íslandi.**
Mazda er á öruggum stað. Brimborg er nú eini viðurkenndi söluaðili Mazda á Íslandi. Við byggjum upp orðspor þjónustu Mazda á Íslandi. Þessa stundina erum við að byggja nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda sem verður tilbúinn innan tíðar auk varahlutaverslunar, hraðþjónustu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Spáðu í Mazda.



Mazda5
Verð 2.190.000 kr.



Mazda6
Verð frá 2.190.000 kr.

**Við seljum Mazda nú þegar.**
Þér er velkomið að heimsækja okkur í Brimborg, Bíldshöfða 6, þrátt fyrir að sýningarsalurinn er ekki tilbúinn. Vegna fjölda fyrirspurna seljum við Mazda fyrr en áætlað var. Til að sinna eftirspurninni hafa starfsmenn Mazda komið sér fyrir í húsakynnum Brimborgar við Bíldshöfða 6, annarri hæð. Komdu. Vertu Mazda.



Mazda MX-5
Væntanlegur

**Veldu annan stíl. Vertu Mazda.**
Brimborg mun bjóða upp á fjölbreyttara úrval af Mazda. Samkeppnin er hafin. Annar stíll í boði. Bílar eins og Mazda2, Mazda3, Mazda5, Mazda6, Mazda MX-5 og Mazda RX-8 eru í boði fyrir nútímafólk sem vill annan japanskan stíl. Og örugga þjónustu. Við leggjum sérstaka áherslu á aukinn staðalbúnað á mjög hagstæðu verði. Nýttu þér kynningartilboðin. Spurðu um greiðslukjörin. Fáðu þér Mazda.

***Vertu Mazda.***
***Mazda er á öruggum stað.***
***Komdu í Brimborg.***



Mazda RX-8
Verð 3.290.000 kr.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt japönsk gæði og gott umboð. Ætlar kannski að fá þér Toyota? Nú er annar kostur í boði. Veldu öruggan stað. Komdu í Brimborg. Skoðaðu Mazda.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
– skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.




**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

*Greitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.mazdabrimborg.is



**ÁNÆGÐUR OWEN** Michael Owen er hér ásamt samherja sínum, Peter Ramage.

Owen aftur til Liverpool:

## Shepherd æfur út í Benítez

**FÓTBOLTI** Freddy Shepherd, stjórnarformaður Newcastle United, er allt annað en sáttur við orð Rafael Benítez, stjóra Liverpool, sem sagði í viðtali rétt fyrir jól að Michael Owen gæti einhvern tímann snúið aftur til félagsins. Liverpool mistókst að kaupa Owen síðasta sumar frá Real Madrid þar sem félagið var ekki tilbúið að borga uppsett verð fyrir leikmanninn. Newcastle greip hins vegar tækifærið og keypti Owen til sín.

„Heldur Benítez virkilega að fólk sé svona heimskt og þekki ekki til málsins? Hann er að reyna að fá fólk til að trúa því að Liverpool hafi reynt allt sem félagið gat til að fá Owen. En það var Newcastle sem gerði allt til að fá Owen. Sjálfur er Michael mjög ánægður hjá okkur. Það er fáránlegt hjá Benítez að koma með þetta rétt áður en liðin tvö mætast,“ sagði Shepherd.

Michael Owen hefur játað því að Liverpool hafi verið sinn fyrsti kostur þegar hann fór frá Real í sumar. „Það voru fjórir hlutir sem komu í veg fyrir að við fengum Owen: Verðið, tímaramminn, ákvörðun hans og sú staðreynd að við vorum með góða framherja fyrir,“ sagði Benítez meðal annars í áðurnefndu viðtali. **- egm**

# Mark Heiðars ekki nóg

**Heiðar Helguson skoraði í gær sitt fyrsta úrvalsdeildarmark fyrir Fulham, sem dugði þó ekki til gegn Chelsea. Efstu lið úrvalsdeildarinnar unnu öll leiki sína.**

**FÓTBOLTI** Chelsea heldur sigurgöngu sinni áfram en liðið vann nauman 3-2 sigur á Fulham á heimavelli sínum í gær. Eftir að hafa komist tveimur mörkum yfir náði Fulham að jafna en það var Heiðar Helguson sem skoraði jöfnunarmarkið úr vítaspyrnu þegar tíu mínútur voru liðnar af seinni hálfleik. Heiðar var ofursvalur á vítapunktinum þegar hann skoraði sitt fyrsta mark í úrvalsdeildinni fyrir Fulham, hann var í byrjunarliðinu en var tekinn af velli þegar tuttugu mínútur voru eftir.

„Ég verð að hrósa Joe Cole sérstaklega, hann hefur leikið stórfenglega að undanförnu á vængjunum,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea. Hernan Crespo skoraði sigurmarkið á 74. mínútu. Eiður Smári Guðjohnsen byrjaði á varamannabekknum en kom inn á í hálfleik og var nálægt því að skora snemma í seinni hálfleiknum.



**TERRY OG HEIÐAR** Heiðar Helguson er vanur því að vera í baráttunni og er hér að kljást við John Terry, fyrirliða Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Chris Coleman, stjóri Fulham, var ánægður með frammistöðu sinna manna. „Á heildina litið spiluðum við frábærlega. Við hefðum vel getað náð stigi og það var augljóst að John Terry varði knöttinn með hendi undir lokin og þá hefðum við átt að fá tækifæri til að jafna 3-3 en það hefði komið mér á óvart ef dómarinn hefði þorað að dæma tvær vítaspyrnur á Chelsea í sama leiknum.“

Michael Owen lét ekkert að sér kveða með Newcastle á Anfield í gær þar sem Liverpool yfirspilaði gesti sína og vann öruggan 2-0 sigur en hann hefði vel getað orðið stærri. Steven Gerrard braut ísinn og það var síðan Peter Crouch sem skoraði sitt þriðja mark á tímabilinu þegar dómarinn dæmdi að knötturinn hefði farið allur inn fyrir línuna sem sennilega var rétt.

Tottenham heldur áfram baráttunni um meistaradeildarsæti en liðið vann 2-0 sigur á Birmingham í gær. „Það verður að viðurkennast að við lékum ekki nægilega vel í þessum leik en fengum þrjú stig og það er það sem skiptir máli,“ sagði Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham.

Alan Curbishley var ósáttur við Steve Bennett dómara þegar hans menn töpuðu 0-1 á heimavelli gegn Arsenal. „Hann býr nálægt Arsenal og það gæti verið ástæðan fyrir því hvað hann dæmdi illa. Ef hann er sáttur við sína frammistöðu þarf hann að endurskoða sín mál. Ég viðurkenni það þó fúslega að Arsenal spilaði betur en við og átti skilið að vinna,“ sagði Curbishley. Manchester United átti ekki í vandræðum með West Bromwich Albion og Wigan sýndi enn og aftur hvað býr í liðinu og vann 4-3 sigur á Manchester City. Bolton tókst ekki að leggja botnlið Sunderland. **elvar@frettabladid.is**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| CHARLTON - ARSENAL | 0-1 |

0-1 Jose Antonio Reyes (58.).

| | |
|---|---|
| CHELSEA - FULHAM | 3-2 |

1-0 William Gallas (3.), 2-0 Frank Lampard (24.), 2-1 Brian McBride (29.), 2-2 Heiðar Helguson (56.), 3-2 Hernan Crespo (74.).

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL - NEWCASTLE | 2-0 |

1-0 Steven Gerrard (14.), 2-0 Peter Crouch (43.).

| | |
|---|---|
| MAN. UTD. - WBA | 3-0 |

1-0 Paul Scholes (35.), 2-0 Rio Ferdinand (48.), 3-0 Ruud van Nistelrooy (63.).

| | |
|---|---|
| MIDDLESBROUGH - BLACKBURN | 0-2 |

0-1 Shefki Kuqi (38.), 0-2 Shefki Kuqi (79.).

| | |
|---|---|
| PORTSMOUTH - WEST HAM | 1-1 |

1-0 Gary O'Neil (17.), 1-1 James Collins (56.).

| | |
|---|---|
| TOTTENHAM - BIRMINGHAM | 2-0 |

1-0 Robbie Keane (58.), 2-0 Jermain Defoe (92.).

| | |
|---|---|
| WIGAN - MAN. CITY | 4-3 |

0-1 Antoine Sibierski (2.), 0-1 Antoine Sibierski (3.), 1-1 Jason Roberts (11.), 2-1 Lee McCulloch (23.), 3-1 Jason Roberts (45.), 4-1 Henri Camara (71.), 4-2 Joey Barton (77.), 4-3 Andy Cole (88.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **18** | **16** | **1** | **1** | **40-9** | **49** |
| MAN. UTD. | 17 | 11 | 4 | 2 | 31-14 | 37 |
| **TOTTENHAM** | **18** | **9** | **7** | **2** | **27-16** | **34** |
| LIVERPOOL | 15 | 9 | 4 | 2 | 20-8 | 31 |
| **BOLTON** | **16** | **9** | **3** | **4** | **22-14** | **30** |
| ARSENAL | 17 | 9 | 2 | 6 | 23-15 | 29 |
| **WIGAN** | **17** | **9** | **1** | **7** | **19-18** | **28** |
| MAN. CITY | 17 | 8 | 3 | 6 | 24-17 | 27 |
| **WEST HAM** | **17** | **7** | **4** | **6** | **25-22** | **25** |
| NEWCASTLE | 17 | 7 | 4 | 6 | 18-17 | 25 |
| **CHARLTON** | **17** | **7** | **1** | **9** | **21-27** | **22** |
| BLACKBURN | 17 | 6 | 3 | 8 | 19-24 | 21 |
| **M´BROUGH** | **17** | **5** | **5** | **7** | **23-26** | **20** |
| FULHAM | 18 | 5 | 4 | 9 | 20-25 | 19 |
| **ASTON VILLA** | **17** | **4** | **5** | **8** | **16-26** | **17** |
| EVERTON | 17 | 5 | 2 | 10 | 9-23 | 17 |
| **WBA** | **17** | **4** | **4** | **9** | **17-25** | **16** |
| PORTSMOUTH | 17 | 3 | 4 | 10 | 13-26 | 13 |
| **BIRMINGHAM** | **17** | **3** | **3** | **11** | **11-25** | **12** |
| SUNDERLAND | 17 | 1 | 2 | 14 | 14-35 | 5 |

*Enska meistaradeildin*

| | |
|---|---|
| BURNLEY - STOKE CITY | 1-0 |
| CARDIFF - PLYMOUTH | 0-2 |
| DERBY - LUTON | 1-1 |
| IPSWICH TOWN - CRYSTAL PALACE | 0-3 |
| LEEDS UNITED - COVENTRY | 3-1 |
| LEICESTER CITY - MILLWALL | 1-1 |

**Jóhannes Karl** Guðjónsson lék allan leikinn fyrirr Leicester og skoraði mark liðsins úr vítaspyrnu.

| | |
|---|---|
| SHEFFIELD UNITED - NORWICH | 1-3 |
| WATFORD - SOUTHAMPTON | 3-0 |
| WOLVES - READING | 0-2 |

**Ívar Ingimarsson** og Brynjar Björn Gunnarsson léku allan leikinn fyrir Reading.

ÚTSALA!

Á ÖLLUM JÓLAVÖRUM

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is




**FYRRUM FÉLAGAR** Kobe og Shaq horfðu varla í augun á hvor öðrum í öllum leiknum á jóladag.

NBA-deildin í fyrrinótt:

## Detroit vann toppslaginn

**KÖRFUBOLTI** Detroit bar sigurorð af meisturum San Antonio í viðureign liðanna á jóladag í NBA-deildinni. Þetta var fyrsti leikur liðanna frá því í slagnum um meistaratitilinn í sumar en skemmst er frá því að segja að Detroit hafði mikla yfirburði og sigraði 85-70. Liðið spilaði frábæra vörn á meistarana og náðu þeir aðeins að skora átta stig í öllum fyrsta leikhluta, sem er vafasamt met hjá félaginu. Chauncey Billups skoraði 20 stig fyrir Detroit og Ben Wallace tók 21 frákast.

Í hinum stórleik jóladagsins sigraði Miami LA Lakers á heimavelli, 97-92. Einvígi Kobe Bryant og Shaquille O´Neal fékk langmestu athyglina fyrir leikinn en það var hinn gamalreyndi Gary Payton sem stal senunni. Hann skoraði 21 stig og spilaði auk þess magnaða vörn í síðari hálfleik á Kobe, sem annars hafði farið á kostum í þeim fyrri og skorað þá 26 stig. - vig

Gummersbach að kaupa:

## Góð viðbót í hópinn

**HANDBOLTI** Forráðamenn þýska félagsins Gummersbach eru greinilega stórhuga og setja markið hátt en þeir hafa nú gert tveggja ára samninga við rússnesku skyttuna Denis Zacharov, sem kemur frá St. Pétursborg í janúar, og ungverska markvörðinn Nandor Fazekas, sem mun koma í vor frá Þóri Ólafssyni og félögum í Nettelstedt Lübbecke.

„Þessir leikmenn eru engir aukvisar. Zacharov æfði með okkur í fimm daga og leit vel út, hann er ungur og er skotföst skytta sem er góð viðbót. Svo er Fazekas landsliðsmarkvörður hjá Ungverjalandi og er öflugur. Mér líst ágætlega á þetta fyrir komandi ár,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson, leikmaður Gummersbach. - egm

Chelsea leitar að miðjumanni:

## Gonzalez til Chelsea?

**FÓTBOLTI** Lucho Gonzalez, leikmaður Porto, er á óskalista Englandsmeistara Chelsea og ætlar Jose Mourinho að reyna að krækja í þennan miðjumann í félagaskiptaglugganum í janúar. Michael Essien og Geremi fara að taka þátt í Afríkukeppni landsliða og Mourinho vill auka breiddina sem hann hefur á miðjunni. Hann hefur einnig mikinn áhuga á að ná í Maniche frá Dynamo Kiev. - egm

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

DESEMBER

24 25 26 **27** 28 29 30

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 18.05 **Þýski handboltinn** á Sýn. Bein útsending frá stórleik Gummersbach og Kiel.
- 19.35 **Kraftasport** á Sýn.
- 20.40 **Enski boltinn** á Sýn. Útsending frá úrslitaleik Liverpool og Chelsea í deildarbikarnum í fyrra.

Eiður Smári Guðjohnsen á sér persónulegt markmið með Chelsea:

# Ætlar að ná 100 mörkum

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen ætlar sér að spila nógu lengi fyrir Chelsea til að ná að skora hundrað mörk fyrir félagið en hann hefur gert rúmlega sextíu í bláa búningnum nú þegar. Það er þó ekki hægt að segja að hann hafi verið á skotskónum það sem af er þessu tímabili, hann hefur aðeins skorað eitt mark en hluti af ástæðunni fyrir því er að Jose Mourinho hefur látið hann leika á miðjunni.

„Það væri frábært að ná að skora hundrað mörk fyrir Chelsea. Það er erfitt að segja til um hvort ég nái því markmiði mínu, það getur allt gerst í heimi fótboltans. Fyrsta markið mitt á tímabilinu sem ég skoraði gegn Bolton skiptir mig miklu máli og vonandi eiga fleiri eftir að fylgja. Ég tel að það henti mér vel að leika á miðjunni en svo lengi sem ég er inni á vellinum er ég glaður,“ sagði Eiður, sem lítur ekki á sig sem hreinræktaðan markaskorara.

„Ég lít frekar á mig sem leikmann sem skorar frábær mörk en frábæran markaskorara. Ég veit að ég get enn bætt ýmislegt í leik mínum, meðal annars það að skora fleiri einföld mörk,“ sagði Eiður Smári, sem er 27 ára. - egm



**EIÐUR SMÁRI** Lítur frekar á sig sem leikmann sem skorar frábær mörk en frábæran markaskorara.

Grétar Rafn á tréverkinu:

## AZ tapaði og PSV á toppinn

**FÓTBOLTI** Grétar Rafn Steinsson og félagar í AZ Alkmaar féllu niður í annað sæti hollensku deildarinnar í gær með því að tapa 2-0 fyrir Feyenoord. Með sigrinum komst Feyenoord upp að hlið Alkmaar en PSV Eindhoven hefur hins vegar tekið þriggja stiga forystu með því að vinna NEC Nijmegen 1-0 í gær.

Patrick Paauwe skoraði fyrra mark Feyenoord og Jonathan de Guzman það seinna en bæði voru þau skoruð á fyrstu tíu mínútum leiksins. Grétar Rafn sat á varamannabekknum hjá Alkmaar en kom ekkert við sögu. - egm



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Oh, Eddie... If I woke up tomorrow with my head sewn to the carpet, I wouldn't be more surprised than I am now.“**

**Svar:**
Clark Griswold úr kvikmyndinni Christmas Vacation frá árinu 1989

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILDI ÓSKA ÞESS AÐ HANN VÆRI LÍTILL

# *Jólastundin með Afa stendur upp úr*

Jólin eru hátíð ljóss og friðar. Þau eru líka hátíð sjónvarpsgláps og leti. Margir setja tærnar upp í loftið, leggja höfuðið á uppáhaldspúðann sinn, láta áhyggjur heimsins hverfa og leyfa sér þann lúxus að slappa af. Það er mikið ábyrgðarstarf að stjórna sjónvarpsstöð um jólin. Það þarf að sinna öllum börnunum sem vilja teiknimyndir allan liðlangan daginn, unglingurinn þarf sínar hasarmyndir og foreldrarnir vilja horfa á jólatónleika og ástarmyndir.
Þegar ég var lítill var morgunstundin með Afa yfirleitt efst á óskalistanum. Þegar Örn Árnason kom á skjáinn með jólatréið fyrir aftan sig vissi ég að jólin voru að koma. Biðin eftir að heyra í klukkunum var nánast óbærileg en þetta vingjarnlega gamalmenni gat svo sannarlega stytt mér stundirnar. Hann og stóra skógjöfin sem beið mín úti í glugga.
Á hverjum aðfangadegi lá ég með sængina breidda yfir mér í svarta sófanum á Nönnustíg 7. Jólateiknimyndirnar dundu yfir mér. Þegar ég varð eldri var hins vegar fátt jafn gott og kvikmyndin Scrooged með Bill Murray. Þetta klassíska jólaævintýri í léttum Hollywood-búningi útskýrði á einfaldan hátt fyrir mér anda jólanna.



**AFI** Þegar Afi birtist á skjánum verður mér ljóst að jólin eru á næsta leiti.

Eftir því sem ég varð eldri tóku Chevy Chase og fjölskylda hans í Christmas Vacation völdin. Það var hefð fyrir því hjá RÚV að sýna myndina alltaf rétt fyrir miðnætti á Þorláksmessu. Í seinni tíð hef ég yfirleitt leigt hana á myndbandi, bara til öryggis.
Jólin í ár verða undirlögð af gæðakvikmyndum og reyktu kjöti, villibráðum og heimalöguðum ís. Vonandi tekst mér að finna Afa á myndbandi og get þá horft á hann í laumi þegar allir eru farnir að sofa.



▶ 20.55 *Kvikmyndir*
JÓLAMESSAN



▶ 20.30 *Raunveruleiki*
JACK OSBOURNE – ADRENALINE RUSH



▶ 21.00 *Raunveruleiki*
LAGUNA BEACH



▶ 21.45 *Drama*
JUDGING AMY



▶ 20.05 *Íþróttir*
KRAFTASPORT

### SJÓNVARPIÐ

**16.00** Ensku mörkin **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (18:25) **18.25** Tommi togvagn (10:26)

**18.30 Gló magnaða (31:52)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Veronica Mars (13:22)**
▶ **20.55 Jólamessan** Leikin íslensk sjónvarpsmynd sem gerist í samtímanum.
**21.25 Sprengingin í Seest** (Viden om: Eksplosionen i Seest) Í þættinum er fjallað um meðhöndlun á rakettum og flugeldum og varað við hættum af þeim.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Blóð og vín** (Blood and Wine) Spennumynd frá 1997 um auðugan vínkaupmann sem heldur framhjá konu sinni og vanrækir son sinn. Meðal leikenda er Jack Nicholson. Bönnuð börnum.

**0.00** Ensku mörkin **0.55** Kastljós **1.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Grey's Anatomy **11.05** Eldsnöggt með Jóa Fel **11.35** Alf **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.55** Í fínu formi 2005 **13.10** Fresh Prince of Bel Air **13.35** The Guardian **14.20** Það var lagið **15.10** Extreme Makeover – Home Edition **16.00** Töframaðurinn **16.20** Shin Chan **16.40** He Man **17.05** Ginger segir frá **17.30** Finnur og Fróði **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (9:22)** (Simpson-fjölskyldan 11)
**20.00 Strákarnir**
▶ **20.30 Jack Osbourne – Adrenaline Rush (2:3)** (Jack Osbourne – á útopnu) Glænýir þættir með Jack Osbourne, hinum ráðvillta syni Ozzy Osbourne. Jack hefur gengið í gegnum miklar og erfiðar raunir á unglingsárum sínum.
**21.15 Numbers (6:13)** (Tölur) Bönnuð börnum.
**22.00 Over There (9:13)** (Á vígaslóð)(Spoils of War) Bönnuð börnum.
**22.45 Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.

**23.35** Inspector Lynley Mysteries (B. börnum) **0.20** The Long Run **2.10** Shot in the Heart (B. börnum) **3.45** Twenty Four 3 **4.35** Twenty Four 3 **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Veggfóður** H
**20.00 Friends 5 (19:23)** (Vinir)
**20.30 Idol extra 2005/2006**
▶ **21.00 Laguna Beach (2:17)** Önnur serían um krakkana á Laguna Beach.
**21.30 Fabulous Life of (7:20)** (Fabulous Life of: Nelly)
**22.00 HEX (13:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Cassie er feimin ung stelpa sem uppgötvar einn daginn að hún hefur hættulega krafta sem hafa gengið í gegnum ætt hennar kynslóð eftir kynslóð.
**22.45 Fashion Television (9:34)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.

**23.10** Friends 5 (19:23) (e) **23.35** The Newlyweds (17:30) **0.00** Tru Calling (17:20)

### SKJÁREINN

**17.20** Cheers – 9. þáttaröð **17.45** 10th Kingdom (2/5) (e)

**19.25 Fasteignasjónvarpið (e)**
**19.30 The Grubbs (e)** Í Grubb-fjölskyldunni eru eintómir minnipokamenn, margar kynslóðir aftur í tímann.
**20.00 10th Kingdom (3/5)**
▶ **21.45 Judging Amy** Bandarískir þættir um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum. Þegar fimmtán ára stúlka í umsjá Maxine greinist HIV-jákvæð gerir Maxine allt til þess að hjálpa henni við að sætta sig við aðstæðurnar, hún kynnir hana fyrir Melindu sem er einnig smituð af veirunni.
**22.30 Sex and the City – 3. þáttaröð** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd fyrir lítið dagblað.

**23.00** Jay Leno **23.45** Dirty Harry **1.45** Cheers – 9. þáttaröð (e) **2.10** NÁTTHRAFNAR **2.10** Everybody Loves Raymond **2.35** Da Vinci's Inquest **3.20** Fasteignasjónvarpið (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**19.35 Kraftasport** (Sterkasti maður Íslands 2005) Allir helstu kraftajötnar landsins mættu til leiks en boðið var upp á hrikaleg átök.
▶ **20.05 Kraftasport** (Sterkasti maður Íslands 2005) Allir helstu kraftajötnar landsins mættu til leiks en boðið var upp á hrikaleg átök. Keppnisgreinar voru hefðbundnar en það er aðeins á færi heljarmenna að taka þátt í keppni sem þessari. Mótið var haldið dagana 16.-18. júní. Þetta er síðari hluti.
**20.40 Enski boltinn** (Liverpool – Chelsea) Útsending frá úrslitaleiknum í enska deildabikarnum. Leikurinn fór fram í febrúar 2005.

**0.15** X-Games 2005 **1.10** 2005 AVP Pro Beach Volleyball

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Sinbad: Legend of the Seven S **8.00** The School of Rock **10.00** Löggulíf **12.00** Possession **14.00** Sinbad: Legend of the Seven S **16.00** The School of Rock **18.00** Löggulíf **20.00 Possession** (Heltekin af ást) **22.00 Virginia's Run** (Hestastelpan) Hestar eru líf þeirra og yndi en þegar móðirin lætur lífið af slysförum bannar faðirinn 12 ára dóttur sinni að fara á hestbak. **0.00** Cheats (Bönnuð börnum) **2.00** Get Well Soon (Bönnuð börnum) **4.00** Virginia's Run

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** It's Good To Be **13.30** Fashion Police **14.00** 101 Most Shocking Moments in... **15.00** 101 Most Shocking Moments in... **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** E! Entertainment Specials **19.00** It's Good To Be **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** The Soup UK **22.30** Wild On Tara **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** The Soup UK **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**12.00** Portsmouth – West Ham frá 26.12 **14.00** Sunderland – Bolton frá 26.12 **16.00** Wigan – Man. City frá 26.12 **18.00** Þrumuskot
**19.00 Þrumuskot (e)**
**20.00 Aston Villa – Everton frá** Leikur frá því í gær.
**22.00 Liverpool – Newcastle frá 26.12** Leikur frá því í gær.
**0.00** Charlton – Arsenal frá 26.12 **2.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Jólamessan RÚV **kl. 20.55**

### *Íslensk leikin sjónvarpsmynd*



*Árni Tryggvason leikur aldraðan prest.*

Jólamessan er leikin íslensk sjónvarpsmynd sem gerist í samtíma okkar. Í henni leikur Árni Tryggvason aldraðan prest í smábæ. Klerkur sem á skammt eftir ólifað þegar hann heldur sína síðustu jólamessu vill gera bæjarbúum hana eftirminnilega. Í öðrum hlutverkum eru þau Hinrik Ólafsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Halldór Páll Eydal. Um kvikmyndatöku sá Guðmundur Bjartmarsson, Íris Sveinsdóttir klippti myndina og handritið er eftir Lýð Árnason sem leikstýrði ásamt Jóakim H. Reynissyni.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Í barndómi **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útvarpið hringir inn jólin **16.13** Tónlist á síðdegi **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.35** Drýgstur er styrkur stráa **21.25** Þá hjala bjöllur er syngur í glösum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Jólalög frá Evrópu Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **7.30** Fréttayfirlit **9.03** Brot úr degi

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jóla hvað.... **20.30** Jóla hvað.... **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10** *Fréttir*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás** Í þessum sérstaklega gerða jólaþætti af Kompási heimsækir ritstjóri þáttanna, Jóhannes Kr. Kristjánsson, Litla-Hraun og upplifir þar 30 stundir. Hann býr þar eins og óbreyttur fangi og ræðir við fanga um aðstæður þeirra og vistina á Hrauninu og margt fleira.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir**
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**13.00** Football: UEFA Champions League the Game **14.30** Football: FIFA Confederations Cup Germany **16.00** Ski Jumping: World Cup Harrachov **17.15** Ski Jumping: World Cup Engelberg **18.30** All sports: WATTS **19.30** Boxing **20.00** Boxing **22.00** Sumo: Kyushu Basho Japan **23.00** Xtreme Sports: LG Action Sports

**BBC PRIME**

**12.00** Next of Kin **12.30** Keeping up Appearances **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Jeopardy **16.00** Animal Hospital – The Big Story **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Top Gear Xtra **20.00** The Lost Prince **21.30** The League of Gentlemen **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Hitch: Alfred the Great **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Lab Rats

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Extraterrestrial **13.00** Planets from Hell **14.00** Killers in Space **15.00** Final Frontier **16.00** Extraterrestrial **17.00** Extraterrestrial **18.00** Air Crash Investigation **19.00** Air Crash Investigation **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Air Crash Investigation **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Up Close and Dangerous **15.00** Up Close and Dangerous **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Up Close and Dangerous **21.00** Up Close and Dangerous **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Growing Up... **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.05** Secret Life of the Family **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Mega-Wars **17.00** Dream Machines **17.30** Dream Machines **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Science of Star Wars **21.00** Science of Star Wars **22.00** Science of Star Wars **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Air Wars

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** The Fabulous Life of... **0.00** VH1 Hits



NÝTT

Kaffilituð spónlögð eik

veggeining 199.000 stgr
sófasett 3+2+1 169.000 stgr
sófaborð 49.000 stgr
barborð 19.900 stgr

KOMDU Á ÓVART

Stækkanlegu borðstofuborðin komin aftur
Nýkomið mikið úrval af sófum og sófasettum

fyrir þá sem versla fyrir 100.000 eða meira
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
fram að jólum

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-18 sunnudaga 13-18

mira art HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300
WWW.MIRAART.IS

KORTER.IS












Borð m/stækkun

L220 B110 H 76 79.900 stgr
L200 B100 H 76 69.900 stgr
L180 B 90 H 76 64.900 stgr
L160 B 90 H 76 59.900 stgr

Stóll m/leðuráferð 11.900 stgr



## HRÓSIÐ...

*Fær bandaríski leikarinn Kiefer Sutherland fyrir að flytja inn hljómsveitina Rocco and the Burden og heiðra okkur Íslendinga með nærveru sinni öðru sinni.*

## SÉRFRÆÐINGURINN ÖRN ÁRNASON

# Terturnar eru fjölfreta

Örn Árnason leikari hefur löngum verið mikill sprengjusérfræðingur og það er því viðeigandi að hann sé sérfræðingur vikunnar hjá okkur. „Ég hef verið mikill áhugamaður um flugelda hreinlega frá því að ég man eftir mér. Maður viðurkennir nú að hafa aðeins fiktað við að búa til heimatilbúna flugelda þegar maður var yngri en maður er þó heill í dag. Áhuginn hefur ekkert minnkað eftir að maður náði fullorðinsárum. Mér finnst þetta bara svo frábær uppfinning.“ Örn segist versla fyrir um það bil 100.000 kr. um hver áramót. „Ég flyt reyndar inn mína eigin flugelda og sel þá. Ég er með fyrirtæki og útsölustað. Ég sel þetta þar sem það er auðvitað ekki heimilt að flytja flugelda inn til einkanota. Síðan kaupir maður auðvitað af sjálfum sér,“ segir Örn og hlær. „Ég er með heimasíðu sem ber það skemmtilega heiti Bomba.is. Við erum uppi á Höfða. Við erum auðvitað ekki með jafn fjölbreytt úrval og hjálparsveitirnar en við erum með nokkuð gott úrval af tertum. Ég er ekki í neinni öflugri samkeppni við þær um gróða en ég flyt inn vörur sem mér finnst spennandi og leyfi öðrum að njóta þess með mér.“

Örn segist fá mest af sínum vörum frá Kína. „Það er nú eitthvað framleitt í Svíþjóð og víða á meginlandi Evrópu en mest af því sem ég kaupi er frá Kína. Þessa verksmiðjur í Kínaveldi eru margar hverjar mjög misjafnar að gæðum þannig að maður þarf að prófa nýja vöru til hins ýtrasta áður en maður getur selt hana. Núna er ég einmitt að prófa vörur frá nýjum framleiðanda.“

Aðspurður um skemmtilegustu bomburnar segir Örn að það séu án efa stóru terturnar. „Þær eru margar hverjar fjölfreta og ákveðinn breytileiki í þeim. Þannig bjóða þær upp á meira en einungis einn stóran hvell. Raketturnar eru á ákveðnu undanhaldi og hafa verið undanfarin ár.“



Þegar Örn er spurður hvort fjölskyldan sé jafnáhugasöm um þetta og hann segir hann að það sé misjafnt. „ Ég verð nú að segja að ég ber uppi áhugann hjá hinum fjölskyldumeðlimum varðandi flugeldana. Þetta eru nú bara nokkrir dagar á ári sem má stunda þetta þannig að þau geta nú varla kvartað,“ segir Örn í léttum dúr. „Ég reiknaði það nú einhvern tímann út að það er ódýrara að hætta að reykja og nota áfengi og skjóta þessu frekar bara upp á einu kvöldi í staðinn,“ segir Örn að lokum og hlær.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** **2** gáski **6** skyldir **8** svif **9** af **11** einnig **12** vondur **14** unna **16** skóli **17** niður **18** for **20** guð **21** traðkaði.

**LÓÐRÉTT** **1** sjó **3** þverslá á siglutré **4** fugl **5** háttur **7** á hverju ári **10** fiskur **13** suss **15** megin **16** flík **19** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** ærsl, **6** aá, **8** áta, **9** frá, **11** og, **12** illur, **14** elska, **16** fg, **17** suð, **18** aur, **20** Ra, **21** tróð. **LÓÐRÉTT:** **1** hafi, **3** rá, **4** storkur, **5** lag, **7** árlegur, **10** áll, **13** uss, **15** aðal, **16** fat, **19** ró.

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Lottó

Vinningstölur laugardaginn 24.12.2005

11 13 19 24 28

Bónus tala 20

Jókertölur vikunnar

Jóker 5 3 1 7 7

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 21.12.2005

Aðaltölur
6 13 15 20 30 35

Bónustölur 2 17
Ofurtala 13

Jókertölur vikunnar
7 4 8 4 7

Birt með fyrirvara um prentvillur



TARANTINO Hefur valið þrjár sígildar kung fu-myndir sem hann ætlar að sýna 30. desember. Í hvaða röð þær eru sýndar skiptir hann ekki síður miklu máli. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## BÍÓPARTÍ TARANTINO: KUNG FU-HÁTÍÐ Í HÁSKÓLABÍÓI

# Röð kvikmyndanna skiptir miklu máli

Það verður kung fu-hátíð sem leikstjórinn Quentin Tarantino býður upp á 30. desember í Háskólabíói. Leikstjórinn er þekktur aðdáandi þessara mynda og eru þær fyrirmyndirnar að Kill Bill-myndunum tveimur sem slógu eftirminnilega í gegn á sínum tíma. Í þeim nýtti Tarantino allt það besta sem kung fu-menningin hefur upp á að bjóða en kung fu-myndirnar eiga sér sinn sess í kvikmyndasögunni.

Um er að ræða þrjár klassískar myndir sem allar eru „döbbaðar“ en það þýðir að búið er að tala á ensku yfir myndirnar. Filmurnar eru komnar til landsins og hafa verið prófaðar í Háskólabíói og þeir sem eru svo heppnir að hafa séð myndirnar segja „döbbið“ hafa gefið myndunum enn skemmtilegra yfirbragð.

Að sögn Ísleifs B. Þórhallssonar, framkvæmdastjóra IFF, hefur Tarantino ekki ákveðið í hvaða röð myndirnar verða sýndar og sem mun ekki tilkynna það fyrr en hann lendir á landinu en þetta skiptir leikstjórann miklu máli. Á stórhátíðum á borð við QT-hátíðinni í Austin liggur hann sveittur yfir röð mynda og röð kvölda enda lítur hann á sig sem „plötusnúð“. Það sé eins með kvikmyndir og danslög, þau verði að koma í sinni röð til að laða fram réttu stemninguna.

Myndirnar þrjár sem hafa verið tilkynntar eru Snake in Monkey‘s Shadow en það er Sum Cheung sem leikstýrir myndinni og er hún frá árinu 1979. Myndin er eitt af brautryðjendaverkum kung fu-menningarinnar. Jade Claw er einnig frá árinu 1979 en það er I-Jung Hua sem á heiðurinn af þeirri mynd. Segir hún frá ungum manni sem hyggst hefna föður síns en þarf að læra undirstöðuatriði hjá kennara hins látna föður en sá kann nokkur brögð sem aðeins eru á færi örfárra manna. Þriðja myndin er síðan Snakefest en hún er í leikstjórn Woo-ping Yuen. Aðalhlutverkið í þeirri mynd er leikið af engum öðrum en Jackie Chan en Snakefest er ein af hans fyrstu myndum. Chan leikur húsvörð í kung fu-skóla sem er stöðugt áreittur af nemendum skólans. Einn góðan veðurdag býðst kennari til að kenna honum grundvallaratriðin í bardagalistinni og þá verður ekki aftur snúið.

Það er þegar uppselt á þetta magnaða bíópartí Tarantino en það tók íslenska kvikmyndaáhugamenn einungis 29 mínútur að kaupa þá þúsund miða sem í boði voru. Tarantino ætlar að vera á staðnum allan tímann og halda stuttar tölur inni á milli og útskýra val sitt auk þess sem hann muna svara spurningum áhorfenda.

freyrgigja@frettabladid.is

STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
RISARÆKJUR

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Vala snýr aftur heim

„Hver vegur að heiman er vegurinn heim,“ sungu Mannakorn á sínum tíma og það má til sanns vegar færa hjá Völu Matt. Sjónvarpskonan góðkunna er komin aftur á Stöð 2, nú með þáttinn sinn Veggfóður, en þar hóf hún einmitt glæsilegan sjónvarpsferil sinn fyrir tuttugu árum. Eftir að Vala hætti með þáttinn Innlit/Útlit á Skjá einum fór hún yfir á sjónvarpsstöðina Sirkus og byrjaði þar með Veggfóður en nú fá áhorfendur Stöðvar 2 sem sagt sitt tækifæri til að fylgjast með því nýjasta í lífsstíl, hönnun og arkitektúr.

Vala var nýflogin til Los Angeles og sat þar í tuttugu stiga hita meðal stjarnanna í kvikmyndaborginni þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hún saknaði þó ekki íslenska kuldans enda sagði hún vetur konung vera smám saman á undanhaldi. „Þetta fer allt í hring en ég er hvergi nærri hætt því lífið mitt fer í svo marga hringi,“ sagði Vala og hló. Hún var í fremstu víglínu þegar undirbúningur Stöðvar 2 stóð sem hæst árið 1985 og var viðstödd hina sögufrægu útsendingu þegar hljóðið fór af í beinni útsendingu. „Ætli það verði ekki brandarinn í fyrsta þættinum, að senda út hljóðlaust Veggfóður,“ segir Vala og er augljóslega spennt fyrir því að ganga til liðs við sína gömlu stöð.

Einhverjar breytingar eru fyrirhugaðar á þættinum og mun Saga Film koma að framleiðslunni til að gera þættinum enn hærra undir höfði. Veggfóður verður í smá dvala fram að nýju ári en svo verður farið á fullt í upphafi næsta árs þó ekki sé komin dagsetning á fyrsta þáttinn.



VALA OG HÁLFDÁN Vala er komin aftur kunnuglegar slóðir með þáttinn sinn Veggfóður en hann verður framvegis á dagskrá Stöðvar 2 þar sem Vala hóf feril sinn fyrir tuttugu árum.

„Við erum í undirbúningsferli og að skoða nýjar hugmyndir,“ segir Vala og því er ekki útilokað að nýir liðir verði kynntir til leiks þegar Veggfóður fer aftur í loftið. Það verða þó ekki neinar mannabreytingar því Hálfdán Steindórsson mun áfram vera Völu innan handar.

- fgg

# Best fyrir: Áramótin

## Kauptu Dell Dimension fyrir áramót og þú færð vaxtalaust lán!




Nú er tækifærið til að eignast frábæra heimilistölvu á ótrúlegu verði og fá flugeldana í leiðinni! Við veitum vaxtalaust lán til 12 mánaða ef þú kaupir fyrir áramót. Þú færð frábæra tölvu, nýjustu örgjörva og íhluti og einstaklega vandaðan frágang. Veldu merki sem þú getur treyst og gefðu þér góðan tíma til að borga!



### Dell Dimension 1100

| |
|---|
| Intel Celeron D 325 2.53GHz/533Mhz FSB 256k |
| 256MB 400MHz DDR vinnsluminni |
| 80GB (7,200 rpm) IDE harður diskur |
| 48x DVD/CD+RW Combo geislaskrifari |
| 17" TFT flatskjár (Dell E173FP) |
| Intel Extreme 2 skjástýring |
| AC97, ADI 1980 hljóðkort |
| Íslenskt lyklaborð & Logitech ljósamús |
| XP Home, Microsoft Works og Dell Media Experience |
| 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð |

Tilboðsverð **79.900,-** m/vsk

**Verð á mánuði 6.871,-**
m.v. 12 mán. vaxtalaust lán



### Dell Dimension 5150

| |
|---|
| Intel Pentium 4 630 3.00GHz/2MB, 800MHz FSB & HT |
| 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni |
| 9-1 minniskortalesari (les öll algengustu minniskort) |
| 160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur |
| 16x DVD+RW Dual Layer geislaskrifari |
| 17" TFT flatskjár (Dell E173FP) |
| 128MB ATI Radeon X300 SE skjákort |
| Microsoft XP Home SP2 |
| Microsoft Works 7.0 |
| Dell Media Experience 3.0 Deluxe |
| 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð |

Tilboðsverð **119.900,-** m/vsk

**Verð á mánuði 10.304,-**
m.v. 12 mán. vaxtalaust lán

## Vaxtalaust lán og veglegur flugeldapakki í kaupbæti!

## Gleðilegt ár!

DELL™

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

Opið 9–18 alla virka daga og 10–16 á laugardögum í verslun EJS, Grensásvegi 10

Fíton/SÍA FI015658

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR
KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

## *Jólakort frá Syðri-Þrændalögum*

Erlendir farandverkamenn fylltu Leifsstöð rétt fyrir jól. Bros og breiðir faðmar - eftirvæntingin var augljós. Þeir voru að yfirgefa íslenskan óraunveruleika á stormasömu hálendi - á leið í fjölskyldufaðminn í Portúgal, Póllandi eða Kína. Lending í Noregi var mjúkleg fyrir flughrædda vesalinga. Snævi þaktar norskar sveitir biðu jólanna í rólegheitum. Allt var með kyrrð og spekt, stöku jólaljós hér og þar, engin marglit, aðeins hvítar seríur á stangli. Ofhlaðið jólaljósaflóð er svo mikið „Harry“ segja Norðmenn og hrista haus - of amerískt. Harry er með höfuðstöðvarnar á Íslandi, muldra gestir og sakna hans örlítið í laumi.

**TUTTUGU** og þriggja stiga frost í Lillehammer og bæjarbúar þeystu um með innkaupapoka á tréstólasleðum. Af hverju er mannskapurinn ekki á vélsleðum? Samkvæmt reglugerð er það hávaðamengandi og bannað í byggð og óbyggð með örfáum undanþágum. Vitiði af hverju Norðmenn eru svona rólegir? hvíslaði einhver í myrkrinu í bjálkakofa í Syðri-Þrændalögum. Það er vegna þess að þeir búa í timburhúsum - sofa í timburstafla.

**FRÉTTAFÍKILL** dreif sig snemma í búð til að ná í blaðið. Í bæjarblaðinu Opdalingen fögnuðu menn 350 fermetra bjálkahöll sem Rökke-sægreifarnir hyggjast reisa í Uppdalshæðum. Teikningar af bjálkahúsinu prýddu forsíðu. Á innsíðu sagði af ketti með hvítar loppur sem var lagstur út í útjaðri Oppdal. Íbúar nærliggjandi húsa báðu eigendur endilega að vitja kisa áður en hátíð gengi í garð. Aðrar fréttir voru þær að börn í Uppdalsskóla luku í tæka tíð sinni árlegu Bláálfagerð. Í Osló var sett Noregsmet í jólaverslun. Kjempefint, sögðu menn þar í bæ. Drullugott.

**ÞAÐ** kyngdi niður snjó í Þrændalögum á jóladag - sá ekki á milli húsa um tíma. Fjórtán íslenskir skíðakrakkar æfa stíft í Uppdalshlíðum ásamt slóvenskum þjálfara fjarri frónskum fjölskyldum. Þau fara á fætur fyrir sex, hlaupa, gera armbeygjur í snjónum, leggja brautir, hafa það stórfínt, troða í sig hangiketi og lefsum, upplifa norskt vetrarævintýri og senda jólakveðjur heim í öll sín hosíló. ■


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5067




SIGURVEGARINN

- Gullna stýrið (ein eftirsóttustu bílaverðlaun heims)
- Besti erlendi bíllinn í Þýskalandi (rúmlega 90 þúsund bíleigendur völdu Octavia úr hópi 372 bifreiðategunda)
- Útnefndur fallegasti bíll í heimi (af alþjóðlegri dómnefnd með aðsetur á Ítalíu sem í voru gagnrýnendur, arkitektar og listamenn)
- Fallegasti bíll ársins 2005 í Tékklandi
- National Design Award (Alþjóðleg hönnunarverðlaun)
- Auto 1 verðlaun fyrir bestu verkfræðihönnunina
- Fjölskyldubíll ársins í Bretlandi
- Bíll ársins í Tékklandi
- Bíll ársins í Búlgaríu
- Bíll ársins í Bosníu-Herzegóvínu
- Bíll ársins í Litháen
- Bíll ársins í Serbíu og Svartfjallalandi
- Bíll ársins í Úkraínu
- Bíll ársins í Finnlandi
- Bíll ársins í Bretlandi



**Skoda Octavia** er sannkölluð listasmíð og bera ótal verðlaun fagmanna og bíleigenda um alla Evrópu glöggt vitni um það. **1.000 nýir Skoda bílar hafa verið keyptir á Íslandi á árinu.**

Við óskum eigendum þeirra til hamingju, þeir hafa gert góð kaup. Ykkur hinum bjóðum við í reynsluakstur.

HEKLA®

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is